



Holtavörðuheildarlína 1 – Umhverfismatsskýrsla

Athugasemdir úr umsögnum um umhverfismatsskýrslu og viðbrögð Landsnets við þeim.

Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögn um umhverfismatsskýrslu Holtavörðuheildarlínu 1 frá eftirtöldum umsagnaraðilum:

1	Borgarbyggð
2	Húnaþing vestra
3	Hvalfjarðarsveit
4	Skorradalshreppur
5	Forsætisráðuneytið
6	Fiskistofa
7	Hafrannsóknastofnun
8	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
9	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
10	Land og Skógur
11	Minjastofnun
12	Náttúrufræðistofnun Íslands
13	Orkustofnun
14	Umhverfisstofnun
15	Vegagerðin

Minjastofnun og Orkustofnun sendu ekki umsögn um umhverfismatsskýrslu Holtavörðuheildarlínu 1.

Aðrir aðilar er sendu umsagnir um umhverfismatsskýrslu Holtavörðuheildarlínu 1 voru eftirfarandi:

1	Arnar Grétarsson
2	Guðrún J. Guðmundsdóttir, Jóhannes Guðjónsson, Efri-Hrepp, Gauti Jóhannesson, Efri-Hrepp 2
3	Guðjón Kjartansson og Agnes Guðmundsdóttir, Síðumúlaveggjum
4	Gunnar Jónsson, Króki
5	Kjartan Guðni og Irma Þöll Þorsteinsdóttir, Norðtungu
6	Hallgrímur Sv. Sveinsson, f.h. ábúaenda á Vatnshömrum
7	Jón Friðrik Jónsson, Vindheimum og Hvítárbakka
8	Jónas Guðjónsson og Gunnhildur Gísladóttir, Síðumúlaveggjum
9	Jónas Guðjónsson, Síðumúlaveggjum (viðbót við fyrri umsögn)
10	Landsvirkjun
11	Ólafur B. Hauksson, Inga Jóna Friðgeirsdóttir, Hóli
12	Óttar Yngvason f.h. Hrífu/Guðnabakka
13	Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttirog Eiríkur Blöndal, Langholti og ábúendur Laugarholts og Jaðars
14	Þóra Stefánsdóttir og Ólafur Davísson, Hvítárvöllum
15	Þórður Brynjásson, f.h. eigenda Sleggjulækjar



Holtavörðuheildarlína 1 – Umhverfismatsskýrsla

Í töflunni eru yfirlit yfir athugasemdir umsagnaraðila og viðbrögð Landsnets við þeim.

Nr.	Umsagnaraðili	Kafla í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
1.1	Borgarbyggð		Almennt	Ósk um umsögn var tekin fyrir á 258. fundi sveitarstjórnar Borgarbyggðar þann 14. nóvember 2024. Inngangur: Afgreiðsla 70. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd gerir ekki athugasemd við umhverfismatsskýrslu Holtavörðuheildarlínu 1 og vísar til endanlegrar afgreiðslu hjá sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða." Niðurstaða: Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umhverfismatsskýrslu Holtavörðuheildarlínu 1. Samþykkt samhljóða	Umsögn krefst ekki viðbragða af hálfu Landsnets.
2.1	Fiskistofa	12	Vatnalíf	Fiskistofa tekur undir mat Hafrannsóknarstofnunar sem fram kemur í viðauka 4 við umhverfismatsskýrslu Landsnets um Holtavörðuheildarlínu 1, sem unnin var af Verkis og er dags, þann 18. september 2024. Æskilegt er efnistökur fari fram fjarri bökkum veiðivatna eða að öðrum kosti ekki úr bakkanum alveg við veiðivatn, heldur t.d. 50-100 m frá. Mikilvægt er að gætt sé að dýpt efnistöku og að frágangur sé þannig að ekki sé áhætta á að veiðivatn geti brotið sér leið inn á efnistökusvæðið í flóðum. Einnig verður að hafa í huga að aukin umferð og notkun vinnuvéla nærri veiðivatni getur haft í för með sér að skaðleg efni geti borist í ferskvatn og skaði lífríki þess, og ber að hafa það í huga við útfærslu framkvæmda að útiloka eða lágmarka slík áhrif.	Í umhverfismati línuframkvæmda leggur Landsnet mat á fleiri efnistökusvæði en nauðsynlegt verður að nýta þegar kemur til framkvæmda. Ástæður þess að gengið er út frá svo mörgum efnistökusvæðum og ríflegu magni fyrir mögulega efnistöku, eru m.a. að á meðan umhverfismatið er í vinnslu er allajafna ekki ráðast í jarðkannanir með (tilheyrandi raski), á meðan aðalvalkostur er ekki ljós og ekki hefur verið ráðist í samningaviðræður við landeigendur. Þegar álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir er unnið að frekari verkhönnun og samtal átt við landeigendur og sveitarfélög. Á grundvelli þessa mótast frekar hvaða efnistökusvæði geta nýst í framkvæmdinni. Ákvarðanir um það taka m.a. mið af umhverfisáhrifum, en Landsnet vekur athygli á því að þá þarf stundum að veita og meta ólík sjónarmið fagstofnanna sem annars vegar bera ábyrgð á heilbrigði fiskistofna í ferskvatni og hins vegar þeirrar sem vinnur skv. lögum um náttúruvernd og horfir til verndunar jarðmyndana og landslags. Þar að auki þarf að nást samkomulag við landeigendur, sveitarfélög og þá einnig að horfa til efnisgæða og flutninga efnistil og frá framkvæmdasvæði, sem æskilegt er að stillt sé í hof. Við ákvörðun um efnistökusvæði sem nýtt verða í Holtavörðuheildarlínu 1 verður horft til ofangreindra þátta. Við efnistöku við veiðivötn og ár verður sérstaklega hugað að því að ekki berist mengun frá tækjum og að á slíkum svæðum verði hugað vel að verklagi til að koma í veg fyrir áhrif á vatnalíf.
2.2	Fiskistofa	26	Leyfi	Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatns eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Sækja má um leyfi með rafrænum hætti á vefsíðu Fiskistofu: https://island.is/leyfi-fiskistofu . Einnig er vakin athygli á því að með umsókninni skal fylgja álit viðkomandi veiðifélags og umsögn sérfræðings um hugsanleg áhrif framkvæmda á lífríki veiðivatns, vatnsgæði og aðstöðu til veiði.	Landsnet þakkar fyrir ábendingar Fiskistofu er varða umsókn um leyfi fyrir framkvæmd í eða í nálægð við veiðivatn sbr.33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
3.1	Forsætisráðuneytið	26	Leyfi	Skv. úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2014, er Vesturhluti Tvídægru ásamt Hellistungum Þjóðlenda. Valkostur D liggur um þá Þjóðlendu. Um Þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998. Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Forsætisráðherra fer með málefni Þjóðlendna í samstarfi við hlutaðeigandi sveitarfélög. Ráðherra veitir leyfi fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda og vindorku innan Þjóðlendna skv. 2. mgr. 3. gr. sömu laga. Þá þarf leyfi ráðherra fyrir hvers kyns aðgerðum og verkefnum sem miða að því að auka bindingu kolefnis eða draga úr losun kolefnis á svæði innan Þjóðlendu sem skilgreint er fyrir slíka nýtingu lands í skipulagsáætlun hlutaðeigandi sveitarfélags. Öll önnur nýtingu á landi og landsréttindum innan Þjóðlendna, er háð leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Þó þannig að sé nýtingin heimiluð til lengri tíma en eins árs þarf jafnframt samþykki ráðherra skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998. Samþykki ráðherra þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan Þjóðlenda óháð tímalengd.	Landsnet tekur undir ábendingar forsætisráðuneytis.
3.2	Forsætisráðuneytið	26	Leyfi	Ráðuneytið minnir á að allar framkvæmdir og jarðrask innan Þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. Laga nr. 58/1998 og að leyfi ráðherra þarf fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda, vindorku og fyrir hvers kyns aðgerðum og verkefnum sem miða að því að auka bindingu kolefnis eða draga úr losun kolefnis á svæði innan Þjóðlendu skv. 2. mgr. 3. gr. sömu laga. Samþykki ráðherra þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan Þjóðlenda óháð tímalengd.	Framkvæmdir við Holtavörðuheiðarlínu 1 og nýting lands, þ.e. reising nýrrar raflínu og möguleg efnistaka, fellur undir 3. mgr. 3.gr. tilvísaðra laga og mun Landsnet óska tilskilins samþykkis ráðherra í samræmi við þau ákvæði.
3.3	Forsætisráðuneytið	3, 3.5	Samráð	Í stefnu um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í Þjóðlendum, koma fram leiðbeinandi sjónarmið sem rétt er að taka mið af við útfærslu uppbyggingar á einstökum svæðum. Má þar nefna mikilvægi þess að standa vörð um óbyggð víðerni og að á miðhálandinu sé uppbygging ferðamannaáðstöðu takmörkuð við mannvirki sem byggð séu utan skilgreindra víðerna, á jaðri miðhálandisins og meginleiðum. Það gildir sérstaklega um uppbyggingu umfangsmeiri mannvirkja og þjónustu. Þar sem slíkt er ekki mögulegt sé þess gætt að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun og feli þá einvörðungu í sér takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem skála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Með fyrirvara um þessi sjónarmið og nánari útfærslu og umfang einstakra framkvæmda á hverjum og einum stað, sem mun koma til skoðunar í ráðuneytinu, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998, gerir ráðuneytið ekki athugasemdir við umhverfismatskýrslu vegna Holtavörðuheiðarlínu 1, en tekur fram að mikilvægt sé að áfram verði haft samráð við ráðuneytið vegna frekari skipulagsáforma sem tengjast framkvæmdinni og eru í Þjóðlendu. Haft var samráð við samstarfsnefnd um málefni Þjóðlendna, sbr. 4. gr. laga nr. 58/1998, við afgreiðslu erindisins.	Landsnet þakkar fyrir ábendingarnar ráðuneytisins. Haft verður samráð við ráðuneytið vegna áforma sem tengjast framkvæmdinni og eru í Þjóðlendu.



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
4.1	Hafrannsóknastofnun	12	Vatnalíf	Hafrannsóknastofnun hefur engar stórvægilegar athugasemdir við umfjöllun í umhverfismatsskýrslunni en bent er á að neikvæð áhrif á vatnalíf geta einkum orðið vegna mögulegra efnistökkukosta. Flest efnistökkusvæðin liggja fjarri vötnum og árfarvegum en eitt efnistökkusvæði er innan B hluta og þrjú innan C hluta eru í árfarvegum með fjölbreytt lífríki og hátt verndargildi þar sem taldar eru verulegar líkur á langvarandi neikvæðum áhrifum af efnistöku. Ef tekið verður tillit til álits Hafrannsóknastofnunar við val á efnistökkusvæðum og ef mótvægisáðgerðum sem lagðar voru til verður fylgt mun framkvæmdin ekki hafa langvarandi áhrif á vatnalíf og mun ekki leiða til að vatnshlot falli um gæðaflokk.	Landsnet mun fylgja ráðleggingum Hafrannsóknastofnunar um mótvægisáðgerðir til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á vatnalíf, sbr. kafla 12.6.1 og 22.3 í umhverfismatsskýrslu.
5.1	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra	24	Vatnsvernd	Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra telur mikilvægt að gæta sérstakrar varkárni þegar farið er inn á vatnsverndarsvæði. Tæki þurfa að vera lekaskoðuð og heil og engan olíuleka má finna. Ef slíkt gerist þarf að bregðast við samkvæmt reglugerð nr 799/1999 um varnir gegn mengun vatns og reglugerð nr 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Einnig þurfa yfirborðsefni mastra að vera þannig að veðrun þeirra valdi ekki mengun jarðvegs eða vatns. Fylgja þarf reglugerð nr 724/2008 um hávaða og finna leiðir til að draga úr hávaða af rafrænum uppruna eins og kostur er.	Holtavörðuheildarlína 1 mun liggja innan fjarsvæðis vatnsverndar á Skarðsheiði, sbr. sveitarfélagsuppdrátt aðalskipulags Borgarbyggðar 2010-2022. Línan verður hins vegar utan nær- og brunnsvæða vatnsverndar. Nokkur efnistökkusvæði á leið HOLTAVÖRÐUHEILDARLÍNU 1 eru innan grann- og fjarsvæðis vatnsverndar, sbr. umfjöllun í kafla 7.3 í umhverfismatsskýrslu. Við framkvæmdir, bæði vegna reisingu línu, lagningu vegslóða og efnistöku, verður sérstakrar varkárni gætt þegar farið verður inn á vatnsverndarsvæði, líkt og fram kemur í umsögn heilbrigðiseftirlitsins. Hvað yfirborðsefni mastra varðar er vísað til svars við lið 6.5.
6.1	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	24	Vatnsvernd	Sýna þarf vatnsverndarsvæði á korti Landsnets (kynningarvef) eða í öðrum gögnum málsins og greina frá hvort framkvæmdir eru innan þeirra.	Vatnsverndarsvæði innan og í námunda við áhrifasvæði HOLTAVÖRÐUHEILDARLÍNU 1 eru sýnd á mynd 24.1 í umhverfismatsskýrslu (bls. 528). Þessum upplýsingum verður bætt við vefsíðu HOLTAVÖRÐUHEILDARLÍNU 1 (www.map.is/hh1) og Landsnet þakkar fyrir ábendingu um þetta atriði.
6.2	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	24	Vatnsvernd	Beita skal bestu fánlegu tækni vegna mengunarvarna við framkvæmdir vegna HOLTAVÖRÐUHEILDARLÍNU 1. Framkvæmdir sem falla innan vatnsverndarsvæða eru starfsleyfis skyldar hjá heilbrigðiseftirlitinu. Sérstök samþykkt um vatnsverndarsvæði fyrir Vesturland er í smíðum þar sem leyfisveitingar verða skýrðar betur, gildistaka gæti verið fljótlega uppúr áramótum. Fjallað er um í fyrri umsögn að framkvæma þurfi áhættumat vegna framkvæmda og hugsanlegrar mengunar innan vatnsverndarsvæða en ekki var komið auga á við fljótlestur á skýrslum að það því sé lokið. Heilbrigðisnefnd myndi þurfa að samþykkja áhættumat áður en framkvæmdir hefjast.	Líkt og fram kemur í svari við lið 5.1 mun HOLTAVÖRÐUHEILDARLÍNA 1 liggja innan fjarsvæðis vatnsverndar á Skarðsheiði en utan við grann- og brunnsvæði. Í þverárhlið er efnistökkusvæðið Skering við Kleifar innan grannsvæðis vatnsverndar. Landsnet mun kynna sér sérstaka samþykkt um vatnsverndarsvæði sem heilbrigðiseftirlitið boðar að taka muni gildi fljótlega á þessu ári, sem og fylgja leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um áhrifamat vatnshlota á grundvelli Vatnaáætlunarinnar.
6.3	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	26	Leyfi	Efnistökkusvæði eru starfsleyfis skyld hjá Heilbrigðiseftirlitinu í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Starfsmannabúðir eru skráningarskyldar skv. reglugerð nr 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ef matur er eldaður á staðnum eða rekið er mótuneyti er starfsemin leyfis skyld skv. reglugerð nr. 103/2010 um hollustuhætti er varða matvæli.	Landsnet mun óska tilskilinna leyfa í samræmi við ábendingar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
6.4	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	12	Vatnalíf	Þar sem efnistaka er við vatn s.s. við Þverá í Norðurtungu, Karlsbrekku, við Hafþórsstaði, Miklagilskvísl og víðar eru framkvæmdir háðar því að upplýsingar liggi fyrir um ástand vatns og að gæðum þess hraki ekki vegna framkvæmdanna í samræmi reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Framkvæmdir þurfa að vera í samræmi við lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.	Landsnet er upplýst um kröfur laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og mun sjá til þess að framkvæmdir verði í samræmi við þær svo og reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
6.5	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	7.1, 10	Gróður	Í fyrri umsögn er fjallað um að gera þurfi grein fyrir yfirborðsmeðhöndlun mastra vegna mengunarhættu í jarðveg og vatns og er á það minnt hér einnig.	Lögð er áhersla á að nota umhverfisvæn efni í yfirborðsmeðhöndlun mastra og að réttu verklagi sé fylgt til að koma í veg fyrir mengun. Rannsóknir frá 2007 á áhrifum af sinki sem veðrast hefur frá möstrum Búrfellslínu 3, hafa leitt í ljós áhrif á gróður og t.d. valdið bruna á mosa, en hins vegar sé lítil hættu á áhrif á grunnvatn. ¹ Landsnet stóð að sýnatöku á mosa og jarðvegi við nokkur háspennumöstur sumarið 2022. Niðurstöðurnar sýna að greinileg aukning er í styrk sinks, bæði í mosa og jarðvegi við sinkhúðuð háspennumöstur, en ekki er hægt að fullyrða að sinkmengun í mosa hafi aukist frá háspennumöstrum frá fyrri rannsókn ² . Eins og fram kemur í umhverfismatsskýrslu verður við útboð á möstrum lögð áhersla á að notað sé gæða sink við galvanhúðun og að sinkhúð fái nægan tíma til að fullharðna til að lágmarka áhrif á umhverfið.
7.1	Húnaþing vestra	24	Vernd	Skipulags- og umhverfisráð vill leggja áherslu á mikilvægi þess að vernda Snjófjöll og Tröllakirkju á Holtavörðuhæð. Svæðið er vinsælt göngu- og útivistarsvæði og áberandi í landslagi. Þar sem ummerki mannsins eru lítil sem engin á þessum stað, er svæðið afar viðkvæmt fyrir breytingum. Holtavörðuhæði býr að háu verndarákvæði, og Snjófjöllin hafa mikið útivistargildi, sem gerir það að verkum að sérstaka varúð þarf að sýna við allar framkvæmdir á svæðinu. Nefndin kallar eftir því að í öllum framkvæmdum á svæðinu verði lögð áhersla á vandaðan frágang og umhverfisvernd þannig að ásýnd og náttúrufegurð haldist að mestu óbreytt. Einnig skal kappkostað að mannvirki og sýnileg ummerki verði í lágmarki, með það að markmiði að tryggja náttúrulegan heildarsvip svæðisins til framtíðar. Við þetta telur nefndin að bæði verði gætt að náttúruverndarsjónarmiðum og stuðlað að því að útivistargildi svæðisins haldist og verði ákjósanlegt fyrir komandi kynslóðir. Þrátt fyrir möguleg neikvæð áhrif telur nefndin að töluverð jákvæð áhrif skapist fyrir samfélagið og atvinnuþróun vegna bættrar afhendingar orku og aukins afhendingaröryggis	Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að áhrif á landslagsheildina Snjófjöll séu metin óveruleg enda fari línuleiðin um skamman veg innan þeirrar heildar en sé sýnileg frá nokkrum stöðum innan heildarinnar. Lögð verður áhersla á vandaðan frágang og umhverfisvernd í öllum framkvæmdum á svæðinu, þ.m.t. innan umrædds svæðis. Horft er til þess við hönnun á legu línunnar að ásýndaráhrif séu milduð frá t.d. byggðum svæðum og vinsælum útivistarsvæðum.

¹ [Frumrannsóknir á gróðurskemmdum við háspennulínur á suðvesturlandi.](#)

² [Rannsóknarniðurstöður á mosa- og jarðvegssýnum við háspennumöstur.](#)



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
8.1	Hvalfjarðarsveit		Raflína	Sveitarfélagið hefur farið fram á það að ný lína og gamla Vatnshamralína verði báðar settar á eina stauralínu til þess að minnka áhrifasvæðið og ásýndina einkum með tilliti til fuglalífs og ítrekar hér með fyrri afstöðu sína og telur að betur þurfi að gera grein fyrir þessum þætti.	Í kafla 4.4.2 í Kerfisáætlun Landsnets 2023-2032, er fjallað um þróun svæðisbundna kerfisins á Vesturlandi. Þar kemur m.a. fram á mynd 4-22 að gert sé ráð fyrir að Vatnshamralína 2 verði endurnýjuð á tímabilinu 2028-2033. Sú endurnýjun mun m.a. taka mið af stöðunni á kerfinu á þeim tíma, sem m.a. munu endurspeglast í ýmsum breytingum sem ráðgerðar eru á næstu árum (og greint er frá í kafla 4.4.2). Því er ekki raunhæft á þessum tímapunkti að fjárfesta í einpóla möstrum sem myndu bera bæði nýja Holtavörðuheidiarlínu 1 og Vatnshamralínu 2, á meðan ekki liggur fyrir í hverju endurnýjun Vatnshamralínu 2 mun felast, t.d. hvort lega hennar muni breytast eða hvort tækifæri verða til að leggja hana að hluta í jörðu. Þá má á það benda að í yfirleitt fela einpólamöstur í sér að leiðarar línunnar raðast lóðrétt upp, hver fyrir ofan annan, í stað þess að í hefðbundnum möstrum raðast þeir lárétt. Þetta hefur í för með sér að fyrir margar fuglategundir reynist erfiðara fyrir að forðast leiðarana við þverun þeirra og áflugshætta getur því orðið meiri.
8.2	Hvalfjarðarsveit		Raflína	USNL-nefnd ítrekar athugasemdir sínar um nauðsyn þess að koma loftlínu í jörðu, vonast er til að tæknilegar lausnir verði tiltækar þegar til framkvæmda komi og að umhverfismat leiði í ljós að loftlína verði betri kostur á grundvelli umhverfissjónarmiða.	Eins og fram kemur í svari við lið 8.2, þar sem vísað er í kafla 4.4.2 í Kerfisáætlun 2023-2032 er gert ráð fyrir ýmsum framkvæmdum við endurnýjun og þróun flutningskerfis Landsnets á næstu árum, þ.m.t. línur á 132 kV spennu. Það spennustig bíður upp á meira svigrúm til að leggja línurnar sem jarðstrengi, en línur af hærri spennu. Það verður skoðað þegar kemur að undirbúningi framkvæmda við þessa endurnýjun og þróun kerfisins.
8.3	Hvalfjarðarsveit	11	Fuglalíf	Í niðurstöðum skýrslunnar koma fram upplýsingar um fjölbreytileika og mikilvægi fuglalífs í sveitarfélaginu, ekki hvað síst á svæðinu í nágrenni framkvæmdasvæðisins eins og votlendissvæðinu umhverfis Hólmavatn og Eiðisvatn og einnig um farleiðir fugla milli mikilvægra fuglasvæða Hvalfjarðar og Grunnafjarðar. Í ljósi samantektar um samburð á valkostum og athugunum skv. viðaukum 3 í umhverfismatsskýrslu, vill USNL-nefnd minna á mikilvægi þess að val á línuleið taki tillit til fuglalífs og farleiða þeirra í sveitarfélaginu. Á leið A1, Bjarnarholtsleið, er áflugshætta metin einna mest vegna þess að hún liggur ekki samsíða núverandi línur. Valkostur A1 liggur yfir vestanverðan bakka Hólmavatns, og myndu raflínur því þvera vatnið á tveimur stöðum með ólíka stefnu, sem gæti leitt til flóknari flugumferðar umhverfis vatnið í stað þess að liggja samsíða núverandi línur. Valkosturinn myndi því brjóta upp óbrotið svæði. Lega línunnar yrði milli tveggja nálægra vatna, Eiðisvatns og Hólmavatns og mun því einnig auka á áflugshættu vatnafugla sem flakka á milli vatnanna. USNL-nefnd telur nokkuð dregið úr framangreindum upplýsingum í umhverfismatsskýrslu, töflu 11.8 í viðauka 3, þar sem áflugshætta fugla var metin mikil en umfang áhrifa á fuglalíf samandregið í töflu einungis metin miðlungs.	Eins og kemur fram í umhverfismatsskýrslu þá er áflugshætta metin meiri á leið A1, en ákvörðun um aðalvalkost byggir á mati á áhrifum á fleiri umhverfisþætti. Leið A1 er metin hafa minni áhrif á gróður, vatnalíf, ásýnd og umfang áhrifa á fugla er einnig minna. Því er mælt með leið A1 þrátt fyrir aukna áflugshættu. Eins og niðurstöður umhverfismats Holtavörðuheidiarlínu 1 og samburður valkosta gefa til kynna, þá getur skapast meiri áflugshætta þegar ný lína vikur frá núverandi línuleið. Í umhverfismatinu er byggt á gögnum sem sýna helstu kafla þar sem blesgæsir þvera línuleiðina og ummerki um áflug á núverandi línur. Því liggur fyrir hvar helstu álagssvæðin eru m.t.t. áflugs og byggja þær mótvægisáðgerðir sem Landnet hyggst ráðast í á þeim gögnum. Eins og fram kemur í kafla 11.11 í umhverfismatsskýrslu þá verður sýnileiki línunnar aukinn með merkingu raflína á helstu álagssvæðum, sbr. þau svæði sem gögn um helstu áflugsstaði sýna (byggt á hitakortum af flugleiðum blesgæsa og fjölda fuglshræja hvað mest). Stefnt er að því að merkin verði sett á leiðara samhliða uppsetningu línunnar. Eins og fram kemur í umhverfismatsskýrslu kemur helst til greina að setja upp svokallaðar „gorma“, en útfærsla merkinga, val þeirra og vöktun verður unnin í samráði við fuglafræðing. Í upphafi reksturs línunnar verður því komið fyrir mótvægisáðgerðum m.t.t. áflugs sem eiga að skila sem mestum ávinningi.



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
8.4	Hvalfjarðarsveit	11	Fuglalíf	Skv. skýrslum og rannsóknum kemur fram að áflugshætta sé metin há hvort sem er með þeirri línu sem fyrir er en er metin enn hærri ef fyrir valinu verður ný línuleið yfir Hólmavatn. Því telur nefndin mikilvægt að tekið verði tillit til þessara aðstæðna og annað hvort verði ný línuleið samhliða þeirri gömlu eða þá að gamla línuleiðin verði færð að þeirri nýju til að koma til móts við þær niðurstöður um áflugshættu.	<p>Umhverfismatið dregur fram hvaða umhverfisáhrif mismunandi valkostir um línuleið geta haft í för með sér. Þær upplýsingar eru m.a. grundvöllur ákvörðunar Landsnets um aðalvalkost. Ákvörðun um aðalvalkost byggir á mati á áhrifum á fleiri umhverfisþætti en fuglalíf og þar með áflugshættu.</p> <p>Vöktun verður á völdum köflum á línunni og brugðist verður við, verði vart við aukið áflug. Ekki er talið fýsilegt að færa gömlu línuleiðina.</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
8.5	Hvalfjarðarsveit		Leyfi	Leyfi fyrir umrædda framkvæmd er háð framkvæmdaleyfis Hvalfjarðarsveitar á þeim hluta línuleiðarinnar sem liggur um sveitarfélagið á grundvelli 13. og 14. gr. Skipulagslaga nr. 123/2021 og reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.	Landsnet þakkar fyrir ábendinguna.



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
9.1	Land og Skógur	17	Landbúnaður og skógrækt	<p>1. Í kaflanum um landbúnað og skógrækt eru skógrækt beinlínis skilgreind sem „[s]tærð lands innan bújarða á línuleiðinni sem fellur undir samningsbundin skógræktarsvæði í samstarfi Skógræktarinnar og landeigenda (Skógrækt á lögbýlum).“ (Tafla 2. Skýringar á hugtökum fyrir ræktað land og skógrækt. Bls. 5. í viðauki 9 um landbúnað og skógrækt, mars 2023). Og skógræktarland er skilgreint sem „[l]and sem er samningsbundið skógræktarsvæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum, þ.e. land til nytjaskógræktar“ (bls. 6 í viðauka 9 um landbúnað og skógrækt, sept. 2023, um Hallarmúlaleið). Undirritaður bendir á að vissulega er eðlilegt upp að einhverju marki að meta áhrif á skógrækt á svipaðan hátt og á annan landbúnað, þ.m.t. áhrif framkvæmdar á möguleika til þess að rækta skóg í framtíðinni. Í þessu samhengi er því mikilvægt að gera sér grein fyrir tvennu: a) háspennulínur yfir tún takmarka ekki á neinn hátt ræktun þeirra og nýtingu (nema þar sem eru línuvegir, stög og stöplar), en skógrækt er hinsvegar verulega takmörkum háð undir loftlínunum, eðlilega. Ekki er að sjá að þessum viðaukum um landbúnað og skógrækt sé þessu veigamikla atriði gefinn gaumur. b) Fyrir utan samningsbundna skógrækt á lögbýlum er margskonar önnur skógrækt stunduð, og t.a.m. er það hverjum bónda frjálst að fara út í skógrækt án þess að hún sé samningsbundin sem bændaskógrækt. Engin tilraun er gerð til þess í viðaukanum að skoða aðra skógrækt en einungis samningsbundna skógrækt á lögbýlum. Í sjálfri umhverfismatskýrslunni eru þessum atriðum gerð skil í kafla 17. Undirritaður vill benda á að það kemur skýrt fram hverjir annmarkar eru á þessari aðferð, ef Norðtunguskógur í Þverárhliðarhreppi er skoðaður. Línukostir C1.a, C2.a, C1, C2, C3.a, C4.a, C3 og C4 liggja allir yfir skóginn. Hluti skógarins hefur verið ræktaður frá því á 6. áratugnum.2 Ofan hans (nær Helgavatni) er stór birkiskógur. Samtals eru þessir skógar tæpir 300 ha, þar af er ræktaði skógurinn um 150 ha. Línukostir C2 og C3 liggja yfir ræktaða skóginn á löngum kafla, C4 yfir birkiskóginn, aðrar ofantaldra leiða fara yfir skógana á skemmri köflum. Þetta má sjá á vefsíðunni map.is/hh1, og á myndum 17.6. og 17.7. í skýrslunni (bls. 433 og 436). Á þessum myndum (17.6 og 17.7) eru merktir inn gulir flákar, sem eru samningsbundin svæði í skógrækt á lögbýlum, og brúnir flákar eru önnur skógræktarsvæði. Brúnu flákarnir eru hinsvegar vitlaust teiknaðir, sem er algjörlega augljóst ef skoðuð er loftmynd af skóginum. Tafla 17.13 (bls. 438-439) tekur svo af allan vafa um að hér sé Norðtunguskógur ekki tekinn með í reikninginn, en þar segir skýlaust að engin þessara leiða hafi í för með sér neina línu yfir skipulögðu skógræktarlandi, og þar af leiðandi séu engin helgunarsvæði yfir skógræktarlandi. Rétt er að benda á að ofangreind fullyrðing er engan veginn rétt.</p>	<p>Við vinnu við mat á landbúnaði og skógrægt voru notuð þau gögn sem aðgengi er að og tengjast bújörðum. Notaðar voru landupplýsingar um skógrækt sem tengjast viðkomandi jörðum og ná til samningsbundinna svæða sem eru tengd verkefninu Skógrækt á lögbýlum. Í rannsóknarskýrslu (bls 5 í viðauka 9) er skilgreint hvernig mat á skógrækt fór fram: „Skógrækt á bújörðum er talin til landbúnaðar ef um samningsbundin skógræktarverkefni á lögbýlum er að ræða. Í skýrslunni er skráð heildarstærð skógræktarlands á bújörðum á línuleiðum og fjöldi búa sem eru þátttakendur í samningsbundnum verkefnum.“ Notuð voru gögn frá Skógræktinni og unnið með þau eins og þau eru sett fram þ.e. villur í uppdrætti ekki leiðréttar.</p> <p>a) Hæð mastra, og þar með loftlína Holtavörðuheiðarlínu 1, munu vera á bilinu 18-28 m eftir aðstæðum, flest á bilinu 20-26 m, eins og kemur fram í umhverfismatskýrslu. Ákveðnar tegundir trjáa á Íslandi geta farið yfir 20 m, en það er ekki algengt og helst eru dæmi um það á Kirkjubæjarklaustri og í Hallormsstaðaskógi.</p> <p>b) Norðtunguskógur fellur undir rannsókn á náttúrufari og vistgerðum sem er ekki hluti af rannsókn á áhrifum á landbúnað. Vistgerðir birkiskóglendis eru forgangsvistgerðir sem hafa hátt verndargildi. Í kafla 10 í umhverfismatskýrslu er fjallað um og lagt mat á áhrif á náttúrulega birkiskóga.</p> <p>Í rannsóknarskýrslu Ráðgjafamiðstöðvar landbúnaðarins (bls. 33 og 36) segir um skógræktarhólfíð í Norðtungu: „Innan valkosta er skilgreind landareign sem er skógræktarsvæði og tilheyrir Skógræktinni. Þetta land er með eigið fasteignanúmer, en er ekki samningsbundið skógræktarsvæði á lögbýli og er því ekki talið með í mati á áhrifum framkvæmda á landbúnað“. Við gerð skýrslunnar var viðhöfð sú vinnuregla að tiltaka ekki nafn einstaka bújarða eða annarra eigna.</p> <p>Skógræktarhólfíð í Norðtungu hefur sér fasteignarnúmer og er ekki skógræktarverkefni sem tengist lögbýli og fellur þar með undir aðra notkun.</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
9.2	Land og Skógur	17	Landbúnaður og skógrækt	<p>2. Áhrif framkvæmdarinnar á skóga og eftir atvikum skógrækt eru metin í viðaukum 2 um gróður, sem eru svo nýttir í kafla 10 í umhverfismatsskýrslunni. Í þeim skýrslum er ágætlega rakið hversu mikið skóglendi er undir hugsanlegum línustæðum, og það er gert þannig að ræktaðir skógar eru flokkaðir ásamt túnum, ökrum og lúpínu í „annan gróður“, en náttúrulegir birkiskógar flokkaðir sem slíkir. Í viðaukunum kemur fram sá skilningur að skógar, þ.m.t. birkiskógar, njóti verndar skv. skógræktarlögum (lög nr. 33/2019 um skóga og skógrækt), sem er rétt. 3 Ræktaðir skógar njóta einnig vissrar verndar skv. sömu lögum (sbr. 19. gr. laganna). Allir skógar eru litnir sömu augum í 19. gr. laganna, hvort sem þeir eru náttúrulegir eða ræktaðir. Það gætir hinsvegar þess misskilnings í umhverfismatsskýrslunni sjálfri (kafla 10), að náttúrulegir birkiskógar njóti sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/20134. Það er ekki svo, eftir lagabreytingu frá 2015. Það eru aðeins þeir birkiskógar sem eru á skrá yfir slíka skóga, sem Land og skógur heldur. Því miður er skráin enn í vinnslu, en undirrituðum er kunnugt, og heimilt að greina frá því, að engir skógar á þeim svæðum sem fyrirhugað er að línan geti farið um, eru á þeirri skrá.</p> <p>Stofnunin telur umhverfismatsskýrsluna því verulega gallaða að þessu leyti, eins og að ofan er rakið. Óljóst er þó hvort betri aðferðir við mat á áhrifum framkvæmdanna á skóga og skógrækt hefðu skilað annarri niðurstöðu umhverfismats, og treystir undirritaður sér ekki til að segja neitt um það. Að því sögðu telur undirritaður ekkert að athuga við áætlaðar mótvægisáðgerðir (hvað varðar skóga og skógrækt), sem raktar eru í töflu 22.1 (bls. 515-518).</p>	<p>Í umsögninni segir að það sé verulegur galli á umhverfismatsskýrslunni að einungis sé gengið út frá því að náttúrulegur birkiskógur njóti sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, en nái ekki einnig til ræktaðra skóga. Landsnet telur að á meðan umrædd skrá Lands og skóga um verndaða birkiskóga er ekki aðgengileg, sé eðlilegt að líta sérstaklega til vistgerða sem teljast vera náttúrulegar en skv. því er verndargildi vistgerða birkiskóga hátt. Því er ekki fallist á að umhverfismatsskýrslan sé gölluð að þessu leyti.</p>
9.3	Land og Skógur	17	Landbúnaður og skógrækt	<p>Nú er það svo að skógar og skógræktaráform eru ekki endilega réttthæri öðrum fyrirbrigðum í náttúrunni eða í manngerðu umhverfi, og komi til þess að reynist nauðsynlegt að leggja háspennulínu yfir skóg eða skógræktarsvæði, með tilheyrandi helgunar- og öryggissvæði, verður svo að vera. Koma þá til mótvægisáðgerðir skv. skógræktarlögum (33/2019). og eftir atvikum bætur, sem eru vissulega fyrir utan viðfangsefni umhverfismatsskýrslunnar. Hvað sem því líður telur undirritaður það mikilvægt að mat á áhrifum framkvæmda á skóga og skógrækt séu ekki látin falla svo milli skips og bryggju við umhverfismat, eins og hér hefur verið raunin. Undirritaður vonar að við gerð umhverfismatsáætlana í framtíðinni verði þetta atriði skoðað betur.</p>	<p>Landsnet er ósammála þeirri staðhæfingu að mat á áhrifum framkvæmdar á skóga og skógrækt hafi fallið milli skips og bryggju. Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins vann ítarlega skýrslu um landbúnað og skógrækt á áhrifasvæði Holtavörðuhéiðarlínu 1, sem byggir á gögnum um bújarðir og landupplýsingagögnum um skógrækt á viðkomandi jörðum. Þar var lögð áhersla á svæði sem tengd voru verkefninu „Skógrækt á lögbýlum“. Gögn sem unnið var með komu m.a. frá Skógræktinni. Náttúrulegir birkiskógar falla undir rannsóknir á náttúrufari og vistgerðum sem unnar voru af Náttúrufræðistofnun Íslands. Í kafla 10 í umhverfismatsskýrslunni er fjallað um niðurstöður rannsókna NÍ og mat lagt á áhrif framkvæmdarinnar á gróður þ.m.t. náttúrulega birkiskóga.</p>
11.1	Náttúrufræðistofnun Íslands		Jarðmyndanir	<p>Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við niðurstöðu umhverfismatsins varðandi áhrif á jarðmyndanir. Jákvætt er að jarðminjar sem skilgreindar eru með hátt verndargildi í lögum virðast lítið verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni. Ljóst er að almennt fylgir minna rask valkostum þar sem núverandi byggðalínu er fylgt, einkum á B- og C-leið þar sem aðrir valkostir fara alla jafna nokkuð frá núverandi línu. Sérstaklega virðist valkostur B1 óheppilegur fyrir jarðmyndanir þar sem óraskaðar klappir og ásar verða fyrir raski. Víða annars staðar eru jarðmyndanir huldar gróðri. Ljóst er að valkostur BC1-Hallarmúlaleið er</p>	<p>Tekið er undir með Náttúrufræðistofnun að öfugt við samanburðarkafli B1.a fer valkostur B1 á B hluta línuleiðar um óraskaðar jarðmyndanir og hefur í för með sér meira rask. Einnig er tekið undir að BC1-Hallarmúlaleið er mun óheppilegri leið m.t.t. jarðmyndana, en sá hluti aðalvalkostar (BC1.a) sem liggur meðfram núverandi byggðalínu.</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
				mun óheppilegri með tilliti til áhrifa á jarðmyndanir en aðalvalkosturinn.	
11.2	Náttúrufræðistofnun Íslands	9, 7.6	Jarðmyndanir	Varðandi efnistökusvæði þá er jákvætt að stór meirihluti efnistökusvæða eru þegar skilgreind og í notkun. Þó eru óröskuð svæði allnokkur þar sem neikvæð áhrif geta orðið umtalsverð, m.a. á ýmsum setmyndunum sem hafa verndargildi og vísindalegt gildi t.d. um jöklunarsögu síðjökultíma, þó þær teljist ekki til verðmætustu jarðmyndana skv. viðmiðum í lögum. Mest er um óröskuð svæði á D-leið í Norðurárdal og Holtavörðuheidi. Þar eru áhrifin metin neikvæðust og tekur Náttúrufræðistofnun undir það. Einkum eru efnistökusvæði við Hafþórsstaði og Miklagilskvísl stór og verða áberandi í landslaginu og valda töluverði raski á jarðmyndunum. Erfitt er að veita uppi rask á jarðmyndunum þar sem það er óafturkræft en mikilvægt að vandað sé til frágangs að framkvæmdum loknum sem og umgengni um efnistökusvæði til að draga úr umfangi rasks eins og hægt er.	Landsnet leggur áherslu á að nota efnistökusvæði sem eru á þegar röskuðum svæðum. Einnig verður lögð áhersla á að lágmarka allt yfirborðsrask og varúðar gætt þar sem óraskaðar jarðmyndanir er að finna. Vandað verður til frágangs og gengið frá efnistökusvæðum að framkvæmdum loknum, eins og kostur er.
11.3	Náttúrufræðistofnun Íslands	10, 10.6.2	Gróður	Almennt er enginn valkostur sem til skoðunar er í umhverfismatinu (á leiðum A, B og C) þess eðlis að val á honum dragi mjög úr raski á þessum verðmætu vistgerðum umfram aðra valkosti. Valkostur A1 felur í sér þó minna rask en valkostur A1a þó báðir teljist hafa óveruleg áhrif. Á B- og C-leið er alla jafna mjög lítill munur milli valkosta þegar tekið er tillit til mikilvægis og viðkvæmni gróðurs og áhrifamatsins sbr. Mynd 10.71 og þeir flestir metnir með talsverð neikvæð áhrif á gróður (B1 og B1a með nokkuð neikvæð). Þó má benda á að valkostur B5 sem er meðal aðalvalkosta er metinn neikvæðari en samanburðarvalkosturinn B5a og er B5 næst allra valkosta, sem í matinu eru, að flokkast sem valkostur með verulega neikvæð áhrif. Það er vegna mikils umframrasks á votlendi en á Mynd 10.33 sést vel hve umfang votlendis er mun meira á B5 en B5a og mikilvægi og viðkvæmni gróðurs þar metin meiri sbr. töflu 10.5. Með tilliti til gróðurs telur Náttúrufræðistofnun því óheppilega niðurstöðu að velja B5 - Þrætutunguleið sem aðalvalkost umfram B5a. Aðalvalkostir B1 og B2 eru ekki síðri en valkostir meðfram byggðalínu þegar kemur að áhrifum á gróður eingöngu. Með tilliti til áhrifa á gróður er afar lítill munur milli valkosta á C-leið eins og sést á Mynd 10.71 og erfitt að bera þá saman. Samhengi við áhrif á aðra umhverfisþætti mun því ráða meiru um valkostasamanburð á C-leið en áhrif á gróður ein og sér. Á D-leið eru engir valkostir. BC1-leiðin um Hallarmúla er metin með talsvert neikvæð áhrif, en er þó fremur sambærileg og samanburðarleiðin BC1a þegar kemur að áhrifum á gróður svo sá umhverfisþáttur nægir ekki einn og sér til að gera upp á milli þeirra valkosta.	Eins og fram kemur í umsögninni liggja fleiri þættir en áhrif framkvæmdarinnar á gróður til grundvallar vali á aðalvalkosti. Þar sem leggja á slóða um votlend svæði, er það verlag Landsnets að skipta ekki út jarðvegi heldur leggja út jarðvegsdúk og jarðefni í slóðann er lagt ofan á dúkinn. Þar sem engin jarðvegsvinna á sér stað má gera ráð fyrir að takmörkuð breyting verði á vatnsflæði um votlendið, og það hafa fyrri framkvæmdir Landsnets á votlendum svæðum einnig sýnt



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
11.4	Náttúrufræðistofnun Íslands	10, 10.12	Gróður	<p>Í ljósi þess að heildarframkvæmd á Holtavörðuheidiarlínu 1, óháð valkostum að mestu, mun fela í sér mikið rask á gróðri, þ.m.t. á stórum votlendissvæðum og öðru verðmætu og lítt röskuðu gróðurlendi, skiptir öllu máli að huga að mótvægisáðgerðum og leita allra leiða við að minnka þau viðamiklu neikvæðu áhrif sem umhverfismatið sýnir svo afdráttarlaust. Raskið verður vegna beins rasks línuvega og mastursstæða og einnig mögulegra óbeinna áhrifa, einkum á vatnsflæði í votlendi og mögulegar breytingar á tegundasamsetningu í kjölfarið, a.m.k. tímabundið. Í umhverfismatsskýrslunni kemur fram að reyna á eftir föngum að draga úr áhrifum vegna aðkomu- og línuvega með því að nýta fyrirbyggjandi vegi og slóða. Þar sem þörf er talin á línuvegum er sums staðar leitast við að leggja þá í þurrlandi frekar en í votlendi og þá einnig í rýrari vistgerðir sem almennt eru með lægra verndargildi. Þar sem óhjákvæmilegt er að leggja þá um votlendi er lagður út jarðvegisdúkur í stað þess að fara í jarðvegsskipti til að minnka líkur á áhrifum á vatnsflæði um votlendið. Náttúrufræðistofnun ítrekar fyrri ábendingar, m.a. í sérfræðiskýrslum, um mikilvægi þess að reyna að staðsetja og hanna vegslóða þannig að rask af þeim verði sem minnst. Best væri að fækka þeim eins mikið og hægt er. Til að vega upp óhjákvæmilegt rask á votlendi stefnir Landsnet að því að kosta framkvæmdir á endurheimt votlendis í samráði við Umhverfisstofnun og sveitarfélög. Einnig er stefnt að því að kosta framkvæmdir á endurheimt birkiskóga í samráði við Land og Skóg. Mikilvægt er að þessu verði fylgt eftir af festu.</p>	<p>Eins og Náttúrufræðistofnun vísar til í umsögn sinni hefur Landsnet eftir föngum reynt að draga úr áhrifum vegna aðkomu- og línuvega, þar sem m.a. hefur verið horft til hvernig lágmarka megi rask á votlendi. Aftur á móti þarf slóðagerð að vera hönnuð á þann hátt að hún bæði geti borið tæki og efni á framkvæmdatíma og einnig verið nothæf til viðhalds, viðgerða og skoðana á rekstrartíma. Ef slóðum er fækkað er frekar hætt á að akstur á lélegri slóðum (eða engum) leiði til skemmda á gróðurlendum.</p> <p>Eins og fram kemur í umfjöllun um mótvægisáðgerðir mun Landsnet í samráði við viðkomandi fagstofnanir endurheimta gróðurlendi til samræmis við leiðbeiningar þeirra, á það bæði við um votlendi og birkiskóga.</p>
11.5	Náttúrufræðistofnun Íslands	10	Gróður	<p>Þá má benda á hættu sem getur stafað vegna sinkmengunar frá raflínumöstrum en mosar eru sérstaklega viðkvæmir þar sem þeir eru ríkjandi gróður, s.s. í moslendi og mólendi. Stefnt er að vali á hágæðasinkhúð sem á að draga úr mengunarhættu sem er jákvætt. Varðandi efnistökusvæði eru bein áhrif af notkun þeirra á gróður fremur lítil en huga þarf að áhrifum efnisflutninga á t.d. útbreiðslu framandi ágengra tegunda og koma af fremsta megni í veg fyrir slíkt.</p>	<p>Lögð er áhersla á að nota umhverfisvæn efni í yfirborðsmeðhöndlun mastra og að fylgt sé réttu verklagi til að koma í veg fyrir mengun. Rannsóknir frá 2007 af áhrifum af sinki sem veðrast hefur frá möstrum Búrfellslínu 3, hafa leitt í ljós áhrif á gróður og t.d. valdið bruna á mosa, en hins vegar sé lítil hætt á áhrifum á grunnvatn. Landsnet stóð að sýnatöku á mosa og jarðvegi við nokkur háspennumöstur sumarið 2022. Niðurstöðurnar sýna að greinileg aukning er í styrk sinks, bæði í mosa og jarðvegi við sinkhúðuð háspennumöstur, en ekki er hægt að fullyrða að sinkmengun í mosa hafi aukist frá háspennumöstrum frá fyrri rannsókn. Eins og fram kemur í umhverfismatsskýrslu verður við útboð á möstrum lögð áhersla á að notað sé gæða sink við galvanhúðun og að sinkhúð fái nægan tíma til að fullharðna til að lágmarka áhrif á umhverfið.</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
11.6	Náttúrufræðistofnun Íslands	11	Fuglalíf	Heildaráhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf eru metin nokkuð neikvæð á fuglalíf og getur Náttúrufræðistofnun tekið undir þá niðurstöðu í heild. Töluverður munur er þó á metnum áhrifum eftir ólíkum hlutum línunnar og eru þau metin mun minni fyrir C-hluta en hina hlutana þrjá þar sem áhrifin eru metin nokkuð til talsvert neikvæð, óháð valkostum að mestu. Víða mun röskun verða á búsvæðum fugla, m.a. á mikilvægu fuglasvæði – Arnarvatnsheiði/Tvíðægri – og í mikilli nálægð við fleiri mikilvæg fuglasvæði, einkum Andakíl, Grunnafjörð og Hvalfjörð. Einnig verður víða rask á búsvæðum þar sem þéttleiki fugla er mikill og/eða á svæðum sem eru mikilvæg búsvæði fyrir ábyrgðartegundir og tegundir á valista. Náttúrufræðistofnun tekur undir með niðurstöðu matsins að blesgæs er sú tegund sem sérstaklega þarf að huga að með tilliti til áhrifa framkvæmdarinnar. Rétt er að við almennt mat á röskun búsvæða er hætta á að slík röskun sé meiri þegar valkostir fela í sér að brjóta nýtt land undir mannvirkjabelti. Það getur þó verið breytilegt ef t.d. búsvæði fugla nær núverandi byggðalínu, s.s. tiltekna vistgerðir eða vötn og tjarnir, hafa hærra gildi fyrir fuglalíf en valkostir sem fela í sér hliðrun.	Athugasemd krefst ekki viðbragða af hálfu Landsnets.
11.7	Náttúrufræðistofnun Íslands	11	Fuglalíf	Ljóst er að framkvæmdin mun auka áflugshættu því jafnvel þótt byggðalínu yrði alltaf fylgt og engin ný mannvirkjabelti, þá mun Holtavörðuheidiarlína 1 verða hærrí en byggðalínan og líkur á áflugi því aukast alls staðar. Þar sem valkostir gera ráð fyrir hliðrun bætast við fleiri mannvirkjabelti með áflugshættu á nýjum svæðum. Óháð útfærslu er því skýrt að gera þarf ráðstafanir til að draga úr slíkri hættu alls staðar þar sem við á.	Eins og niðurstöður umhverfismats Holtavörðuheidiarlínu 1 og samanburður valkosta gefa til kynna, þá getur skapast meiri áflugshætta þegar ný lína víkur frá núverandi línuleið. Í umhverfismatinu er byggt á gögnum sem sýna helstu kafla þar sem blesgæsir þvera línuleiðina og ummerki um áflug á núverandi línur. Því liggur fyrir hvar helstu álagssvæðin eru m.t.t áflugs og byggja þær mótvægisáðgerðir sem Landnet hyggst ráðast í á þeim gögnum. Eins og fram kemur í kafla 11.11 í umhverfismatsskýrslu þá verður sýnileiki línunnar aukinn með merkingu raflína á helstu álagssvæðum, sbr. þau svæði sem gögn um helstu áflugsstaði sýna (byggt á hitakortum af flugleiðum blesgæsa og fjölda fuglshræja „gorma“, en útfærsla merkinga, val þeirra og vöktun verður unnin í samráði við fuglafræðing. Í upphafi reksturs línunnar verður því komið fyrir mótvægisáðgerðum m.t.t áflugs sem eiga að skila sem mestum ávinningi.
11.8	Náttúrufræðistofnun Íslands	11	Fuglalíf	Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við aðferðafræði eða niðurstöður þeirra fuglaathugana sem framkvæmdar voru í umhverfismatinu. Stofnunin vill þó árétta að rannsóknir á áflugi geta falið í sér ýmsar skekkjur sem taka þarf tillit til. Eftir því sem fuglarnir eru minni, því minni líkur eru að finna hræ þeirra auk þess sem rannsóknir erlendis frá hafa sýnt að þau geta verið mjög fljót að hverfa. Benda má á að meðfram línunum um Andakíl og Grundartanga var einungis gengið tvisvar sinnum og er það í minna lagi til að fá gott mat á áflug. Þrátt fyrir að ferðirnar væru fáar fundust hræ sem benda greinilega til þess að ákveðin svæði feli í sér meiri áflugshættu en önnur og það ber að taka alvarlega. Mikilvægt er að slík svæði séu áfram vöktuð til að fá skýrari mynd á áflugið. Best væri að nota myndavélar eða aðrar tæknilausnir. Þá telur Náttúrufræðistofnun mikilvægt að efla rannsóknir sem stuðla að því að fjölga notkun senditækja til að bæta upplýsingar um ferðir hinna ýmsu fuglategunda	Eins og niðurstöður umhverfismats Holtavörðuheidiarlínu 1 og samanburður valkosta gefa til kynna, þá getur skapast meiri áflugshætta þegar ný lína víkur frá núverandi línuleið. Í umhverfismatinu er byggt á gögnum sem sýna helstu kafla þar sem blesgæsir þvera línuleiðina og ummerki um áflug á núverandi línur. Því liggur fyrir hvar helstu álagssvæðin eru m.t.t áflugs og byggja þær mótvægisáðgerðir sem Landnet hyggst ráðast í á þeim gögnum. Eins og fram kemur í kafla 11.11 í umhverfismatsskýrslu þá verður sýnileiki línunnar aukinn með merkingu raflína á helstu álagssvæðum, sbr. þau svæði sem gögn um helstu áflugsstaði sýna (byggt á hitakortum af flugleiðum blesgæsa og fjölda fuglshræja „gorma“, en útfærsla merkinga, val þeirra og vöktun verður unnin í samráði við fuglafræðing. Í upphafi reksturs línunnar verður því komið fyrir mótvægisáðgerðum m.t.t áflugs sem eiga að skila sem mestum ávinningi.



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
11.9	Náttúrufræðistofnun Íslands	11, 11.5	Fuglalíf	Á svæði A er mikilvægi og viðkvæmni fuglalífs metin miðlungs fyrir báða valkosti sem þar eru til skoðunar. Hins vegar er umfang áhrifa metið meira fyrir valkost A1.a heldur en aðalvalkostinn A1 þar sem minna rask verður á búsvæði Hólmavatns í framkvæmd á aðalvalkostinum. Á hinn bóginn er hætta á áflugi metin meiri fyrir A1 en A1.a, þar sem þá bætist við nýtt mannvirkjabelti á svæðinu sem mikilvæg flugleið álfra og gæsa og fleiri fugla liggur um, enda svæðið mitt á milli tveggja mikilvægra fuglasvæða, Grunnafjarðar og Hvalfjarðar. Athuganir á áflugi á núverandi byggðalínu norðan við Grundartanga sýnir að áflug er verulega mikið á svæðinu. Í raun er núverandi ástand óviðunandi og nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að draga úr áfluginu. Holtavörðuheildarlína 1 mun auka áflugshættu og af valkostunum tveimur er það nokkuð skýrt að valkostur A1 er verri en A1.a. Náttúrufræðistofnun telur því að af tvennu illu ætti að forðast valkost A1 þrátt fyrir að umfang annarra áhrifa á fuglalíf sé metið minna. Svo alvarleg er staðan með tilliti til áflugs og aukinnar áflugshættu. Mjög mikilvægt er að auka vöktun á áflugi á svæðinu samhliða uppbyggingu Holtavörðuheildarlínu 1 og ráðast strax í mótvægisáðgerðir.	Þrátt fyrir að valkostir Holtavörðuheildarlínu 1 liggi um áþekk svæði er í sumum tilvikum hægt að sjá staðbundinn mun áhrifa. Þau áhrif eru mismunandi á ólíka umhverfisþætti, t.d. getur samanburður valkosta leitt í ljós að tiltekinn valkostur hefur neikvæðari áhrif á mögulega áflugshættu, en leitt til minna rasks á vistgerðum með mikilvægt verndargildi og þar með búsvæðum fugla. Þar fyrir utan geta áhrif valkostanna líka verið ólík með tilliti til þess hve mikið þau raska landbúnaðarlandi, sem nauðsynlegt er að taka tillit til þegar farið er með línu um landbúnaðarsvæði. Því þarf niðurstaða um aðalvalkost að taka tillit til fleiri en eins umhverfisþátta og eins samfélagslegra þátta, líkt og atvinnu. Eins og niðurstöður umhverfismats Holtavörðuheildarlínu 1 og samanburður valkosta gefa til kynna, þá getur skapast meiri áflugshætta þegar ný lína vikur frá núverandi línuleið. Í umhverfismatinu er byggt á gögnum sem sýna helstu kafla þar sem blesgæsir þvera línuleiðina og ummerki um áflug á núverandi línur. Því liggur fyrir hvar helstu álagssvæðin eru m.t.t áflugs og byggja þær mótvægisáðgerðir sem Landnet hyggst ráðast í á þeim gögnum. Eins og fram kemur í kafla 11.11 í umhverfismatsskýrslu þá verður sýnileiki línunnar aukinn með merkingu raflína á helstu álagssvæðum, sbr. þau svæði sem gögn um helstu áflugsstaði sýna (byggt á hitakortum af flugleiðum blesgæsa og fjölda fuglshræja „gorma“, en útfærsla merkinga, val þeirra og vöktun verður unnin í samráði við fuglafræðing. Í upphafi reksturs línunnar verður því komið fyrir mótvægisáðgerðum m.t.t áflugs sem eiga að skila sem mestum ávinningi.
11.10	Náttúrufræðistofnun Íslands	11, 11.6	Fuglalíf	Á B-hluta línunnar er nokkur munur á valkostunum með tilliti til metinna áhrifa á fugla. Valkostur B3 sem er ekki aðalvalkostur framkvæmdarinnar sker sig nokkuð úr því hann er sá eini þar sem áhrif á fuglalíf eru metin talsvert neikvæð enda liggur valkosturinn um dvalarsvæði blesgæsa og áflugshætta sömuleiðis metin miðlungs til mikil. Náttúrufræðistofnun tekur undir með því að hafna þeim valkosti. Aðalvalkostirnir þrír, B1, B2 og B5 eru allir metnir með nokkuð neikvæð áhrif, af þeim er B1 metinn með hærra mikilvægi og viðkvæmni fyrir fuglalíf en hinir tveir. Allir þrír eru þó metnir með eilítið meiri neikvæð áhrif en samanburðarvalkostirnir sem fela í sér að fylgja byggðalínunni. Það er einkum vegna aukinnar áflugshættu enda um ný mannvirkjabelti að ræða. Munurinn er þó ekki mikill því alla jafna liggja nýju valkostirnir fjær mikilvæga fuglasvæðinu í Andakíl en núverandi byggðalína. Engu síður telur Náttúrufræðistofnun skýrt í niðurstöðu matsins að til að draga úr áflugshættu fyrir blesgæs og aðrar fuglategundir sé á B-hluta línunnar skynsamlegra að fylgja byggðalínunni frekar en að brjóta nýtt land og bæta við nýjum mannvirkjabeltum.	Umhverfismatið dregur fram hvaða umhverfisáhrif mismunandi valkostir um línuleið geta haft í för með sér. Þær upplýsingar eru m.a. grundvöllur ákvörðunar Landsnets um aðalvalkost, sem byggir á mati á áhrifum á fleiri umhverfisþætti en fuglalíf og þar með áflugshættu.
11.11	Náttúrufræðistofnun Íslands	11, 11.7	Fuglalíf	Á C-hluta línunnar eru áhrif á fuglalíf metin óveruleg til nokkuð neikvæð og þetta svæði sker sig frá hinum þremur eins og áður hefur komið fram. Engir valkostir skera sig frá hinum og koma allir þokkalega vel til greina. Almenn viðmið um áhrif á fugla eiga hér við eins og annars staðar, þ.e. að fylgja byggðalínunni frekar en að brjóta nýtt land og bæta við mannvirkjabeltum felur í sér minni neikvæð áhrif á fuglalíf en aðrir valkostir. En á þessum hluta er eðlilegt að aðrir umhverfisþættir þar sem áhrif eru metin meiri vegi þyngra við val á útfærslum hér en áhrif á fuglalíf.	Athugasemd krefst ekki viðbragða af hálfu Landsnets.



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
11.12	Náttúrufræðistofnun Íslands	11, 11.8	Fuglalíf	Á D-hluta línunnar eru áhrif á fuglalíf metin nokkuð neikvæð enda liggur línun um mikilvægt fuglasvæði (Arnarvatnsheiði-Tvídægri) að hluta og raskar ýmsum búsvæðum fugla. Áflugshætta mun einnig aukast með nýrri og hærri línu en engin ný mannvirkjabelti eru áformuð sem er jákvætt. Mikilvægar flugleiðir álfta og gæsa liggja um svæðið og huga þarf vel að mótvægisáðgerðum, einkum þar sem rannsóknir sýna mestu álagspunktana. Bæta ætti rannsóknir á ferðum fleiri fugla, t.d. himbrima og lóms, um svæðið til að fá betri sýn á mögulega áflugshættu.	Sjá svar við lið 11.9.
11.13	Náttúrufræðistofnun Íslands	11, 11.9	Fuglalíf	BC-valkosturinn um Hallarmúlaleið er metin óæskilegri en samanburðarleiðin, m.a. vegna aukinnar áflugshættu þar sem hún felur í sér mjög langa, nýja línuleið yfir svæði sem eru óskert af raflinum. Náttúrufræðistofnun er samþykkt því að henni sé hafnað.	Athugasemd krefst ekki viðbragða af hálfu Landsnets. Náttúrufræðistofnun tekur undir niðurstöðu umhverfismatsins um BC1-Hallarmúlaleið.
11.14	Náttúrufræðistofnun Íslands	11, 11.11	Fuglalíf	Náttúrufræðistofnun telur afar mikilvægt að lögð sé áhersla á að útfæra og framkvæma nauðsynlegar mótvægisáðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum á fuglalíf. Þær snúa m.a. að mótvægisáðgerðum til að draga úr búsvæðaraski en um þær er að mestu fjallað í kafla umhverfismatsins um gróður og má þar nefna aðgerðir til að draga úr breytingum á vatnsflæði í votlendi. Í kafla 11 um fugla er einkum fjallað um mótvægisáðgerðir gegn áflugi og þær fela m.a. í sér að skilgreina sérstök álagssvæði, einkum fyrir blesgæs en einnig almennt. Þá er stefnt að því að auka sýnileika raflína með merkingum. Mjög mikilvægt er að þetta sé útfært vandlega, byggt á bestu upplýsingum um gagnsemi ólíkra merkinga og að markviss vöktun með áflugi sé sett á laggirnar til að meta árangur aðgerðanna.	Sjá svar við 11.9. um áflug og mótvægisáðgerðir. Landsnet leggur á það ríka áherslu við framkvæmdir í votlendi að breytingar á vatnsflæði verði að algeru lágmarki. Benda má á að framkvæmdir við Hólasandslínu 3 voru á hluta til í viðfeðmu votlendi og í umhverfisúttekt framkvæmdarinnar haustið 2024 voru þeir umsagnar- og leyfisveitendur ánægðir með hvernig til hafði tekist um að lágmarka röskun votlendisins. Þar var m.a. á mjög votlendu svæði á austanverðri Fljótshéi gerðar grjóttstyrktar dældir í vegslóðann til að hleypa vatni yfir hann og fram hjá. Miðað við ástand votlendisins beggja vegna slóðar, virðist hún ekki hafa leitt til frekari röskunar votlendis, en það sem varð fyrir beinum áhrifum af tilkomu slóðarinnar. Sjá umhverfisúttekt HS3 (https://landsnet.is/library/?itemid=c37e3a16-5d28-4b7c-975d-ab0bfd2a11dc)
11.15	Náttúrufræðistofnun Íslands	11, 11.11	Fuglalíf	Stofnunin vill einnig benda á að það eru staðfest tilvik um að hafnir hafa drepist við að fljúga á línur, t.d. á Brennimelslínu 1 þar sem hún liggur yfir í Þyri í Hvalfirði. Mikið er um ferðir arna víða á áhrifasvæði framkvæmdarinnar þ.m.t. Hvalfirði, Borgarfirði og Holtavörðuheiði og er útil upplýsingar um þær ferðir í forum Náttúrufræðistofnunar. Fyrir jafn faliðaðan stofn þarf ekki mikil umframföll til að hafa neikvæð áhrif á stofnstigi. Því er mikilvægt að við mat á áflugshættu og mögulegar mótvægisáðgerðir sé tekið tillit til tegundarinnar	Samkvæmt óbirtum upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun, sem vísað er til í umsögninni, er um ókynþroska unga erni að ræða sem ekki eru með föst óðöl. Þeir flækjast því víða um, m.a. þar sem háspennulínur er að finna. Ekki er um að ræða sérstaka staði á leið Holtavörðuheiðarlínu 1 þar sem meiri hætta er fyrir erni og því vandséð að hægt sé að bregðast sérstaklega við. Komi slíkir staðir í ljós við vöktun verða mótvægisáðgerðir skoðaðar.
11.16	Náttúrufræðistofnun Íslands	12	Vatnalíf	Eitt stöðuvatn, Hólmavatn, og allmargar ár, þ.m.t. stærri ár sem sumar eru gjöfular laxveiðiár, eru á línuleiðinni og geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdinni. Þá eru 18 möguleg efnistökusvæði staðsett í eða við árfarvegi eða vötn og meta þarf áhrif efnistökkunnar á lífríki þessara ferskvatnsvistkerfa. Jákvætt er að stuðst verður við ráðleggingar Hafrannsóknarstofnunar og m.a. forðast efnistöku úr ám eða vötnum nema nauðsyn krefur og þá samkvæmt leiðbeiningum Hafrannsóknarstofnunar um nauðsynlegar mótvægisáðgerðir.	Landsnet mun fylgja ráðleggingum Hafrannsóknarstofnunar um mótvægisáðgerðir til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á vatnalíf, sbr. kafla 12.6.1 og 22.3 í umhverfismatskýrslu. Landsnet mun sjá til þess að könnun fari fram á þeim efnistökusvæðum sem Hafrannsóknarstofnun hefur ráðlagt að könnuð verði á vettvangi áður en efnistaka verður skipulögð (efnistökuáætlun) og varða endanlega línuleið.



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
11.17	Náttúrufræðistofnun Íslands	12	Vatnalíf	<p>Á A-hluta línunnar mun valkostur A hafa meiri áhrif á lífríki Hólmavatns sem og Kalmansár vegna líklegs uppróts og gruggmyndunar en valkostur A1 þar sem hann mun ekki raska vötnum eða árfarvegi. Engir valkostir á B, C eða D leið né valkostur BC1 munu valda landraski í vötnum eða árfarvegum. Hins vegar eru efnistökusvæði á B, C og D-hlutum línunnar og er vatnalíf sérstaklega metið með hátt mikilvægi og miðlungs-hátt viðkvæmni á völdum efnistökusvæðum í B-hluta (í áreyrum Hvítár) og C-hluta (á áreyrum Litlu-Þverár og Örnólfsdalsár sem báðar tilheyra vatnasviði Þverár). Í D-hluta eru efnistökusvæði við Norðurá en vatnalíf þar er metið með miðlungs mikilvægi og lágt-miðlungs viðkvæmni. Efnistaka úr áreyrum getur valdið röskun á árfarvegi, búsvæðum og veiðistöðum og er metið að varanleiki áhrifa geti orðið mikill, þ.m.t. áhrif á lífríki. Fiskiganga getur minnkað og þar með veiði. Fram kemur að sérfræðingar Hafrannsóknarstofnunar mæla eindregið gegn efnistöku á efnistökusvæðum staðsettum á áreyrum á B og C-hluta línunnar þar sem áhrifin eru talin geta verið mikil. Náttúrufræðistofnun telur afar mikilvægt að ráðleggingum Hafrannsóknarstofnunar sé fylgt. Neikvæð áhrif á lífríki straumvatna, þ.m.t. fiska, geta haft áhrif upp fæðukeðjuna, t.d. á fugla sem nýta sér árnar sem fæðuöflunarsvæði. Forðast ber því að taka áhættu á slíkum afleiðingum. Ef ekki er mögulegt að falla frá þeim efnistökuáformum sem Hafrannsóknarstofnun mælir gegn, þarf að tryggja að mótvægisáðgerðir séu framkvæmdar og að öruggt sé að þær dugi til að koma í veg fyrir óásættanleg neikvæð áhrif. Fram kemur í umhverfismatsskýrslunni að svo stöddu liggi ekki fyrir ákvörðun um endanleg efnistökusvæði og að nákvæm efnistökuáætlun verði sett fram á síðari stigum. Óvissa er því um hvernig endanleg útfærsla á þessum framkvæmdaþætti verður. Mikilvægt er að greiða úr þeirri óvissu og forðast að taka óþarfa áhættu fyrir lífríki þeirra straumvatna sem um ræðir.</p>	<p>Landsnet mun fylgja ráðleggingum Hafrannsóknarstofnunar um mótvægisáðgerðir til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á vatnalíf, sbr. kafla 12.6.1 og 22.3 í umhverfismatsskýrslu. Landsnet mun sjá til þess að könnun fari fram á þeim efnistökusvæðum sem Hafrannsóknarstofnun hefur ráðlagt að könnuð verði á vettvangi áður en efnistaka verður skipulögð (efnistökuáætlun) og varða endanlega línuleið.</p>
11.18	Náttúrufræðistofnun Íslands	14, 15	Ásýnd	<p>Holtavörðuheildarlína 1 verður vel sýnileg og almenn ásýndaráhrif og áhrif á landslag því umtalsverð breyting frá núverandi ástandi. Nokkur munur er þó milli valkosta hvað varðar ásýndaráhrif sbr. Mynd 14.5, en þau voru metin út frá ásýndarbreytingum frá byggð annars vegar og fjölförnum stöðum hins vegar. Valkostir á B-leið eru t.d. töluvert mismunandi og þar hefur B3 mest neikvæð áhrif en B1 og B5 minnst. Minni munur er milli valkosta á C-leið en þar virðast minni ásýndaráhrif af valkostum sem fela í sér hliðrun heldur en þar sem ný lína er lögð meðfram byggðarlínu. Ljóst er að valkostur BC1 fær slæma einkunn með tilliti til ásýndaráhrifa sem bætir við rök gegn því að sú leið sé valin.</p>	<p>Umsögnin krefst ekki viðbragða af hálfu Landsnets.</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
11.19	Náttúrufræðistofnun Íslands	15	Landslag	<p>Varðandi áhrif á landslag er stuðst við greiningar á landslagi samkvæmt LCA aðferðafræðinni eins og áður hefur verið gert í umhverfismati flutningslína Landsnets. Holtavörðuheildarlína 1 mun liggja um þrjár landslagsgerðir og alls fimm landslagssvæði samkvæmt LCA greiningunni. Fyrir hvert landslagssvæði er lagt mat á grunnástand þar sem horft er til gildis landslags og hversu viðkvæmt það er fyrir breytingum. Mat á gildi felur m.a. í sér mat á verndargildi m.t.t. náttúruminja og þar er m.a. horft til verndarsvæða og náttúruminja undir verndun. Einnig er lagt mat á minja- og sagnagildi og útivistargildi. Náttúrufræðistofnun hefur ekki faglegar forsendur til að leggja mat á gildismat varðandi aðra þætti en verndargildi m.t.t. náttúruminja sem takmarkar hversu vel stofnunin getur lagt mat á heildargildið og hvernig það hefur áhrif á umhverfismatið. Stofnunin hefur sömuleiðis takmarkaðar forsendur til að leggja mat á viðkvæmni þar sem er horft til ýmissa þátta sem ekki eru á fagsviði stofnunarinnar. Við gildismat einstakra landslagsheilda sem fjallað er um í kafla 15.3.3 er ekki alveg skýrt hvernig ólíkir matsþættir koma saman eða hvernig vægi þeirra er reiknað þegar niðurstaða gildismatsins er kynnt. Eins og áður segir telur Náttúrufræðistofnun sig ekki hafa forsendur til að rýna flokkun landslagsheildanna til hlítar en vill þó benda á tilfelli þar sem stofnunin setur spurningamerki við gildismatið. Það er m.a. Hvalfjarðarströnd og Leirársveit sem er metin með lágt mikilvægi sem landslagsheild. Vissulega eru ummerki mannsins mjög ríkjandi innan heildarinnar en nálægð hennar við verndarsvæði Grunnafjarðar og aðrar aðliggjandi landslagsheildir, s.s. Skarðsheiði, Akrafjall og innanverðan Hvalfjörð þar sem landslag er stórskorið og fjölbreytt, myndi maður halda að skipti máli við mat á þessari tilteknu landslagsheild. Það er erfitt að taka hana úr samhengi við nálæg svæði enda útsýni úr landslagsheildinni mikið og skoða þyrfti betur innan landslagsheildarinnar hvort viðkvæmni sé alls staðar sú sama. Velta má fyrir sér hvort miðlungs mikilvægi væri ekki eðlilegri niðurstaða.</p>	<p>Landsnet vísar til Viðauka 7 með umhverfismatsskýrslu framkvæmdarinnar um gildismat einstakra landslagsheilda og hvernig ólíkir matsþættir koma saman eða hvernig vægi þeirra er reiknað þegar niðurstaða gildismatsins er kynnt. Í kafla 5.1 í Viðauka 7, þ.e. í skýrslu Verkís Landslagsgreining á áhrifasvæði Holtavörðuheildarlínu, kemur m.a. fram að heildargildismatið byggir annars vegar á mikilvægi landslagsheilda sem samanstandur af verndarákvæðum, útivistargildi og minja- og sagnagildi. Hins vegar byggir heildargildismatið á viðkvæmni landslagsheilda fyrir breytingum. Heildargildismatið byggir því á fjórum þáttum sem hver og einn vegur jafnt.</p> <p>Hvað varðar gildismat fyrir landslagsheildina Hvalfjarðarströnd og Leirársveit þá er vísað til þeirra viðmiða sem voru til grundvallar mati á gildi landslagsheilda. Um er að ræða lykil að gildismati landslagsheilda (kafla 3.1 í Viðauka 7) og viðmið fyrir einstaka matsþætti þ.e. verndarákvæði, útivistargildi, minja- og sagnagildi og viðkvæmni heilda fyrir breytingum (kaflar 3.1.1 til 3.1.5 í Viðauka 7). Við mat á gildi landslagsheildarinnar Hvalfjarðarströnd og Leirársveit er m.a. litið til þess að aðliggjandi henni er Grunnafjörður sem er friðland og Ramsarsvæði. Svæðið hefur hátt verndargildi og heilt yfir hátt gildi m.t.t. landslags. Þetta kemur m.a. fram í kafla 15.3.3. Skarðsheiði er sérstök landslagsheild og er gildi hennar metið sérstaklega.</p> <p>Landsnet er sammála því sem kemur fram í umsögninni að ummerki mannsins eru mjög ríkjandi innan heildarinnar Hvalfjarðarströnd og Leirársveit. Þar er m.a. umfangsmikið iðnaðarsvæði með verksmiðjum. Innan heildarinnar eru ekki verndarsvæði. Á tilteknum stöðum eða svæðum eru náttúruminjar sem njóta verndar laga um náttúruvernd en umfang þeirra er lítið. Innan heildarinnar eru nokkrir áfangsstaðir ferðamanna, þétt net ferðaleiða og veiði í Laxá, en tiltölulega fáir minjastaðir og útivistarsvæði. Það er því mat Landsnets að verndargildi og minja- og sagnagildi heildarinnar sé lág, en útivistargildið miðlungs. Sem fyrr segir byggir matið á skilgreindum viðmiðum og fyrirliggjandi gögnum um ofangreinda þætti.</p> <p>Landsnet telur ekki forsendur til að hækka mikilvægi (verndarákvæði, útivistargildi og minja- og sagnagildi) landslagsheildarinnar Hvalfjarðarströnd og Leirársveit, miðað við skilgreind viðmið og fyrirliggjandi gögn.</p> <p>Hvað varðar mat á grunnástandi landslags á einstökum hlutum línuleiðar Holtavörðuheildarlínu 1 er nánar vikið að þeim þáttum sem rætt er um í umsögninni, þ.e. staðbundnum þáttum og vægi þeirra er varða einstaka valkosti um línuleiðir eða efnistökusvæði. Í því sambandi skal bent á að mikilvægi landslagsheilda á áhrifasvæði A-Meðfram byggðalínu er miðlungs til hátt fyrir þann hluta og þar vegur þyngst að línun liggur um landslagsheildirnar Skarðsheiði og Andakíl. Við mat á grunnástandi landslags á efnistökusvæðum á A hluta línuleiðarinnar er auk þess vikið að nálægð við friðland og Ramsar svæði í Grunnafirði og verndarsvæði í Andakíl.</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
11.20	Náttúrufræðistofnun Íslands	15	Landslag	Landslagsheildin Norðurárdalur er metin með miðlungs til hátt mikilvægi. Náttúrufræðistofnun telur að þrátt fyrir áberandi ummerki mannsins sé landslag svæðisins það fjölbreytt og stórbrotið á köflum að nærri lagi væri að flokka gildi þess sem hátt. Mun fleiri áberandi kennileiti er þar að finna en Baulu og Norðurá, svo sem Grábrók og Grábrókarhaun, Hreðavatn og fleiri svipmikil fjöll eins Hraunsnefsöxl, Vikrafell og sjálfan Grjótháls sem myndar svipmikla umgjörð um hluta dalsins. Fjölbreytt gróðurfar, þ.m.t. mikið birkikjarr sem er vistgerð með hátt verndargildi, setur sterkan svip víða í dalnum	Landsnet bendir á að Grjótháls er skilgreindur sem sérstök landslagsheild og gildi landslagsheildarinnar er metið sérstaklega. Við mat á gildi landslagsheildarinnar Norðurárdalur er tekið mið af þeim náttúruvættum sem eru á svæðinu, svo sem Grábrókargígum og Hreðavatni. Hraunsnefsöxl er á jaðri landslagsheildarinnar og vissulega setur hún svip sinn á umhverfi Norðurárdals. Vikrafell er talsvert utan landslagsheildarinnar. Landsnet bendir á að verndargildi og minja- og sagnagildi er metið miðlungs en útivistargildi hátt fyrir landslagsheildina Norðurárdalur. Á hinn bóginn er heildargildismat miðlungs og veldur þar miklu að ummerkja mannsins gætur á stórum svæðum (gildi fyrir viðkvæmni er lágt). Landsnet telur forsendur ekki vera fyrir því að hækka gildi landslagsheildarinnar Norðurárdalur fyrir verndarákvæði og minja- og sagnagildi, eða heildargildismat á þeirri forsendu sem nefnd er í umsögninni.
11.21	Náttúrufræðistofnun Íslands	15	Landslag	Við mat á áhrif Holtavörðuheiðarlínu 1 á landslag er nokkur munur eftir línuhlutum og þeim landslagsheildum sem línan liggur um. Heilt yfir eru áhrifin metin nokkuð til talsvert neikvæð fyrir alla fjóra línuhluta sbr. mynd 15.20. Almennt má segja að þar sem valkostir gera ráð fyrir hliðrun á línunni og nýju mannvirkjabelti eru áhrif á landslag metin meiri og neikvæðari en þar sem línan liggur samhliða núverandi byggðalínu. Það á þó ekki við um valkosti B1 og B2 sem eru metnir með sambærileg eða jafnvel minni áhrif en samanburðarvalkostir. Er það einkum vegna meiri nálægðar samanburðarvalkosta við byggð, samlegðaráhrifa við Hrutatungulínu 1 og því sem ásýndarmyndir sýna.	Athugasemd krefst ekki viðbragða af hálfu Landsnets.
11.22	Náttúrufræðistofnun Íslands	22	Heildaráhrif	Valkostur BC – Hallarmúlaleið, er óheppilegri valkostur en aðalvalkosturinn þegar kemur að áhrifum á jarðmyndanir og sennilega eilítið óheppilegri sömuleiðis fyrir áhrif á fuglalíf og landslag og ásýnd en aðalvalkosturinn. Fyrir aðra umhverfisþætti virðist hann aldrei fela í sér minni umhverfisáhrif en aðalvalkosturinn. Því er eðlileg niðurstaða að hafna þeim valkosti og er Náttúrufræðistofnun fylgjandi því.	Athugasemd krefst ekki viðbragða af hálfu Landsnets. Náttúrufræðistofnun tekur undir niðurstöðu umhverfismatsins um BC1-Hallarmúlaleið.
11.23	Náttúrufræðistofnun Íslands	22	Heildaráhrif	Valkostur A1 er aðalvalkostur framkvæmdarinnar á A-hluta línuleiðarinnar, og er það m.a. rökstutt þar sem hann er talinn hafa minni áhrif á gróður, ásýnd og landslag, ferðapjónustu og útivist og loftslag en valkostur A sem fylgir byggðalínunni. Náttúrufræðistofnun telur engu að síður að þrátt fyrir að það muni fela í sér meiri neikvæð áhrif á gróður og mögulega búsvæði fuglategunda sem nýta sér votlendi, sé ástæða til að hafa miklar áhyggjur af þeirri auknu áflugshættu sem valkostur A1 felur í sér. Áflug er nú þegar mikið vandamál við núverandi byggðalínu og af tvennu illu, eru meiri líkur á að valkostur A1 muni valda meiri aukningu á áflugshættu því þá eru tvö mannvirkjabelti í stað eins á þessari mikilvægu farleið ýmissa fuglategunda þ.m.t. viðkvæmra tegunda eins og hafarnar. Þetta mætti koma skýrar fram í samantekt á umhverfisáhrifunum í kafla 22.2.1.2. Þá þyrfti einnig að leggja í mótvægisáðgerðir á mun stærra svæði heldur en ef valkostur A er valinn. Fyrir þennan tiltekna legg Holtavörðuheiðarlínu 1 er það mat Náttúrufræðistofnunar að mikilvægast sé að draga sem mest úr áflugi, þó það þýði meira rask á votlendi og við Hólmavatn	Umhverfismatið dregur fram hvaða umhverfisáhrif mismunandi valkostir um línuleið geta haft í för með sér. Þær upplýsingar eru m.a. grundvöllur ákvörðunar Landsnets um aðalvalkost. Ákvörðun um aðalvalkost byggir á mati á áhrifum á fleiri umhverfisþætti en fuglalíf og þar með áflugshættu. Eins og niðurstöður umhverfismats Holtavörðuheiðarlínu 1 og samanburður valkosta gefa til kynna, þá getur skapast meiri áflugshætta þegar ný lína vikur frá núverandi línuleið. Í umhverfismatinu er byggt á gögnum sem sýna helstu kafla þar sem blesgæsir þvera línuleiðina og ummerki um áflug á núverandi línur. Því liggur fyrir hvar helstu álagssvæðin eru m.t.t. áflugs og byggja þær mótvægisáðgerðir sem Landnet hyggst ráðast í á þeim gögnum. Eins og fram kemur í kafla 11.11 í umhverfismatsskýrslu þá verður sýnileiki línunnar aukinn með merkingu raflína á helstu álagssvæðum, sbr. þau svæði sem gögn um helstu áflugsstaði sýna (byggt á hitakortum af flugleiðum blesgæsa og fjölda fuglshræja hvað mest). Stefnt er að því að merkin verði sett á leiðara samhliða uppsetningu línunnar. Eins og fram kemur í umhverfismatsskýrslu kemur helst til greina að setja upp svokallaðar „gorma“, en útfærsla merkinga, val þeirra og vöktun verður unnin í samráði við fuglafræðing. Í upphafi reksturs línunnar verður því komið



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
					fyrir mótvægisáðgerðum m.t.t áflugs sem eiga að skila sem mestum ávinningi. Landsnet vill áréttta eftirfarandi mótvægisáðgerðir vegna fuglalíf: 1. Sýnileiki raflína verður aukinn með áberandi merkingu á þeim kafla A hluta sem mikill fjöldi hræja fannst nálægt Hólmavatni. 2. Útfærsla merkinga verður unnin í samráði við fuglafræðing.
11.24	Náttúrufræðistofnun Íslands	22	Heildaráhrif	Á B-hluta línuleiðarinnar eru meðal aðalvalkosta að hliðra legu línunnar frá núverandi byggðarlínu á þremur stöðum sem eru valkostir B1, B2 og B5. Allt eru þetta frekar stuttir leggir og því kemur kannski ekki á óvart að samanburðir við valkostinn að fylgja núverandi byggðarlínu gefa sjaldnast til kynna mikinn mun. Helst er það rask á jarðmyndunum sem er metið meira fyrir alla þrjá valkostina. Þá er áflugshætta fyrir fugla metin eilítið meiri því um ný mannvirkjabelti er að ræða. Á móti vegur að í tilfelli B1 fjarlægist línun mikilvæga fuglasvæðið í Andakíl og gæti þar með hlíf búsuvæðum blesgæsa. Áhrif á gróður eru alls staðar talsvert neikvæð í B-hlutanum og framkvæmd mótvægisáðgerða því lyklatríði til að veða upp þau neikvæðu áhrif. Eilítið meira rask verður á votlendi í valkosti 5 en samkvæmt byggðalínunni. Miðað við þá niðurstöðu sem er kynnt í umhverfismatinu telur Náttúrufræðistofnun aðvalkostur B2 komi jafn vel til greina og valkostur B2.a sem fylgir byggðarlínunni en sé ekki endilega mikið heppilegri með tilliti til þeirra umhverfisþátta sem stofnunin leggur mat á. Hins vegar er skýrt að valkostir B1 og B5 séu síðri en samanburðarvalkostirnir sem fylgja byggðalínunni og er stofnunin ósammála þeirri niðurstöðu umhverfismatsins að velja þá sem aðalvalkosti.	Ákvörðun um aðalvalkost Holtavörðuheidiarlínu 1 byggir á mati á heildaráhrifum (áhrifum á marga umhverfisþætti) fyrir hvern hluta línunnar (þar með talið B-hlutann) og samanburði á staðbundnum áhrifum einstakra valkosta. Rétt er að valkostir á B-hluta eru frekar stuttir leggir og samanburður á áhrifum þeirra og samanburðarkafli er fylgja núverandi byggðarlínu gáfu almennt ekki til kynna mikinn mun og einstakir umhverfisþættir fengu oft svipaða eða sömu vægiseinkunn.
11.25	Náttúrufræðistofnun Íslands	22	Heildaráhrif	Á C-hluta línuleiðarinnar er valkostur C2 valinn er sem aðalvalkostur af þeim fjórum sem þar eru til skoðunar. Hann er eini valkosturinn sem metinn er með minni umhverfisáhrif en samanburðarkosturinn sem fylgir núverandi byggðarlínu. Þó eru áhrif á jarðmyndanir og fuglalíf metin meiri. Aukin áhrif á fuglalíf er einkum vegna meiri áflugshættu við að velja annað mannvirkjabelti. Svæðið er þó ekki metið sérstaklega mikilvægt fyrir farleiðir fugla og áhrif á fuglalíf metin óveruleg til nokkuð neikvæð. Náttúrufræðistofnun myndi telja ákjósanlegra að velja valkost C2.a sem fylgir núverandi byggðarlínu en telur valkost C2 ekki þess eðlis að hann feli í sér mikið verri kost. Þó ætti að horfa til mögulegra sammögnunaráhrifa valkosta sem fela í sér hliðrun á línu með tilheyrandi aukinni áflugshættu á áhrifsvæði framkvæmdarinnar í heild, og ef önnur sjónarmið veða ekki þyngra ætti alla jafna að forðast ný mannvirkjabelti eins og kostur er.	Umhverfismatið dregur fram hvaða umhverfisáhrif mismunandi valkostir um línuleið geta haft í för með sér. Þær upplýsingar eru m.a. grundvöllur ákvörðunar Landsnets um aðalvalkost. Ákvörðun um aðalvalkost byggir á mati á áhrifum fleiri umhverfisþátta en fuglalíf og áflugshættu.
11.26	Náttúrufræðistofnun Íslands	22	Heildaráhrif	Á D-hluta línuleiðarinnar eru engir valkostir og þar sem töluvert er um nokkuð eða talsvert neikvæð áhrif á ýmsa umhverfisþætti er lyklatríði hér eins og almennt með framkvæmdina í heild sinni að horft sé til þess að mótvægisáðgerðum sé beitt með markvissum hætti til að minnka umfang og áhrif af raski á jarðminjar, gróður og búsvæði fugla og vatnalífs, áhrif á ásynd og landslag og til að draga úr áflugshættu. Einnig að fylgt sé eftir áformum um endurheimt votlendis og annarra vistkerfa sem raskast.	Landsnet leggur áherslu á að lágmarka áhrif á jarðmyndanir, gróður, fuglalíf, vatnalíf, ásynd og landslag sem og endurheimt þess votlendis sem tapast og vistgerða sem raskast sbr. kafla 22.3.



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
11.27	Náttúrufræðistofnun Íslands	12	Vatnalíf	Varðandi efnistökusvæðin ítrekar Náttúrufræðistofnun að fylgt sé ráðleggingum Hafrannsóknarstofnunar varðandi efnistöku í árfarvegum að öllu leyti og þar með talið að fallið sé frá efnistöku þar sem það á við.	Landsnet mun fylgja ráðleggingum Hafrannsóknastofnunar um mótvægisáðgerðir til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á vatnalíf, sbr. kafla 12.6.1 og 22.3 í umhverfismatskýrslu.
12.1	Skorradalshreppur	4	Forsendur og markmið	Umhverfisáhrif eru metin í umhverfismatskýrslu Holtavörðuheidiarlínu 1 miðað við að um sé að ræða 220 kV línu en hún er í raun 400 kV lína, sjá kerfisáætlun Landnets síða 23. Háspennulínan er hönnuð þannig að hún beri 400 kV og fram kemur að áform eru um að nýta hana þannig ef þörf krefur. Ekki er lagður fram áætlaður rekstartími línunnar þó að meta eigi áhrif línunnar á rekstartíma. Bæði þessi atriði eru áskilin í reglugerð um umhverfismat, þ.e.a.s. að mannvirkni sé lýst rétt og að rekstartíma sé getið. Mannvirkið er algerlega ofvaxið miðað við þarfir þjóðarinnar og er ekki hægt að réttlæta með orkuskiptum. Enn fremur vantar í matskýrsluna að gerð sé grein fyrir niðurrifi mannvirkisins þegar að þar að kemur en slíkar upplýsingar ber að gefa sbr. 15. gr. sömu reglugerðar. Það er mat sveitarfélagsins með hliðsjón af þessum þremur ofangreindum atriðum beri Skipulagsstofnun að vísa matskýrslu frá sbr. 24. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana þar sem umhverfismat Holtavörðuheidiarlínu 1 er til þess fallin að villa um fyrir almenningi og umsagnaraðilum. [sjá vísun í skjáskot af síðu 23 í Kerfisáætlun Landsnets]	Landsnet vísar því á bug að verið sé að halda því fram að Holtavörðuheidiarlína 1 sé hönnuð fyrir hærri rekstrarspennu en 220 kV og að í framtíðinni megi reka hana sem 400 kV lína. Þessar vangaveltur hafa mögulega komið fram þar sem Holtavörðuheidiarlína 1 er fyrsta 220 kV línan á Íslandi sem er ráðgerð með tvíleiðara (þekkist vel erlendis) en áður hafa allar línur á Íslandi með tvíleiðara (Búrfellslína 3, Sultartangalína 2, Sultartangalína 3 og Fljótsdalslínur 3&4) verið hannaðar og byggðar sem 400 kV línur þó þær séu enn reknaðar sem 220 kV línur. Það á ekki við við nein rök að styðjast að Holtavörðuheidiarlína 1 megi síðar reka á 400 kV spennu og hefur það á engum tímapunkti komið til skoðunar að reka hana á hærri spennu. Holtavörðuheidiarlína 1 er höfð með tvíleiðara til að ná meiri flutningsgetu með hóflegum kostnaði og minnka flutningstöp. Til staðfestingar á að Holtavörðuheidiarlína 1 verði aldrei rekin á 400 kV má nefna eftirfarandi atriði: <ul style="list-style-type: none">• Umfang, hæð mastra og útlit Holtavörðuheidiarlínu 1 og annarra nýlegra 220 kV lína hjá Landsneti sem hafa einleiðara (Kolviðarhólslínu 1, Hólasandslína 3, Kröflulína 3, Kröflulína 4 og Þeistareikjalína 1) og fyrirhugaðra lína sem hafa einleiðara og eru nú í undirbúningi (Suðurnesjalína 2 og Blöndulína 3) er það sama.• Þær línur sem hafa verið byggðar sem 400 kV línur á Íslandi hafa haft fasabil (fjarlægð milli aðliggjandi fasa) á bilinu 12,75 – 13,25 m en fasabil á HH1 er ráðgert ≈10,3 m, þ.e. sambærilegt við aðrar nýlegar 220 kV línur á Íslandi.• Hæðir mastra leyfa ekki að breyta henni í 400 kV því þá þarf lengri einangrara og aukna öryggisfjarlægð yfir jörðu. Hæðir leiðara yfir jörðu verða því ekki uppfylltar við eðlilegan rekstur.• Innri fjarlægðir (þ.e. yfirláttur frá leiðandi hluta yfir í jarðtengda hluta mastra) leyfir ekki að breyta Holtavörðuheidiarlínu 1 í 400 kV því lengri einangrarar og auknar fjarlægðarkröfur verða ekki uppfylltar. Holtavörðuheidiarlínu 1 er ætlað að standa til langrar framtíðar, en niðurrif loftlína byggir á nokkuð þekktu verklagi, m.a. sem nýlega hefur verið viðhaft í niðurrifi Hamraneslína 1&2 innan Hafnarfjarðar. (Sjá kafla 3.3.1 í tilkynningu til Skipulagsstofnunar vegna HS1&2 (Breytingar á Hamraneslínunum 1 & 2)) Það hvernig nákvæmlega verður staðið að niðurrifi línu, ef til þess kemur eftir nokkra áratugi þjónar ekki tilgangi í umhverfismati línunnar áður en hún rís. Komi til niðurrifs línunnar mun undirbúningur og málsmeðferð byggja á aðstæðum (t.d. kerfislegum) sem þá verða til staðar og taka mið af stjórnsýslulegri meðferð sem þá þarf að viðhafa.



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
12.2	Skorradalshreppur	5, 5.1.3	Valkostir	<p>Í umhverfismatsskýrslu H1 kemur fram að meginreglan skal vera að notast sé við loftlínu. Þó skal meta hvort rétt sé að nota jarðstrengi á viðkomandi línu, eða á afmörkuðum köflum hennar, á grundvelli viðmiða sem réttlæta þá að dýrari kostur sé valinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Innan skilgreinds þéttbýlis, sbr. skilgreiningu á þéttbýli í 2. gr. skipulagslaga. • Við flugvöll þar sem sýnt er að loftlína geti haft áhrif á flugöryggi. • Innan friðlands sem verndað er sökum sérstaks landslags. • Innan þjóðgarðs. • Innan friðlands sem er verndað af öðrum sökum, skv. 50. gr. laga um náttúruvernd. <p>Það er mat sveitarfélagsins að þar sem H1 er í nálægð við Hvanneyri sem er þéttbýli sbr. 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og Ramsarsvæði Andakíls er ástæða til þess að finna aðra lagnaleið eða leggja H1 í jörðu á láglandi Andakíls um Breiðumýri. Rannsóknir umhverfismats á fuglalífi sýna óyggjandi að á þessu svæði þarf mikla aðgát og aðra nálgun en lagt er til af framkvæmdaraðila. Það skal bent á að mögulega er það vegna tilstilli núverandi byggðalínu og annarra háspennulína á svæðinu sem að Breiðumýri sem nýtur verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd hafi ekki verið skilgreind innan Ramsarsvæðis Andakíls, en farin var sú leið að láta Borgarfjarðarbraut afmarka svæðið. Breiðumýri í landi Neðri Hrepps uppfyllir tvö ofangreind viðmið en í flestum tilfellum ætti að nægja að uppfylla eitt af þeim og því réttlætir það að dýrari kosturinn sé valin með lagningu jarðstrengs eða farin önnur leið.</p>	<p>Í kafla 5.1.2 í umhverfismatsskýrslu er fjallað um stefnu stjórnvalda og hvenær skuli meta jarðstrengslagnir til jafns við loftlínu í meginflutningskerfinu. Umhverfismat Holtavörðuheildarlínu 1 og valkostir þess eru í samræmi stefnumörkun stjórnvalda og þau skilgreindu verndarsvæði og þéttbýlismörk sem fyrir liggja í dag.</p> <p>Enginn valkostur fellur undir þau viðmið um svæði sem tilgreina hvenær skuli meta jarðstrengsvalkosti til jafns við loftlínu. Það eru tæknilegar takmarkanir sem vege þó enn þyngra við ákvörðun Landsnets um að valkostir Holtavörðuheildarlínu 1 séu loftlínukostir, eins og greint er frá í kafla 5.1.3 í umhverfismatsskýrslunni. Þar kemur fram að miðað við ástand kerfisins 2021 sé svigrúm til jarðstrengslagna í línunni takmarkað, þ.e. 3-4 km. Lengri jarðstrengskafli hefði í för með sér að ekki væri hægt að spennusetja og reka línuna.</p> <p>Hins vegar getur skapast frekara svigrúm í lágspenntari kerfum milli Brennimels og Blöndu þegar komin verður ný 220 kV loftlína og verður meira (fleiri km) en tæknilega er mögulegt fyrir Holtavörðuheildarlínu 1. Eins og segir í kafla 5.1.3 í umhverfismatsskýrslu þá getur meiri umhverfislegur ávinningur fengist með því að nýta tæknilegt svigrúm til jarðstrengslagna á línunum af lægri spennu í nálægð við Holtavörðuheildarlínu 1. Það svigrúm verður m.a. skoðað þegar kemur að endurnýjun þessara lína og þá verður auk annars horft til umhverfislegs ávinnings jarðstrengslagna t.d. m.t.t nálægðar við verndarsvæði fugla.</p>
12.3	Skorradalshreppur	14	Ásýnd	<p>Það skal bent á að í umhverfismati láðist að meta ásýndarbreytingar og sjónræn áhrif frá íbúðarhúsi Neðri Hrepps í átt að nýrri H1. Bærinn er í ábúð og er í innan við 600 fjarlægð frá núverandi byggðalínu. Í kafla 14.4.2.1 kemur fram að Veiðihúsið við Andakílsá sem er í 700 m fjarlægð eru metin miðlungs áhrif og lítil til miðlungs áhrif við Ausu sem er í 1100 m fjarlægð. Í umsögn sveitarfélagsins um matslýsingu var lögð sérstök áhersla á að með landslagsgreiningu yrði sýnt fram á, á faglegan hátt, hvar möguleg lega Holtavörðuheildarlínu 1 gæti verið að teknu tilliti til umhverfisáhrifa á landslag, menningarverðmæta og jarðrækt innan jarðanna, en það var ekki gert. Það er áhæðisvert að ásýndarbreytingar og sjónræn áhrif frá íbúðarhúsum Neðri Hrepps og Efri Hrepps séu ekki metnar. Einnig skal bent á að Landsnet fundaði með hreppsnefnd Skorradalshrepps þann 1. júlí 2024 þar sem bent var á þetta sérstaklega, sjá hjá lagða fundargerð. Sveitarfélagið óskar eftir að ofangreint verði lagað í umhverfismatsskýrslu og vægi áhrifa metin.</p>	<p>Við ásýndargreiningu var notaður gagnagrunnur Landmælinga Íslands um mannvirki (IS 50V, útgáfa 24.12.2020). Neðri-Hreppur er í um 640 m fjarlægð frá línukosti A (tafla 14.6) og Efri-Hreppur í rúmlega 1.000 m fjarlægð.</p> <p>Í umhverfismatsskýrslu eru metnar breytingar á ásýnd frá fjölda bæjarhúsa á leið Holtavörðuheildarlínu 1 en ekki er raunhæft að gera ráð fyrir að slíkt sé gert fyrir sérhvern íverustað á leið línunnar.</p> <p>Í viðauki 6, sýnileikakort í myndahefti fyrir A hluta, er mynd tekin á mótum Mófellsstaðavegar (5095) og afleggjara að Hreppslaug (ásýndarmynd A-10), en frá gatnamótunum er tæplega 200 m bein loflína að íðúðarhúsum á Efri-Hreppi. Ásýndarmyndin ætti að vera nálgun á því sem sjást mun frá húsum Efri-Hrepps og Efri-Hrepps 2.</p> <p>Þó ekki hafi verið unnar ásýndarmyndir fyrir Neðri-Hrepp má sjá að þaðan verði 12-18 möstur sýnileg, samkvæmt sýnileikagreiningu (viðauki 6, sýnileikakort í myndahefti fyrir A hluta). Fjarlægð Neðri-Hrepps og sýnileiki falla í miðlungs vægi, skv. töflu 14.3 um breytur og viðmið við mat á vægi áhrifa vegna ásýndarbreytinga.</p>
12.4	Skorradalshreppur	16	Ferðapjónusta og útvíst	<p>Í umsögn sveitarfélagsins um matslýsingu var einnig óskað eftir að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar yrði metið á þjóðleiðir og mikilvægar gönguleiðir í nágrenni framkvæmdarsvæðis, en það var ekki gert. Sveitarfélagið óskar eftir að umhverfisáhrifin verði metin og vísar í umsögn og hjá lögð gögn sveitarfélagsins um matslýsingu.</p>	<p>Landsnet vísar til umfjöllunar um áhrif Holtavörðuheildarlínu 1 á ferðamannastaði, ferðaleiðir (göngu-, hjóla eða reiðleiðir) og útvístarsvæði í umhverfismatsskýrslu framkvæmdarinnar, þ.e. í köflum 14 Ásýnd, 15 Landslag og 16 Ferðapjónusta og útvíst. Í þessum köflum er ítarleg umfjöllun um sýnileika, sjónræn áhrif, áhrif á landslag, staðbundin landslagsáhrif og ásýndarbreytingar vegna framkvæmdarinnar. Í umhverfismatinu er m.a. byggt á viðtalsrannsókn Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri (RHA) og kortlagningu Háskóla</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
					<p>Íslands á ferðamennsku og útvist á áhrifasvæði Holtavörðuheiðarlínu 1. Í þessum rannsóknnum eru m.a. kortlagðar ferðaleiðir og ferðamannastaðir (þar með taldar mikilvægar gönguleiðir og þjóðleiðir) og framkvæmd viðtalsrannsókn þar sem áhrif á ferðamenn og útvistarfólk eru könnuð.</p> <p>Landsnet telur að aflað hafi verið ítarlegra gagna og framkvæmdar umfangsmiklar greiningar á mögulegum umhverfisáhrifum Holtavörðuheiðarlínu 1 á útvistarfólk sem stundar fjölbreytta tegundir útvistar og umhverfisáhrif á ferðamenn sem nýta mikilvægar ferðaleiðir á svæðinu.</p> <p>Landsnet bendir á að mat á umhverfisáhrifum Holtavörðuheiðarlínu 1 er varðar ferðaþjónustu og útvist m.t.t. ferðaleiða tekur til heildaráhrifa á tiltekin svæði, en einnig til staðbundinna áhrifa á mikilvægum ferðaleiðum og ferðaþjónustustöðum. Matið er byggt á fjölbreyttum gögnum, svo sem viðtölum, kortlagningu, sýnileikagreiningum og ásýndarmyndum (fyrir- og eftirmyndum). Landsnet telur því að umfjöllun um umhverfisáhrif Holtavörðuheiðarlínu 1 á ferðaleiðir (þar með taldar þjóðleiðir og mikilvægar gönguleiðir í nágrenni framkvæmdasvæðisins) í matsskýrslunni sé ítarleg og í fullu samræmi við það sem gefin voru fyrirheit um í matsáætlun framkvæmdarinnar.</p>
12.5	Skorradalshreppur	Viðauki 1	Jarðmyndanir	<p>Í viðauka 1 með umhverfismatsskýrslu er fjallað um efnistökusvæði. Eitt efnistökusvæði er innan Skorradalshrepps og er nefnt Illasund og er nr. 54 í umhverfismatsskýrslu. Ekki er getið um í umhverfismatsskýrslu innan hvarrar jarðar umrætt efnistökusvæði er. Staðsetning er sýnd á korti, án jarðamarka, hæðalína eða mikilvægra örnefna í grennd, en uppgæfin austur og norður hnit í ISN93.</p> <p>Skorradalshreppur gagnrýnir ógagnsæja framsetningu. Það er einungis á færi sérfræðinga að átta sig á staðsetningu efnistökusvæðis. Það er ámælisvert og ekki boðlegt. Á meðfylgjandi mynd er staðurinn sýndur inn á aðalskipulagsgrunni með rauðum punkti. Jarðamörk á milli Neðri og Efri Hrepps eru sýnd með blárrí brotalínu. Sveitarfélagið vill koma því á framfæri að mögulega er umrætt efnistökusvæði í nálægð við Hrafnagilsfoss. Það ber að taka tillit til þess í matinu og fjallað um það. Umhverfisáhrif efnistökusvæðis Illasunds er sagst hafa hærra verndargildi og hærri viðkvæmni því það eru óraskað. Ekki er hægt að sannreyna þá staðhæfingu í niðurstöðu matsins þar sem samantektargögn eru ekki lögð fram og undirstrikar það ógagnsæi matsins. Umrætt efnistökusvæði er ekki á Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010-2022. Efnistaka er framkvæmdaleyfisskyld skv. skipulagslögum 123/2010. Framkvæmdaleyfi er veitt á grundvelli aðalskipulags og kallar því á breytingu þess. Breyting á aðalskipulagi getur aðeins orðið með samráði við íbúa, sbr. 30. grein skipulagslaga og 78. grein stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands.</p>	<p>Landsnet vill benda á að eftir er að útfæra framkvæmdina í aðalskipulagi og þar með talin þau efnistökusvæði sem ætlunin er að nýta og ekki eru þegar skilgreind í aðalskipulagi. Að auki þarf að ná samkomulagi við landeigendur efnistökusvæða um töku efnis.</p> <p>Jarðmyndanir á línuleið aðalvalkostar eru ekki friðaðar skv. lögum né njóta þær hverfisverndar. Á þeim hluta línuleiðar sem liggur frá Klafastöðum að Vatnshömrum (A hluti) eru alls 13 efnistökusvæði sem kannað verður nánar hvort nýst geti framkvæmdinni m.t.t. efnisgæða. Þar af eru tvö sem staðsett eru á Skarðsheiði þ.e. Leirárdög og Illasund. Þessi svæði eru óröskuð og einkennast af melum og grjóturð. Mikilvægi/gildi jarðmyndana á þessum hluta línuleiðar er í heild metið lágt.</p> <p>Vægi áhrifa rasks á efnistökusvæðum er hins vegar metið miðlungs, þó svo að mikilvægi/gildi jarðmyndana sé metið lágt. Það ræðst af því að óröskuð svæði hafa meira gildi.</p> <p>Eins og fram kemur í kafla 9.11 um mótvægisáðgerðir þá verður lögð áhersla á að rask á óröskuðum jarðmyndunum s.s. á Skarðsheiði verði sem minnst.</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
12.6	Skorradalshreppur		Skipulag	<p>Sveitarfélagið áréttar það sem kom fram í umsögn um matslýsingu og í áður nefndri hjálagðri fundargerð að í Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010-2022 er lögð fram stefna um að: „Unnið verði að því að SU1 [Sultartangalína 1] verði aflögð, lögð samhliða SU3 [Sultartangalínu 3], eða lögð í jörð, ef kemur til endurnýjunar á línunni.“ Í stefnunni kemur einnig fram að: „Núverandi háspennulínur draga úr náttúruupplifun fólks og gildi svæðisins vegna neikvæðra sjónrænna áhrifa.“ Í aðalskipulagi er ekki gert ráð fyrir Holtavörðuheildarlínu 1 og í ljósi ofangreindrar stefnu sveitarfélagsins er þörf á breytingu aðalskipulags með tilkomu Holtavörðuheildarlínu 1. Enn fremur kemur fram í stefnu Aðalskipulags Skorradalshrepps 2010-2022 að: „Semja skal við landeigendur um helgunarsvæði nýrra rafveitna en einnig skal stefnt að samningum um eldri línur.“ Þetta þýðir að ný Holtavörðuheildarlína 1 getur ekki komið inn á aðalskipulag fyrr en það er búi að semja við landeigendur um helgunarsvæði og eins lagnaleið. Þarna yrði helgunarsvæðið hnitsett og jafnvel gefið sér landnúmer, sem eigandi línunnar þyrfti að greiða af hugsanlega leigu til landeiganda og fasteignaskatt til sveitarfélagsins, þar sem hann yrði umráðandi landsins.</p>	<p>Landsnet áréttar að skv.raforkulögum þá er Landsnet hf. tilgreint sem það fyrirtæki sem ber ábyrgð á uppbyggingu og rekstri meginflutningskerfis raforku á Íslandi, þar á meðal ákvörðunum um hvort nýjar raflínur séu byggðar og/eða eldri línur aflagðar. Holtavörðuheildarlína 1 samræmist aðalskipulagi Skorradalshrepps að því leiti að gert er ráð fyrir flutningslínunum sem hluta af grunninnviðum sveitarfélagsins. Lögð er áhersla á að slíkar framkvæmdir séu skipulagðar með tilliti til landslags, umhverfisáhrifa og samfélagslegra áhrifa.</p> <p>Línuleið Holtavörðuheildarlínu 1 er samhliða legu Vatnhamralínu 1, sem er á gildandi aðalskipulagi Skorradalshrepps. Landsneti er ljóst að óska þarf eftir breytingum á aðalskipulaginu fyrir Holtavörðuheildarlínu 1 og mun óska eftir skipulagsbreytingum við Skorradalshrepp, ef ekki fæst heimild til að virkja ákvæði skipulagslaga er varðar raflíunefnd. Beiðni Landsnets um skipulagsbreytinguna mun byggja á ákvæðum 9.gr.c í raforkulögum nr. 65/2003. Skorradalshreppur hefur haft tækifæri til að leggja fram hugmyndir um valkosti og útfærslur Holtavörðuheildarlínu 1 bæði þegar opið hefur verið fyrir að senda inn umsagnir um valkosti og matsáætlun, en einnig hefur Landsnet boðið sveitarfélaginu til sérstakra funda/kynninga. Skv. raforkulögnum, 2003 nr. 65, má ekki leggja raflínur fyrr en náðst hefur samkomulag um endurgjald fyrir landnot eða nýtingu auðlindar eða eignarnám hefur farið fram og umráðataka samkvæmt því. Landsnet mun því semja við landeigendur áður en framkvæmdir hefjast.</p>
12.7	Skorradalshreppur	3	Samráð	<p>Sveitarfélagið vill áréttá mikilvægi þess að haft sé gott samráð við landeigendur við frekari hönnun línunnar, vegslóða og plön fyrir möstur og stagfestur. Landeigendur eru þeir sem þekkja landið best og geta leiðbeint fyrirtæki eins og Landsneti í því ferli. Þannig nást fram góð samlegðar áhrif og innviðir línunnar gætu nýst landeigendum í búrekstri.</p>	<p>Landsnet mun hafa gott samráð við landeigendur til að tryggja að framkvæmdir valdi sem minnstum truflunum. Lausnir verða mótaðar þannig að þær gagnist bæði landeigendum og framkvæmdinni eftir fremsta megni, svo sem er varðar endurheimt raskaðs lands eða bætt aðgengi. Byggt verður á góðri samvinnu og gagnsæi til að skapa traust og sátt um framkvæmdina.</p>
12.8	Skorradalshreppur	26	Leyfi	<p>Holtavörðuheildarlína 1 er matsskyld framkvæmd samkvæmt liðum 2.02 og 10.15 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Framkvæmdir sem tilgreindar eru í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana eru ávallt háðar framkvæmdaleyfi.</p> <p>Hægt er að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags án deiliskipulagsgerðar eða grenndarkynningar, ef gerð er grein fyrir framkvæmdinni og fjallað ítarlega um hana í aðalskipulagi. Að öðrum kosti kallar veiting framkvæmdaleyfis á að jafnframt liggi fyrir deiliskipulag af viðkomandi svæði. Í þeim tilvikum sem veiting framkvæmdaleyfis kallar á gerð deiliskipulags getur hreppsnefnd þó veitt framkvæmdaleyfi án deiliskipulagsgerðar að undangenginni grenndarkynningu sé framkvæmdin í samræmi við aðalskipulag hvað varðar landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Sótt er um framkvæmdaleyfi hjá skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins. Gögn vegna framkvæmdaleyfisumsóknar skal vera í samræmi við 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.</p>	<p>Athugasemdin kallar ekki á viðbrögð Landsnetsá þessu stigi.</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
12.9	Skorradalshreppur Viðbótarumsögn		Forsendur og markmið	<p>Komið hafa fram frekari upplýsingar um að matskýrslu Holtavörðuheildarlína 1 beri að vísa frá sbr. 24. gr. ofan greindra laga þar sem framkvæmd er ekki í samræmi við stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku sem samþykkt var af Alþingi 11. júní 2018:</p> <p>https://www.althingi.is/altext/alyktanir/s/148-26-149-50.html . Í 14-lið stefnunnar um almenn atriði er varðar uppbyggingu flutningskerfis raforku kemur fram: „Nýta skal núverandi línustæði við lausnir á aukinni flutningsþörf ef aðstæður leyfa, með endurbyggingu og/eða spennuhækkun, fjölgun eða stækkun leiðara á línunum eða öðrum þekktum aðferðum.“ Umhverfismat Holtavörðuheildarlínu 1 er í hróplegu ósamræmi við stefnu stjórnvalda skv. ofangreindu, þar sem Holtavörðuheildarlína 1 er ný lína og ráðgert er að byggðalínan Hrutatungulína 1 standi áfram óbreytt, þ.e. að ekki stendur til að endurbyggja hana eða hækka spennu, fjölga eða stækka leiðara á línu.</p>	<p>Í umsögninni segir að komið hafi fram frekari upplýsingar um [umhverfis]matskýrslu Holtavörðuheildarlínu 1 sem feli í sér að Skipulagsstofnun vísi skýrslunni frá.</p> <p>Það er á forræði Skipulagsstofnunar að taka afstöðu til beiðni Skorradalshrepps um frávísun umhverfismatskýrslu Holtavörðuheildarlínu 1.</p> <p>Hins vegar telur Landsnet tilefni til að skerpa á samspili stefnumörkunar stjórnvalda, sem vísað er til í umsögn Skorradalshrepp, við umhverfismat Holtavörðuheildarlínu 1.</p> <p>Í stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins nr. 26/148 eru tilgreind stefnumarkandi atriði sem höfð skulu að leiðarljósi við uppbyggingu á flutningskerfi raforku, þ.m.t. við gerð kerfisáætlunar.</p> <p>Forsendur umhverfismats Holtavörðuheildarlínu 1 byggja á kerfisáætlunum Landsnets, sem gera grein fyrir áætlunum um uppbyggingu meginflutningskerfisins næstu 10 árin, skv. ákvæðum raforkulaga.</p> <p>Nýjar 220 kV línur frá Hvalfirði í Hrutafjörð og milli Hrutafjarðar og Blöndu voru fyrst kynntar í Langtímaáætlun Kerfisáætlunar Landsnets 2020-2029, bls. 2. https://landsnet.is/library?itemid=84c394bd-d024-4aaf-b038-829dff7a1f31</p> <p>Í Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 er fjallað um um samfellda 220 kV tengingu frá Hvalfirði norður í land og inn á Austurlandskerfið. Einnig er fjallað þar um, í kafla 3.3.4 Endurnýjunarþörf, að þegar komin verði á ný tenging milli Hvalfjarðar og Hrutafjarðar muni létta á Hrutatungulínu 1 (HT1).</p> <p>Í kafla 4.3.1 Styrkingar til næstu 10 ára, kemur fram að gert er ráð fyrir að framkvæmdir í meginflutningskerfinu til 10 ára feli í sér nýja kynslóð byggðalínu á 220 kV spennustigi við hlið eldri 132 kV lína sem verða reknar áfram. Teknar verða ákvarðanir um hverja línu fyrir sig í lok rekstrarlegs líftíma hvort þær verði endurbyggðar eða aflagðar.</p> <p>Í kafla 4.4. í Kerfisáætlun 2023-2032 (nýjasta kerfisáætlunin) er fjallað um áætlaða þróun bæði meginflutningskerfisins og svæðisbundna kerfisins á Vesturlandi. Þar kemur fram að bæði er gert ráð fyrir þróun kerfanna og einnig endurnýjun núverandi kerfis. Að svo stöddu liggur nákvæm útfærsla á öllum þessum framkvæmdum ekki fyrir enda sumar á áætlun til lengri framtíðar, en á þessum tímapunkti er ekki gert ráð fyrir að leggja niður núverandi 132 kV kerfi. Kerfisgreiningar Landsnets sem greint hefur verið frá í kerfisáætlunum Landsnets frá 2018 er að flutningsgeta núverandi flutningskerfis á 132 kV spennu sé ófullnægjandi fyrir næstu kynslóð byggðalínunnar, stefnan sé að ný kynslóð byggðalínu sé 220 kV lína.</p> <p>Ekki er hægt að breyta núverandi möstrum og hlutum núverandi línu þannig að það sé hægt að spennuhækka þær, t.d. með því að skipta um leiðara þannig hún yrði með 220 kV spennustig, eða fjölga leiðurum. Stærð mastranna og burðarstyrkur þeirra myndu ekki ráða við slíka endurbyggingu.</p> <p>Því þarf að reisa ný möstur fyrir 220 kV línu og innan Skorradalshrepps mun liggja samsíða núverandi Vatnshamralínu 1 að mestu.</p> <p>Í greiningu valkosta, hvort sem er í kerfisáætlunum Landsnets eða umhverfismati einstaka framkvæmda horfir Landsnet m.a. til almennra atriða í 17 leiðarljósum í stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins. Þau eru vegin inn við ákvarðanir um útfærslu aðalvalkosta auk þess að framfylgja skyldum fyrirtækisins við uppbyggingu flutningskerfisins skv. 1. mgr. 9. gr. raforkulaga nr.65/2003.</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
13.1	Umhverfisstofnun	6	Aðalvalkostur	(Lega línunnar) Umhverfisstofnun telur að almennt ætti að velja Holtavörðuheidiarlínu 1 stað með öðrum innviðum svo sem eldri háspennulínunum eða vegum í þegar röskuðu landi. Holtavörðuheidiarlína 1 uppfyllir þessar óskir hvað varðar legu línunnar á A-hluta þar sem hún fylgir núverandi byggðarlínu en fer að hluta (A1) meðfram Járblendilínu 1 og Norðuráslínunum 1 og 2. Á B-hluta leiðarinnar gerir aðalvalkostur framkvæmdaraðila ráð fyrir að Holtavörðuheidiarlína 1 sveigi frá núverandi byggðarlínu á kafla B1, B2 og B5 og á C-hluta línunnar er gert ráð fyrir að Holtavörðuheidiarlína 1 sveigi frá núverandi byggðarlínu á kafla C2. Á kafla D liggur Holtavörðuheidiarlína 1 svo meðfram Hrutatungulínu 1. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að við framkvæmdina ætti að halda raski í lágmarki og velja þann kost sem liggur um þegar röskuð svæði. Að teknu tilliti til þess þá ætti aðalvalkostur Holtavörðuheidiarlínu 1 að mati Umhverfisstofnunar að vera A-A1-B-C-D.	Niðurstaða um aðalvalkost byggir á að vega og meta saman margvíslega umhverfisþætti, þar sem horft er til grunnástands þeirra og vegið á móti þeim áhrifum sem geta orðið vegna framkvæmdanna. Í samanburði valkosta sem fara um áþekk svæði, munar oft ekki miklu á áhrifunum. Meðal annars er horft til rasks sem framkvæmdirnar geta haft í för með sér og þá á hvers konar landi raskið verður. Í því samhengi hefur m.a. verið horft til og borið saman það rask sem verður á vistgerðum með hátt verndargildi og eins raski á votlendi. Það má benda á að ekki er sjálfgefið að þó farið sé með nýja línu meðfram núverandi línuleið að þá hafi það í för með sér minni áhrif á náttúrulegt umhverfi, t.d. vistgerðir með hátt verndargildi. Má þar nefna að línuleið A1a (meðfram núverandi línuleið) hefur meiri áhrif á gróður og vatnalíf en A1. Einnig þarf að hafa í huga að valkostir línuleiðarinnar liggja að miklu leyti um landbúnaðarland, sem hefur verið raskað með framræslu, vegagerð og fleiru. Því er það ekki alltaf svo að land sem þeir valkostir sem fara fjær núverandi línuleið beri minni ummerki mannsins, en landið við núverandi línu. Eins og áður segir þá byggir niðurstaða um aðalvalkost á því að vega og meta saman margvíslega umhverfisþætti og er landbúnaður einn þeirra þátta. Í sumum tilvikum er aðalvalkostur, sem víkur frá núverandi línuleið, ákveðinn í þeirri viðleitni að draga úr áhrifum sem línan getur haft á ásynnd og atvinnu þeirra sem þar búa.
13.2	Umhverfisstofnun		Vernd	(Sérstök vernd) Innan framkvæmdarsvæðisins eru votlendi, náttúrulegir birkiskógar og vötn og tjarnir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013. Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyribæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Ef framkvæmdin gerir ráð fyrir röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar þarf að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á þeim. Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruvinnjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna. Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir orðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir	Meginflutningskerfið og þá Byggðalínan er grunnstoð íslensks raforkukerfis. Hún tengir saman helstu framleiðslusvæði og neytlusvæði og gegnir lykilhlutverki við að tryggja áreiðanleika og jafnvægi í flutningi raforku. Byggðalínan skapar grunninn fyrir bættri nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa með því að tryggja að hægt verði að flytja raforku á milli landshluta á öruggan hátt. Með því að styrkja byggðalínuna er unnið gegn áhættu vegna áfalla í flutningskerfinu, svo sem truflunum eða bilunum sem geta haft viðtæk áhrif á afhendingaröryggi. Ríkir almanna hagsmunir kalla á sterkt flutningskerfi sem tryggir heimilum, fyrirtækjum og samfélaginu í heild stöðugan aðgang að raforku. Þetta er grundvallaratriði fyrir efnahagslega og félagslega velferð landsins. Með því að auka flutningsgetu byggðalínunnar er hægt að styðja við orkuskipti, sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að loftslagsmarkmiðum Íslands. Byggðalínan er forsenda fyrir frekari uppbyggingu í atvinnulífi, svo sem að skapa störf og styrkja efnahag landsins. Með öflugri byggðalínu er tryggt að raforka berist jafnt og örugglega til allra landsvæða, sem styður við samfélagslegt jafnvægi og dreifingu á hagkvæmum orkukostum. Ef nauðsynlegt reynist að raska svæðum sem njóta sérstakrar verndar verður aflað allra þeirra leyfa sem nauðsynleg eru og lög kveða á um.



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
				fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins. Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun. Umhverfisstofnu telur að við lagningu Holtavörðuheidiarlínu 1 ætti eftir fremsta megni að fylgja því mannvirkjabelti sem til staðar er og forðast ætti eins og hægt er við framkvæmdina að fara inn á óröskuð svæði sem njóta sérstakrar verndar náttúruverndarlaga.	
13.3	Umhverfisstofnun		Friðlýst svæði	(Áhrifasvæði friðlýstra svæða) Holtavörðuheidiarlína 1 liggur ekki innan friðlýsta svæðisins Andakíl en í innan við 300 metra fjarlægð frá því. Andakíll er Ramsarsvæði og friðlýst sem búsvæði blesgæsar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað sé að notkun lands sem liggur að friðlýstum svæðum sem geti á einhvern hátt haft áhrif á þau. Samkvæmt 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfsemi eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði“. Umhverfisstofnun bendir í því samhengi á 6. gr laga nr.60/2013 um náttúruvernd þar sem fjallað er um almenna aðgæsluskyldu, en þar segir: „Öllum er skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.“	Í kafla 22.3.1 kemur fram að Landsnet leggur áherslu á að lágmarka áhrif á umhverfið með mótvægisáðgerðum á mismunandi stigum framkvæmdarinnar og þær aðgerðir felast einkum í eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none">• Sneiða hjá áhrifum við undirbúning framkvæmda, svo sem með hönnun og samanagerð valkosta.• Lágmarka áhrif sem ekki er hægt að komast hjá á framkvæmdatíma.• Vanda frágang umhverfis og færa í fyrra horf, eftir því sem kostur er, eftir að framkvæmdum líkur.• Aðrar aðgerðir til að bæta upp áhrif sem verða, svo sem framkvæmdir til endurheimtar votlendis móti því sem tapast.



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
13.4	Umhverfisstofnun		Vernd	<p>(Vistgerðir og friðaðar plöntur)</p> <p>Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða. Við framkvæmdirnar er ljóst að raska þarf vistgerðum með hátt og mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á vistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi, þ.e. língresis- og vingulsvist, gulstararflóavist, brokflóavist, runnamýravist á láglendi og starungsmýravist. Fram kemur í greinargerð að lítil hætta er á að framkvæmdir hafi áhrif á friðaðar plöntutegundir á valista, en að mögulega vex munkahetta (<i>Lychnis flos-cuculi</i>) í grennd við Kvígsstaði á B-hluta línunnar. Óljóst er því hvort framkvæmdin hafi áhrif á munkahettu, sem er friðuð og á valista.</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á að ef friðaðar plöntur finnast innan svæðis sem verður raskað er nauðsynlegt að flytja plönturnar á aðra staði, jafnvel þar sem hinar friðuðu tegundir er að finna, byggja þær upp og vernda í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands.</p>	Líffræðingur verður fenginn til að ganga línuleiðina á umræddu svæði og finnist munkahetta á leiðinni verður hún flutt á viðeigandi stað, í samráði við Náttúruverndarstofnun, stafi plöntunni hætta af framkvæmdinni.



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
13.5	Umhverfisstofnun	10	Gróður	<p>(Votlendi) Í umhverfismatinu kemur fram að við framkvæmdina verði miklu votlendi raskað óháð því hvaða valkostir verða fyrir valinu. Einnig er ljóst að framkvæmdin mun raska votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun bendir á að ef slíku svæði er raskað er rétt að endurheimta votlendi sem mótvægisaðgerð. Við slíka endurheimt telur stofnunin þörf á að gera áætlun um endurheimt og að í þeim áætlunum sé gerð grein fyrir stærð endurheimts votlendis og hvers konar votlendisgerð skal endurheimta. Lögð skal áhersla á að endurheimta votlendi af sömu gerð og raskast og í landshluta framkvæmdarinnar. Þá er það mat stofnunarinnar að sú áætlun ætti að vera tímasett og að framkvæmd við endurheimt hefjist á sama tíma og framkvæmd lagningu á Holtavörðuheidiarlínu 1. Votlendi hafa margvíslegt gildi og má skipta mikilvægi þeirra upp í þrjá flokka.</p> <ul style="list-style-type: none"> · Vatnsfræðilegt gildi: Í miklum rigningum taka votlendissvæði til sín vatn en miðla því frá sér í þurrkatið. Þannig viðhalda votlendissvæði jöfnu rennsli í ám og lækjum sem er mikilvægt fyrir þær lífverur sem þar búa. · Næringarfræðilegt gildi: Mýrar geyma verulegt magn kolefna sem verða til við niðurbrot jurtaleifa. Breytingar á t.d. hitastigi og vatnsborði mýra geta valdið aukinni losun kolefnis sem getur haft áhrif á heimsvísu. · Vistfræðilegt gildi: Votlendi er mikilvægt búsvæði fugla og plantna og fjölmargar tegundir byggja tilvist sína á því. Votlendi getur þannig aukið verulega líffræðilega fjölbreytni viðkomandi landsvæðis. <p>Umhverfisstofnun telur jákvætt að leitað sé leiða til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á votlendi. Skoða mætti þann möguleika að framkvæmdir fari fram á frosinni jörð og með þeim hætti að dregið sé úr þörf fyrir slóðagerð í votlendi.</p>	<p>Skilgreind hafa verið viðkvæm votlendissvæði á leiðinni þar sem röskun er óhjákvæmileg og verður sú kortlagning höfð til hliðsjónar við framkvæmdir. Lögð verður áhersla á endurheimt votlendis í kjölfar framkvæmdar.</p> <p>Í umhverfisúttekt og eftirfylgni verður meðal annars skoðað hvort og þá hvernig framkvæmdin hafi áhrif á votlendi og vatnsbúskap. Rask verður lágmarkað eins og kostur er, með því að staðsetja möstur og vegi þannig að áhrif á votlendi verði sem minnst. Þar sem leggja á slóða um viðkvæm votlend svæði, er það verklag Landsnets að skipta ekki út jarðvegi heldur leggja út jarðvegsdúk undir fyllingu. Landsnet leggur til heildstæða áætlun um endurheimt votlendissvæða sem felur í sér forvarnir, endurheimt gróðurs og kolefnisjöfnun, sbr. umfjöllun í umhverfismatsskýrslu. Markmiðið er að tryggja sjálfbærni framkvæmdarinnar og vernd lífríkis.</p>
13.6	Umhverfisstofnun		Vernd	<p>(Birkiskógar) Á kafla C2, sem er hluti af aðalvalkosti framkvæmdaraðila, er birkiskógur sem nýtur sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Út frá áætluðu flatarmáli á raski birkiskóga á þessum valkosti línuleiðarinnar væri æskilegra að Holtavörðuheidiarlína 1 myndi fylgja núverandi byggðalínu til að lágmarka rask. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að farið sé í mótvægisaðgerðir til að endurheimta það birki sem verður raskað við framkvæmdina í samstarfi við Land og skóg.</p>	<p>Eins og fram kemur í kafla 10.12 í umhverfismatsskýrslunni er ætlunin að græða upp skóg á jafnstóru svæði í samráði við Skógræktina, sem nú heitir Land og Skógur. Það leiðrættist hér með að samráð verður haft við Land og Skóg. .</p>
13.7	Umhverfisstofnun	9	Jarðmyndanir	<p>Að mati Umhverfisstofnunar ætti að halda raski jarðmyndanna í lágmarki þar sem rask á jarðmyndunum og berggrunni er óafturkræft. Með tilliti til jarðmyndananna leggur Umhverfisstofnun áherslu á að æskilegra sé að aðalvalkostur Holtavörðuheidiarlínu verði A, A1, B, C, D.</p>	<p>Niðurstaða um aðalvalkost byggir á að vega og meta saman margvíslega umhverfisþætti, þar sem horft er til grunnástands þeirra og vegið á móti þeim áhrifum sem geta orðið vegna framkvæmdanna. Sjá enn fremur svar við lið 11.9.</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
13.8	Umhverfisstofnun	11	Fuglalíf	Varðandi fuglalíf þá er ljóst af niðurstöðum úr umhverfismatinu að það væri betra að Holtavörðuheidiarlína 1 myndi liggja meðfram núverandi byggðalínu á B-hlutanum frekar en að fara um valkost B1 og B5, þar sem skerðing á búsvæðum fugla verður minni og hættu á áflugi veður þannig lágmörkuð. Umhverfisstofnun telur einnig mikilvægt að vakta áflug og að brugðist verði við ef áflug eykst með merkingum á álagspunktum til að auka sýnileika línunnar.	Umhverfismatið dregur fram hvaða umhverfisáhrif mismunandi valkostir um línuleið geta haft í för með sér. Þær upplýsingar eru m.a. grundvöllur ákvörðunar Landsnets um aðalvalkost. Ákvörðun um aðalvalkost byggir á mati á áhrifum á fleiri umhverfisþætti en fuglalíf og þar með áflugshættu. Eins og niðurstöður umhverfismats Holtavörðuheidiarlínu 1 og samanburður valkosta gefa til kynna, þá getur skapast meiri áflugshætta þegar ný lína víkur frá núverandi línuleið. Í umhverfismatinu er byggt á gögnum sem sýna helstu kafla þar sem blesgæsir þvera línuleiðina og ummerki um áflug á núverandi línur. Því liggur fyrir hvar helstu álagssvæðin eru m.t.t. áflugs og byggja þær mótvægisáðgerðir sem Landsnet hyggst ráðast í á þeim gögnum. Eins og fram kemur í kafla 11.11 í umhverfismatsskýrslu þá verður sýnileiki línunnar aukinn með merkingu raflína á helstu álagssvæðum, sbr. þau svæði sem gögn um helstu áflugsstaði sýna (byggt á hitakortum af flugleiðum blesgæsa og fjölda fuglshræja hvað mest). Stefnt er að því að merkin verði sett á leiðara samhliða uppsetningu línunnar. Eins og fram kemur í umhverfismatsskýrslu kemur helst til greina að setja upp svokallaðar „gorma“, en útfærsla merkinga, val þeirra og vöktun verður unnin í samráði við fuglafræðing. Í upphafi reksturs línunnar verður því komið fyrir mótvægisáðgerðum m.t.t. áflugs sem eiga að skila sem mestum ávinningi.
13.9	Umhverfisstofnun	11	Fuglalíf	C-hluti leiðarinnar liggur um mikilvægt fuglasvæði, Arnarvatnsheiði (VOT-N 1) þar sem helstu varpfuglategundir eru himbrimi og álf, lómur og duggönd. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tryggja m.t.t. fuglalífs að framkvæmdin verði utan varptíma.	Landsnet mun reyna eftir fremsta megni að verða við þessum tilmælum og stilla vinnu við verkþætti framkvæmdarinnar með þeim hætti að komist verði hjá framkvæmdum á svæðinu á varptíma. Aftur á móti telur Landsnet rétt að vekja athygli á því að framkvæmdir á þessu svæði er ekki hægt að vinna nema innan nokkurra mánaða tímabils, sem m.a. falla inn í varptíma og því gætu aðstæður (veður og árstíðabundið árferði) orðið með þeim hætti að framkvæmdir og varptími féllu að einhverju leyti saman. Landsnet mun hins vegar eins og áður segir reyna að komast hjá vinnu á þessu svæði á varptíma og ef til þess kemur að reynt verði eftir fremsta megni að lágmarka truflun á varp fuglanna.
13.10	Umhverfisstofnun	11	Fuglalíf	Umhverfisstofnun bendir enn fremur á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.	Með framkvæmd umhverfismats er verið að uppfylla þessa skyldu.
13.11	Umhverfisstofnun	12	Vatnalíf	Í kafla 12 kemur fram að 18 af 47 mögulegum efnistökusvæðum eru staðsett í eða við árfarvegi eða vötn og að heildarvægi áhrifa framkvæmdarinnar hafi nokkuð neikvæð áhrif á vatnalíf. Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekki hefur verið tilgreint hvaða vatnshlot efnistökusvæðin eru tengd og einnig er óskýrt hvers konar áhrif verða á þá gæðþætti sem notaðir eru til að meta ástand vatnshlota. Umhverfisstofnun telur það jákvætt að leitað hafi verið til Hafrannsóknastofnunar varðandi ráðleggingar um áhrif á vatn en fjalla þarf einnig um vistfræðilega og eðlisefnafræðilega gæðþætta vatnshlota sem eru skilgreindir í reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og finna má hér á vefsíðu Umhverfisstofnunar.	Í umsögn Hafrannsóknastofnunar (liður 4.1) um umhverfismatsskýrsluna er bent á að neikvæð áhrif á vatnalíf geti einkum orðið vegna efnistöku. Flest efnistökusvæða liggja þó fjarri vötnum og árfarvegum. Þegar endanleg útfærsla framkvæmdar liggur fyrir mun Landsnet setja fram áætlun um framkvæmd efnistöku. Gert er ráð fyrir að við undirbúning leyfisumsókna fari fram greining á þeim vatnshlotum sem varða framkvæmdina. Ekki er aðgengi að landupplýsingagögnum úr vatnavefsjá og takmarkaðar upplýsingum eru um vistfræðileg og eðlisefnafræðilega gæðþætta vatnshlota í vefsíðunni. Í töflu 12.2 í umhverfismatsskýrslunni eru tilgreind möguleg efnistökusvæði sem liggja í eða við vötn og árfarvegi. Þessi efnistökusvæði snerta vatnshlotin Leirá 2 (104-186-R), Andakílsá 1 (104-144-R), Norðurá 1 (104-200-R), Örnólfaldalá/Kjarrá 1 (104-220-R), Þverá/Lita-Þverá (104-208-R), Dýrstaðaá (104-237-R), Litlá (104-14-R), Hellisá (104-303-R), Holtavörðuvatn (104-488-L) og Miklagil (101-1472-R).



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
13.12	Umhverfisstofnun	12	Vatnalíf	<p>Umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlota aldrei hnigna frá því sem umhverfismarkmið þeirra segja til um, hvorki varanlega né tímabundið. Athygli er vakin á að áður en leyfi eru gefin út fyrir framkvæmdum þarf mat á áhrifum á gæðabætti stjórnar vatnamála að liggja fyrir.</p> <p>Í áhrifamatinu þurfa að vera upplýsingar um:</p> <ul style="list-style-type: none">· Vatnshlotin sem um ræðir (nafn og númer), ástand þeirra, núverandi álag og umhverfismarkmið.· Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á þá gæðabætti sem notaðir eru til að ástandsmeta vatnshlotin. Athuga skal að ekki er alltaf nauðsynlegt að gera ítarlegt mat á áhrifum á alla gæðabætti. Í sumum tilvikum eiga ákveðnir gæðabættir ekki við en þá þarf að færa rök fyrir því. Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif á gæðabættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna. Hafa þarf í huga bæði bein og óbein áhrif.· Hvort hætta sé á því að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki vegna framkvæmdanna.· Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif.	<p>Landsnet er upplýst um kröfur laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og mun sjá til þess að framkvæmdir verði í samræmi við þær.</p> <p>Það ferli sem Umhverfisstofnun lýsir og snýr að áhrifamati vatnshlota varðar undirbúning leyfa fyrir framkvæmd og mun eiga sér stað að loknu umhverfismati framkvæmdarinnar</p> <p>Þegar endanleg útfærsla framkvæmdar liggur fyrir og endanleg efnistökuáætlun verður ljóst hvaða vatnshlot það eru sem efnistökusvæði framkvæmdarinnar snerta.</p>
13.13	Umhverfisstofnun	12	Vatnalíf	<p>Efnistaka</p> <p>Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar námur falli vel að umhverfinu eins og kostur er, hugað sé að ásýnd námusvæðanna og fjallað sé um frágang þeirra í framkvæmdaáætlun. Þessu tengt bendir Umhverfisstofnun á vefsíðuna www.namur.is þar sem finna má upplýsingar um frágang efnistökusvæða. Umhverfisstofnun ítrekar einnig eftirfarandi þar sem efnistaka er fyrirhuguð í ám.</p> <p>Samkvæmt markmiðum reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Vistfræðilegt ástand byggir á líffræðilegum, vatnsformfræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðabáttum. Við efnistöku í ám geta orðið vatnsformfræðilegar breytingar og geta þær breytingar haft áhrif á líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðabætti. Ef vatnshlot nær ekki umhverfismarkmiðum reglugerðarinnar þarf að fara í aðgerðir til að gott ástand náist.</p>	<p>Landsnet þakkar fyrir ábendingar Umhverfisstofnunar um frágang efnistökusvæða og flokkun, álagsgreiningu og vöktun vatnshlota.</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
13.14	Umhverfisstofnun	14, 15	Ásýnd	<p>Umhverfisstofnun vill vekja athygli á markmiðum laga um náttúruvernd nr. 60/2013 sem eru að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Í 3. gr. laganna segir að stefnt skuli að því að „varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis.“ Landslag er skilgreint í náttúruverndarlögum sem svæði sem fólk skynjar að hafi ákveðin einkenni sem eru tilkomin vegna virkni eða samspils náttúrulegra og/eða mannglegra þátta. Umhverfisstofnun telur ljóst er að mannvirki eins og rafmagnsmöstur munu koma til með að hafa mikil áhrif á skynjun fólks á náttúrulegu umhverfi. Þau raflínumöstur sem til stendur að nota við framkvæmdina eru um 18-28 m há og hærri en þau raflínumöstur sem fyrir eru á byggðarlínu. Fram kemur í umhverfismatsskýrslu að sýnileiki mastra sé mestur í allt að 1 km fjarlægð frá möstrunum en þegar fjar er farið dregur úr ásýnd og í um 2 km fjarlægð er líklegt að mastur sé nánast ógreinilegt mannsauga. Umhverfismatsskýrslan miðar við þetta mat á sýnileika mastranna og metur áhrif á ásýnd út frá fjarlægð mastranna. Áhrifin eru metin lítil til mikil eftir fjarlægð frá línunni. Þannig eru fjarlægðarmörk undir 500 metrum talin mikil en öll fjarlægð yfir 1000 m er sjálfkrafa talin fela í sér lítil áhrif.</p> <p>Umhverfisstofnun telur að fjarlægðarmörk yfir 1 km geti í vissum tilfellum haft nokkur áhrif á ásýnd lands. Mynd 14.3. í skýrslunni sýnir raunsýn mastra sem voru forsendur fyrir greiningu á ástandsþrengingu. Við skoðun á myndaheftum í viðaukum sést að áhrif mastra á ásýnd lands er mjög breytileg eftir legu lands og annarra þátta. Ekki er fallist á að öll möstur í yfir 1 km fjarlægð hafi sjálfkrafa lítil áhrif á ásýnd svæðisins eins og lagt er upp með í umhverfismati.</p> <p>Umhverfisstofnun telur að með því að fylgja eftir fremsta megni núverandi byggðarlínu og því mannvirkjabelti sem fyrir er á framkvæmdarsvæðinu verði dregið úr neikvæðum áhrifum mastranna á heildar ásýnd og landslag á svæðinu</p>	<p>Í umsögn segir að Umhverfisstofnun fallist ekki á að öll möstur í yfir 1 km fjarlægð hafi sjálfkrafa lítil áhrif á ásýnd svæðisins.</p> <p>Í kafla 14.2.3 er fjallað um forsendur greiningar á ásýndarbreytingum segir almennt um sýnileika: „Raflínumöstur af þeirri gerð sem notuð verða á leið línunnar eru líkleg til að vera áberandi í sjónsviði áhorfanda sem stendur í allt að um 1 km fjarlægð frá mastri. Úr meiri fjarlægð dregur úr ásýndinni og í um 2 km fjarlægð er líklegt að mastur sé nánast ógreinilegt mannsauga“. Í þessu felast almennar forsendur sem studdar eru með mynd 14.3. Í töflu 14.3 um breytur og viðmið við mat á vægi áhrifa vegna ásýndarbreytinga, kemur fram að það eru fleiri þættir en fjarlægð sem hafa áhrif á ásýnd, svo sem eðli sjónlínu og hvort mannvirki beri við himin. Einnig skiptir samspil þessara þátta máli. Því var fjarlægð í mannvirki ekki eini þátturinn sem horft var til þegar vægi áhrifa voru metin.</p>
13.15	Umhverfisstofnun	18	Loftslag	<p>Umhverfisstofnun telur mjög jákvætt að hugað sé að áhrifum á loftslag og losun gróðurhúsalofttegunda sem verður við framkvæmdina. Við framkvæmdina er ljóst að það verður varanlegt raskt á votlendi og skóglendi og þar með aukin varanleg losun frá landi.</p> <p>Undir málaflokknum landnotkun í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum eru t.d. viðfangsefni „Verndun kolefnisríks jarðvegs og gróðurs í skipulagi, Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda vegna landnotkunar og Aukin binding kolefnis í jarðvegi og gróðri.“³</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á að það samrýmist best stefnu stjórnvalda að við framkvæmdirnar verði rask á votlendi og skóglendi lágmarkað í öllum tilfellum, að eins miklu leiti og unnt er.</p>	<p>Landsnet vill benda á að við undirbúning og mótun valkosta um línuleiðir við umhverfismat Holtavörðuheildarlínu 1 hefur verið kappkostað að finna leiðir sem draga úr áhrifum framkvæmdarinnar m.a. á votlendissvæði.</p> <p>Landsnet tekur undir ábendingar um að rask á votlendi verði lágmarkað og vísar til umfjöllunar í kafla 7 í umhverfismatsskýrslu um lágmarkun rasks og hvernig staðið verður að verndun votlendis við framkvæmdina t.d. við reisingu mastra og slóðagerð.</p> <p>Landsnet mun endurheimta gróðurlendi á móti því sem raskast í samráði við Land og Skóg. Takist ekki að vinna að endurheimtinni innan sveitarfélaganna sem framkvæmdin fer um, mun Landsnet vinna að kolefnisjöfnum með öðrum hætti, t.d. með samningum við Votlendissjóð eða Kolvið.</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
13.16	Umhverfisstofnun		Aðalvalkostur	<p>Samantekt</p> <p>Umhverfisstofnun telur að minnst rask fylgi valkosti A-A1-B-C-D og er það valkosturinn sem stofnunin telur valda minnstum umhverfisáhrifum. Á A-hluta línunnar telur Umhverfisstofnun jákvætt að línan fylgi valkosti A1. Hann fylgir öðrum háspennulínum sem eru nú þegar til staðar. Auk þess sem verndargildi vistgerða á þeim kafla er lægra heldur en á samanburðakafla, minna rask verður á votlendi og vegna nýrra slóða.</p> <p>Á B-hluta línunnar telur Umhverfisstofnun að fylgja ætti núverandi byggðalínu en ekki fara um valkosti B1, B2 og B5 eins og aðalvalkostur framkvæmdaraðila gerir ráð fyrir. Á B1 og B5 verða umhverfisáhrifin meiri á fuglalíf. Með valkostum B1, B2 og B5 verður einnig meira rask á votlendi og jarðmyndunum þar sem farið yrði um áður óraskað svæði.</p> <p>Á C-hluta línunnar telur Umhverfisstofnun að fylgja ætti núverandi byggðalínu en ekki fara um valkost C2. Með því að fylgja núverandi byggðalínu yrði heildarrask minna, auk þess sem minna flatarmáli af birkiskógum og votlendi yrði raskað.</p> <p>Varðandi staðsetningu rafmagnslína hefur Umhverfisstofnun lagt áherslu á að þessi mannvirki fylgi öðrum mannvirkjum s.s. raflínum og vegum, nýtt verði þegar röskuð svæði og forðast að taka ný svæði undir mannvirki ef þess er nokkur kostur. Á þeim valkostum sem Umhverfisstofnun telur besta fyrir lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 er farið um svæði sem þegar hafa verið röskuð.</p>	Landsnet svísar til svars við liðum 13.1, 13.7 og 13.8.
14.1	Vegagerðin	26	Leyfi	<p>Samkvæmt vegalögum nr. 80/2007 þarf að sækja um leyfi fyrir tengingum við þjóðvegi og breytingum á núverandi tengingum.</p> <p>Samkvæmt vegalögum þarf að sækja um leyfi fyrir öllum mannvirkjum og framkvæmdum innan veghelgunarsvæðis, þar með talið lögnum og skurðum. Á það við þótt framkvæmdir eða mannvirki séu í samræmi við samþykkt skipulag eða hafi verið kynnt í mati á umhverfisáhrifum. Einnig að lögð verði áhersla á að staurar innan veghelgunarsvæðis eða öryggissvæðis verði með þeim hætti að umferð stafi ekki hætta af. Veghelgunarsvæði stofnvega 30 m til hvorrar handar frá miðlínu vega en 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega.</p>	Landsnet þakkar fyrir ábendingar Vegagerðarinnar er varða leyfi fyrir tengingum við þjóðvegi og breytingum á núverandi tengingum. Landsnet mun hafa samráð við Vegagerðina varðandi nálægð fyrirhugaðar línu við þjóðvegi og aðra vegi á framkvæmdasvæðinu sem eru í umsjón Vegagerðarinnar. Ef möstur línunnar verða innan veghelgunar- og eða öryggissvæðis verða þau með þeim hætti að umferð muni ekki stafa hætta af. Landsnet mun óska eftir leyfi Vegagerðarinnar fyrir þeim hlutum framkvæmdarinnar sem eru innan veghelgunarsvæða.
14.2	Vegagerðin	7.2	Framkvæmd	<p>Stofnunin bendir á að skv. 33. gr. Vegalaga nr. 80/2007. Lágmarkshæð undir mannvirki yfir vegi. Loftlínur má ekki strengja yfir veg nema lægsti hluti línu sé að minnsta kosti 5 m frá yfirborði vegar nema með heimild veghaldara. Ekki er heimilt að hengja á loftlínur eða brýr merki eða auglýsingar sem ekki eru leyfð annars staðar á vegsvæði þjóðveggar.</p>	Hönnun línunnar mun taka mið af viðkomandi ákvæðum vegalaga nr. 80/2007 og mun Landsnet vera í sambandi við Vegagerðina um vinnu við þverun vega, þegar nær dregur framkvæmdum.
14.3	Vegagerðin	7.2	Framkvæmd	<p>Vegagerðin áformar að leggja nýja veglínu um Holtavörðuvatn, í því samhengi leggur Vegagerðin áherslu á að gert verðir ráð fyrir lágmarkshæð yfir fyrirhugaðri nýrri veglínu um Holtavörðuvatn.</p>	Hönnun línunnar gerir ráð fyrir lágmarkshæðum við þverun vega í samræmi við ákvæði vegalaga nr. 80/2007. Landsnet hefur haft og mun áfram hafa samráð við Vegagerðina vegna fyrirhugaðrar nýrrar veglínu við Holtavörðuvatn.



Holtavörðuheildarlína 1 - Umhverfismatskýrsla

Athugasemdir annarra aðila við umhverfismatskýrslu Holtavörðuheildarlínu 1 og viðbrögð Landsnets við þeim.

Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
1.1	Arnar Grétarsson	4	Forsendur og markmið	<p>Hvert er raunverulegt plan hjá Landsneti? Með hverri skýrslunni koma nýjar forsendur sem í raun umblyta fyrrum stigum málsins.</p> <p>Hingað til hefur því verið iðulega haldið af almenningi að megintilgangurinn með Holtavörðuheildarlínu 1 sé að nýja rafmagnnið betur sem er til í kerfinu. Sem kallar á að samtengja betur vinnslusvæðin á austur, suður og Blöndusvæðinu. Þegar eldri skýrslur eru skoðar var alltaf fyrsta val hjá Landsneti að fara yfir Sprengisand til að tengja saman aðalvinnslusvæði landsins. Framkvæmd sem hefur legið fyrir að þyrfti síðan Kárahnjúkavirkjun var reist. Hin línun sem þarf er lína frá Blöndu suður að Sultartangalínunum svo koma megi meira rafmagnni á Grundartanga. Báðar þessar línuleiðir liggja að mestu yfir ríkisland og þær myndu léttu stórlega álagið á núverandi byggðarlínu. Þegar göng Landsnets eru skoðuð þá sést að byggðarlínan þjónar leikandi öllum heimilum og venjulegum fyrirtækjum á Vesturlandi og Vestfjörðum. Núna þegar Vinstri Grænir eru farnir úr ríkistjórn ætti þetta ekki að vera lengur vandamál. Þegar núverandi umhverfismatskýrsla er skoðuð þá stendur ekki einu sinni til að tengja línuna við aðal tengivirki Vesturlands (Vatnshamrar).</p> <p>S.s. mín ályktun er eftirfarandi. Holtavörðuheildarlína 1 er eingöngu á teiknborðinu vegna draum um stórkostlega uppbyggingu vindorkuvera! Fyrst átti lína að vera lítil 230kV með 500MW flutningsgetu. Síðar átti hún að hafa 900MW flutningsgetu. En í þessari nýjustu skýrslu á línunni að verð byggð sem 400kV lína með ennþá meiri flutningsgetu. Þegar Landsnet var spurt að þessu atriði á fundi í Hótel Hamri stóð alls ekki til að línun yrði byggð sem 400kV lína! 400kV lína þarf umtalsvert breiðara helgunarsvæði en 230kV lína. Stærðarmunur á þessum línumöstrum má sjá mjög vel upp á Hellsheiði.</p> <p>Okey. Þegar lesið er á milli línanna í skýrslunni er augljóst að lang stærsta ástæðan fyrir þessari línu eru áform um vindmillur. Atriði sem er ennþá há pólitísk mál. Því væri eðlilegt að Landsnet væri heiðarlegt og gerði umhverfismatskýrslu sem sýnir hvar stendur til að setja upp tengivirki fyrir vindmylluorkuverin á leiðinni úr því stærðin á línunni miðast algjörlega við vindorkuverin! Er plan að hafa tengivirki á Grjóthálsi fyrir vindorkuver á Grjóthálsi og fyrir Múli vindorkuver? Fleiri vindorkuver eru á teiknborðinu. Miðað við þetta hálandisbann ríkistjórnarinnar þá er spurning hvernig Landsnet hefur hugsað sér að tengja vindorkuver sem t.d. er fyrirhugað á Þorvaldsstöðum í Hvítársíðu. Stjórnmalámennt þessa lands ákváðu að taka þá pólitísku ákvörðun að Landsnet skuli tengja orkuver við meginflutningskerfi sama hvar þau eru staðsett (orkupakkanir). Þá er spurning í ljósi þess að margir landeigendur eru að leyfa erlendum aðilum að skoða vindmylluuppsetningu. Hver er staðan þegar landeigandi vill setja upp vindmyllur. T.d. á Þorvaldsstöðum í Hvítársíðu eða Hæll í Flókadal. Skal Landsnet þá setja upp stóryðjulínu eftir allri Hvítársíðunni vestur að Síðumúlaveggjum til að tengja það orkuver? Eða eftir öllum Flókadalnum. Sama hvað öllum landeigendum finnst á línuleiðina?</p>	<p>Áætlanir Landsnets eru settar fram í Kerfisáætlun en þar er framkvæmdaáætlun til næstu þriggja ára og 10 ára langtímaáætlun. Einnig er í langtímaáætlun horft fram allt til ársins 2043 vegna markmiða stjórnvalda í loftslagsmálum. Kerfisáætlun þróast með stöðugri greiningu og uppfærslu á þörfum raforkukerfisins á Íslandi. Helstu þættir sem móta þróunina eru spá um orkupörf og eftirspurn, en einnig þarf að taka mið af breyttum lögum og reglum, alþjóðlegum skuldbindingum og tækninýjungum.</p> <p>Samráð er haft við lykilaðila, þar á meðal orkuframleiðendur, notendur og opinbera aðila. Þannig er kerfisáætlunin lifandi plagg sem tekur mið af breytilegum aðstæðum, framtíðarspám og nauðsynlegum umbótum í flutningskerfinu. Í kerfisgreiningum er stuðst við virkjanakosti í nýtingarflokki eins og hægt er ásamt því að önnur orkuvinnslutækifæri sem Landsneti er kunnugt um verða skoðuð upp að því marki sem raforkuspá gerir ráð fyrir og í framhaldi eru settar upp mismunandi sviðsmyndir út frá því.</p> <p>Valkostagreining í Kerfisáætlun hefur sýnt það að hagkvæmasta kosturinn við að byggja upp flutningskerfi raforku er ný kynslóð byggðarlínu og því miða áætlanir Landsnets við það. Holtavörðuheildarlína 1 verður byggð og rekin sem 220kV loftlína með allt að 900 MVA flutningsgetu.</p> <p>Landsnet vísar því á bug að verið sé að halda því fram að Holtavörðuheildarlína 1 sé hönnuð fyrir hærri rekstrarspennu en 220 kV og að í framtíðinni megi reka hana sem 400 kV lína. Þessar vangaveltur hafa mögulega komið fram þar sem Holtavörðuheildarlína 1 er fyrsta 220 kV línun á Íslandi sem er ráðgerð með tvíleiðara (þekkist vel erlendis) en áður hafa allar línur á Íslandi með tvíleiðara (Búrfellslína 3, Sultartangalína 2, Sultartangalína 3 og Fljótsdalslínur 3&4) verið hannaðar og byggðar sem 400 kV línur þó þær séu enn reknar sem 220 kV línur. Það á ekki við rök að styðjast að Holtavörðuheildarlínu 1 megi síðar reka á 400 kV spennu og hefur það á engum tímamarki komið til skoðunar að reka hana á hærri spennu. Holtavörðuheildarlína 1 er höfð með tvíleiðara til að ná meiri flutningsgetu með hóflegum kostnaði og minnka flutningstöp. Til staðfestingar á að Holtavörðuheildarlína 1 verði ekki rekin á 400 kV má nefna eftirfarandi atriði:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Umfang, hæð mastra og útlit Holtavörðuheildarlínu 1 og annarra nýlegra 220 kV lína hjá Landsneti sem hafa einleiðara (Kolviðarhólslínu 1, Hólasandslína 3, Kröflulína 3, Kröflulína 4 og Þeistareykjalína 1) og fyrirhugaðra lína sem hafa einleiðara og eru nú í undirbúningi (Suðurnesjalína 2 og Blöndulína 3) er það sama. • Þær línur sem hafa verið byggðar sem 400 kV línur á Íslandi hafa haft fasabil (fjarlægð milli aðliggjandi fasa) á bilinu 12,75 – 13,25 m en fasabil á Holtavörðuheildarlínu 1 er ráðgert ≈10,3 m, þ.e. sambærilegt við aðrar nýlegar 220 kV línur á Íslandi. • Hæðir mastra leyfa ekki að breyta línunni í 400 kV því þá þarf lengri einangra og aukna öryggisfjarlægð yfir jörðu. Kröfur um hæðir leiðara yfir jörðu verða því ekki uppfylltar við eðlilegan rekstur. • Innri fjarlægðir (þ.e. yfirláttur frá leiðandi hluta yfir í jarðtengda hluta mastra) leyfir ekki að breyta HH1 í 400 kV því lengri einangrar og auknar fjarlægðarkröfur verða ekki uppfylltar. Tilgangur Holtavörðuheildarlínu 1 er fyrst og fremst að tryggja öryggi, áreiðanleika og aukna flutningsgetu milli landshluta. Tekið er mið af núverandi kerfi og spá um þróun þess til 70 ára. Hvernig nýir orkuframleiðendur koma til með að tengjast meginflutningskerfinu liggur ekki fyrir fyrir en ákvörðun um þá valkosti hefur verið tekin og eðlilegt að línulagnir fyrir þau verkefni skoðist í samhengi með þeim.



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
1.2	Arnar Grétarsson	4	Forsendur og markmið	<p>Hvar á Holtavörðuheildarlína 2 að verða?</p> <p>Er kannski löngu búið að ákveða inn á skrifstofu hjá Landsneti að Holtavörðuheildarlína 2 skuli reist samsíða fyrirhugaðri Holtavörðuheildarlínu 1? Spyr því Holtavörðuheildarlína 3 á halda áfram frá Holtavörðuheildi að Blönduvirkjun.</p> <p>Miðað við þessi risastóru línuplön hjá Landsneti er núverandi byggðarlína aldrei nokkurtíman að fara að geta sinnt hlutverki varalínu fyrir Holtavörðuheildarlínu 1 ef hún bilar. Miðað við hversu mikið rafmagn Landsnet áætlar að flytja þá hlýtur að þurfa tvær samliggjandi línur með svipað flutningsgetu.</p>	<p>Þegar tengivirkið á Holtavörðuheildi verður byggt mun Hrutatungulína 1 tengjast þar inn. Við þá breytingu mun sá hluti Hrutatungulínu 1 milli Holtavörðuheildi og Vatnshamra fá nafnið Holtavörðuheildarlína 2 vegna þess að hún mun ekki ná að Hrutatungu lengur. Þetta er eingöngu nafnbreyting en ekki verður reist ný lína. Dæmi um slíka breytingu er Lækjartúnslína 1 sem hét Búrfellslína 2 áður en tengivirkið Lækjartún var byggt. Þær línur í meginflutningskerfinu sem stendur til að byggja á Norður- og Vesturlandi eru Holtavörðuheildarlína 1 (Klafastaðir-Holtavörðuheildi), Holtavörðuheildarlína 3 (Holtavörðuheildi-Blanda) og Blöndulína 3 (Blanda-Rangárvellir). Að svo stöddu stendur ekki til að byggja aðrar línur í meginflutningskerfinu. Hrutatungulína 1 verður áfram frá Holtavörðuheildi til Hrutatungu. Þessar línur fá nýtt hlutverk sem mikilvægur hluti af svæðisbundnu flutningskerfi á Vesturlandi. Þær munu geta sinnt því hlutverki miklu betur en í dag með aukinni möskvun í svæðisbundna kerfinu og þegar komin er afkastamikil tenging milli landshluta. Önnur verkefni á norður og vesturlandi sem eru fyrirhuguð eru í svæðisbundnum flutningskerfum. Hægt er að kynna sér tímasettar áætlanir fyrir allar þessar framkvæmdir í Kerfisáætlun Landsnets.</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
2.1	Guðjón Kjartansson og Agnes Guðmundsdóttir		Mótmæli	<p>Við undirrituð, eigendur og ábúendur á Síðumúlaveggjum í Hvítársíðu leggjumst alfarið gegn þeim áformum Landsnets að línulögn Holtavörðuheidiarlínu 1 verði lögð í gegnum okkar landareign. Byggist sú afstaða okkar á ýmsum þáttum. Teljum við að fyrir það fyrsta sé það með öllum ólíkindum að ekki hafi verið meira lagt upp úr samskiptum og upplýsingagjöf við landeigendur. Á fundi sem ég (Guðjón) sótti að Hótel Glym í Hvalfirði snemma í ferlinu gerði ég grein fyrir því að það væri afleitur kostur að fara með línuna í gegnum ræktað land og afmarkað ræktunarland jarðarinnar. Þetta land er talið til hentugs landbúnaðarlands og er sá partur sem um ræðir innan jarðarinnar sem best hentar til ræktunar og beitar. Jörðin er aðeins 363 hektarar að stærð og er að stórum hluta klappir og forblaut mýrarsund. Þrátt fyrir þessar ábendingar er línunni ætlaður staður í gegnum þennan jarðarpart. Engu virðist skipta þótt að skipulögð íbúðarhúsalóð sé steinsnar frá línunni svo ekki sé talað um sjónræn áhrif ábúenda sem eiga eftir að horfa upp á ósköpin um ókomin ár. Sem og allir sem um landið fara. Verður það að teljast sérstakt á okkar tímum að svona risaframkvæmd sé nauðgað í gegnum blómlegar sveitir og ræktarlönd heimamanna og stínga verulega í augu ferðamanna. Sjónræn áhrif svona framkvæmda verða alltaf gríðarlega mikil og neikvæð. Teljum við að þessi línuleið muni rýra verðgildi jarðarinnar og hafa neikvæð áhrif á áætluð ættliðaskipti og frekari uppbyggingu, þar sem hún liggur um hentugt svæði fyrir framtíðar fjósbyggingu, þar sem fer saman beitar og ræktunarsvæði fyrir nútímabúskap og bættar aðbúnaðarkröfur að ótöldu fæðuöryggi þjóðarinnar. Við teljum einnig að við sem höfum hýst í landi okkar núverandi byggðalínu yfir holt og hæðir, tún og engi með tilheyrandi umferð við endurnýjun og viðhalds hennar með mismiklu jarðraski og yfirgangi, séum búin að leggja okkar að mörkum og að ekki sé hægt að ætlast til að endalausum línulögnum sé troðið á okkar lendur. HÉR ER UPPSELT! Á þessu 363 hektara „frímerki“ eru tveir ljósleiðarar, byggðalína og þriggja fasa héraðsraflögn ásamt tengistöðvarhúsi. Er þetta ekki bara orðið gott???</p> <p>Miðað við áætluð línustæði sjáum við að það virðist vera hægt að toga það og teygja út og suður út fyrir línubelti, svo vilji til breytinga er allt sem þarf til.</p>	<p>Landsnet hefur mótttekið mótmæli landeiganda. Þegar álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir tekur við annar kafli í undirbúningi framkvæmdarinnar, sem m.a. felur í sér frekara samtal við landeigendur, verkhönnun línu og vegslóða. Þá þarf einnig að óska eftir breytingum á aðalskipulagi sveitarfélaganna sem línan fer um og í kjölfar þessara ferla óska framkvæmdaleyfa. Það er von Landsnets að í þeirri undirbúningsvinnu sem tekur við að loknu álit Skipulagsstofnunar, náist farsæl lausn um framkvæmdina.</p>
2.2	Guðrún J. Guðmundsdóttir, Jóhannes Guðjónsson, Efri-Hrepp, Gauti Jóhannesson, Efri-Hrepp 1	3	Samráð	<p>Landeigendur í Efri-Hrepp, Skorradalshreppi, gera alvarlegar athugasemdir við það að Holtavörðulína 1 skuli hafa verið sett í umhverfismat áður en búið er að ákveða endanlega staðsetningu línunnar og án þess að haft hafi verið samráð við landeigendur um þá staðsetningu og ýmislegt rask í sambandi við framkvæmd lagningarinnar.</p>	<p>Tilgangur umhverfismats er að meta kosti og galla mismunandi valkosta en ekki einnar línuleiðar. Valið á línuleið nýrra lína er ætlað að taka mið af niðurstöðum umhverfismats framkvæmdarinnar þar sem horft er til þess hvaða áhrif mismunandi valkostir hafa á náttúrufar, ásýnd, samfélagslega þætti o.fl.</p> <p>Í umhverfismati er fjallað um og bornir saman valkostir á hlutlægan hátt. Þetta mat er sett fram hlutlaust af sérfræðingum, rannsóknaraðilum og hönnuðum. Nánara samráð verður haft á næstu stigum verkefnisins við hvern og einn landeigenda um útfærslur og aðgerðir framkvæmdarinnar innan viðkomandi jarða.</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
2.3	Guðrún J. Guðmundsdóttir, Jóhannes Guðjónsson, Efri-Hrepp, Gauti Jóhannesson, Efri-Hrepp 2	7.3, 9, Viðauki 1	Jarðmyndanir	<p>Í viðauka 1 með umhverfismatsskýrslu er fjallað um möguleg efnistökusvæði fyrir framkvæmd við lagningu Holtavörðuheildarlínu 1. Efnistökusvæði númer 54 er skilgreint sem klapparnáma í landi Skorradalshrepps en nákvæm staðsetning er óljós. Á korti virðist þessi náma staðsett í eða við farveg Hrafnagils sem ræður landamerkjum á milli jarðanna Efri-Hrepps og Neðri-Hrepps. Er hún nefnd Illasund en samkvæmt örnefnaskrá Efri-Hrepps kemur fram að Brúarsund sem er í landi Efri-Hrepps hafi áður verið nefnt Illasund, allar líkur eru því á að fyrirhugað sé að búa til klapparnámu í landi Efri-Hrepps. Aldrei hefur verið komið að máli við landeigendur í Efri-Hrepp til að ræða þann möguleika né heldur til að ræða um nákvæma staðsetningu línunnar sjálfrar þar sem hún liggur um land Efri-Hrepps. Ljóst er að klapparnáma myndi valda mjög miklu raski á landi, slæmum sjónrænum áhrifum og truflun sem hlytist af sprengingum og tilheyrandi þungaflutningum.</p> <p>Þess ber að geta að þessi staðsetning liggur í eða aðeins nokkra metra frá gömlu þjóðleiðinni yfir Skarðsheiðina, Skarðsheiðarvegi. Er þetta ein vinsælasta gönguleiðin í Borgarfirði og þótt víðar væri leitað, er hún mjög fjölfarin að sumri til bæði af fótgangandi, hjólríðafólki og reiðmönnum en á hverju sumri eru farnar margar hestaferðir um þessa leið með stóran hóp hesta, allt að eitt hundrað í senn. Að vetri til er þessi leið einnig mikið notuð af útivistarfólki. Landeigendur telja það mjög ámælisvert að setja Holtavörðulínu 1 í umhverfismat án þess að svo stórfelld röskun á umhverfi sem slík námuvinnsla hefði í för með sér hafi verið metin. Um er að ræða áður óraskað land, gamla þjóðleið og þessi framkvæmd myndi hafa mjög neikvæð áhrif á eða jafnvel koma í veg fyrir umferð mikils fjölda fólks sem hingað til hefur farið um Skarðsheiðarveg til að njóta hinnar miklu náttúrufegurðar þessa svæðis.</p>	<p>Í umhverfismatinu er mat á mögulegum efnistökusvæðum byggt á forathugunum og oft án þess að ráðist sé í greiningar á efnisgæðum hvers svæðis. Þegar aðalvalkostur liggur fyrir og álit Skipulagsstofnunar tekur við nánari hönnun framkvæmdarinnar og m.a. þá nánari tilhögun slóðagerðar í samráði við landeigendur.</p> <p>Þá kemst betri mynd á efnisþörf og æskileg efnistökusvæði, m.a. með tilliti til fjarlægða frá framkvæmdasvæði. Þá er, með leyfi landeigenda á hverjum stað, ráðist í frekari greiningar á efnisgæðum efnistökusvæðanna.</p> <p>Því er í umhverfismatinu byggt á mati á efnistökusvæðum sem búa yfir ríflegu efnismagni miðað við áætlaða efnisþörf til verksins og á seinni stigum sem ræðst í hvaða námur efni er sótt, en eins og áður segir háð samþykki landeigenda.</p> <p>Ábending landeigenda er varðar efnistökuverður höfð í huga þegar unnið verður að undirbúningi framkvæmdarinnar.</p>
2.4	Guðrún J. Guðmundsdóttir, Jóhannes Guðjónsson, Efri-Hrepp, Gauti Jóhannesson, Efri-Hrepp 3	14	Ásýnd	<p>Landeigendur í Efri-Hrepp telja einnig ámælisvert að ekki hafa verið metin sjónræn áhrif og ásýndarbreyting séð frá íbúðarhúsum í Efri-Hrepp. Þótt línun liggja þar í landi Neðri-Hrepps liggur hún eftir endilöngu landinu beint fyrir framan íbúðarhúsin í Efri-Hrepp og Efri-Hrepp 2 og mun það greinilega hafa neikvæð sjónræn áhrif. Sérstaklega munu áhrifin verða neikvæð frá Efri-Hrepp 2 en húsið stendur á svokölluðum Akurmel þar sem útsýni er geysifallegt yfir nágrennið.</p>	<p>Við ásýndargreiningu var notaður gagnagrunnur Landmælinga Íslands um mannvirki (IS 50V, útgáfa 24.12.2020). Efri-Hreppur er í rúmlega 1.000 m fjarlægð frá línukosti A (tafla 14.6). Í umhverfismatsskýrslu eru metnar breytingar á ásýnd frá fjölda bæjarhúsa á leið Holtavörðuheildarlínu 1 en ekki er raunhæft að gera ráð fyrir að slíkt sé gert fyrir sérhvern íverustað á leið línunnar.</p> <p>Þó ekki hafi verið unnar ásýndarmyndir fyrir Efri-Hrepp má sjá að þaðan verði 12-18 möstur sýnileg, samkvæmt sýnileikagreiningu (viðauki 6, sýnileikakort í myndahefti fyrir A hluta). Fjarlægð Efri-Hrepps og sýnileiki falla í lítil til miðlungs vægi, skv. töflu 14.3 um breytur og viðmið við mat á vægi áhrifa vegna ásýndarbreytinga.</p> <p>Í viðauka 6, sýnileikakort í myndahefti fyrir A hluta, er mynd tekin á mótum Mófellsstaðavegar (5095) og afleggjara að Hreppslaug (ásýndarmynd A-10), en frá gatnamótunum er tæplega 200 m bein loflína að íbúðarhúsum á Efri-Hreppi.</p> <p>Ásýndarmyndin ætti að vera nálgun á því sem sjást mun frá húsum Efri-Hrepps og Efri-Hrepps 2.</p>
3.1	Gunnar Jónsson, Króki	3	Samráð	<p>Eigendur króks sendu bréf til Landsnets með ábendingum um staðhætti í Norðurárdal og í Króki þar sem gerð er grein fyrir aðstæðum á jörðinni. Bréfið er dagsett 7. janúar 2022. Þann 6. júní 2022 sendu þeir einnig bréf til Skipulagsstofnunar varðandi þetta mál.</p> <p>Fulltrúar Landsnets komu í Krók og áttu þar fund með landeigendum. Á þeim</p>	<p>Landnet staðfestir móttöku umrædds bréfs og að heimsóknin átti sér stað og upplýsingar hafa verið móttæknar.</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
				fundu voru skýrð fyrir þeim þau viðhorf ábúenda að tvær samhliðalínur um land jarðarinnar væru óviðunandi fyrirkomulag.	
3.2	Gunnar Jónsson, Króki	1.2, 3, 8	Umhverfismatsskýrsla	<p>Í Matsáætlun er kynnt hvernig staðið verður að gerð umhverfismats línunnar. Í álitu Skipulagsstofnunar á henni er tekið undir þau sjónarmið,sem nefnd eru í bréfum eigenda Króks varðandi Byggðalínu, aðalvalkost og möguleika til þess að lágmarka breytingar á núverandi línuleið með jarðstreng eða samnýtingu mastra. Þann 29.október s.l. fór ég á fund Landsnets,sem haldinn var á Nauthól. Þar var umhverfismat Holtavörðulínu I lagt fram til kynningar. Mér varð ljóst á þessum fundi að samráðsfundur ,ábendingar og sjónarmið mín í tveim bréfum sem og fundur í Króki með starfsmönnum Landsnets höfðu ekki haft teljandi áhrif. Í skýrslunni kemur fram að valkostur, D – Meðfram núverandi byggðalínu, um Norðurárdal að fyrirhuguðu tengivirki á Holtavörðuheidi er það fyrirkomulag á línulögninni,sem stefnt er að á leið hennar um Króksland. Þar stendur „ Ekki var lagt mat á aðra valkosti á D hluta „ Í D-hluta skýrslunnar er því að hafa upplýsingar um það hvernig til stendur að nýta landareign mína til þessarar línulagnar.</p> <p>Óskað er eftir því að í umsögn um skýrsluna komi fram álit á framsetningu hennar. Umhverfismatsskýrslan ,er mikil að vöxtum.Þar er dreginn saman fróðleikur og álit margra aðila á þessari fyrirhuguðu framkvæmd. Þessi skýrsla ásamt Matsskýrslunni eru um 600 blaðsíðna lesmál. Þar er margt,sem fengur er að en einnig annað,sem er gagnrýni vert. Mér þykir ljóst að þessi framsetning henti illa flestum landeigendum á línuleiðinni. Hún er einfaldlega of umfangsmikil til þess að fólk,sem hefur önnur störf með höndum geti lagst í þá vinnu. Ég legg til að landsnet sýni þeim þá tillitssemi að skrifa hverjum og einum landeiganda á línuleiðinni bréf,gera þar grein fyrir því hvernig ætlunin er að fara með línuna um land þeirra og hvers vegna það sé þannig áformað.</p>	<p>Landsnet mun setja sig í samband við alla landeigendur á línuleiðinni þar sem framkvæmdin verður kynnt nánar fyrir hverjum og einum, mastrastæði, útfærslur slóða og mögulegar mótvægisáðgerðir, innan hans jarðar</p> <p>Landsneti er ljóst að umhverfismatsskýrslan er mikil að umfangi. Það helgast m.a. af því að lögð var áhersla á samanburð staðbundinna valkosta, sem ætlað var að draga betur fram mun á línuleiðum og undirbyggja betur rökstuðning fyrir vali á aðalvalkosti.</p> <p>Þá er forsaga verkefnisins nokkuð löng, m.a. valkostagreining og nýr valkostur sem bættist við í ferlinu eftir samráðsferli. Rétt þótti að gera grein fyrir þessari forsögu að hluta til í umhverfismatsskýrslunni, til að auka gegnsæi við ákvarðantöku valkosta og aðalvalkosta. Þá var lagt sértakt mat á umhverfisáhrif landbúnaðar og og eins lögð áhersla á greiningu m.t.t. ásýndar, þ.m.t. fjarlægðar línumannvirkja að bæjum og íverustöðum.</p> <p>Reynt var að byggja skýrsluna upp á þann hátt að þeir sem hana læsu gætu með því að nýta efnisyfirlit fundið það efni sem þeir hefðu helst áhuga á að kynna sér. Eins var vefsíðan (www.map.is/hh1/) ætlað að hjálpa til við að koma upplýsingum um framkvæmdina og áhrif hennar á framfæri.</p> <p>Þá var kynningartími umhverfismatsins rýmkaður, úr lögbundnum 6 vikum í 8 vikur, þar sem gögn málsins voru umfangsmikil.</p>
3.3	Gunnar Jónsson, Króki	5	Valkostir	<p>Línuleiðin. Í umhverfismatinu er það talinn sjálfsagður og eðlilegur möguleiki að fara með Holtavörðulínu I um landareignina samhliða Byggðalínunni (132 kv), sbr.,„ekki var lagt mat á aðra valkosti“ Skiptir það engu máli að hér er farið um land,sem tekið var til annarra nota fyrir nær fjórðungi aldar,með þinglýstum samningi (14-11-2000) við Vesturlandsskóga,sem staðfestur er af Landbúnaðarráðuneyti? Þar er nú þegar vaxinn upp skógur,sem mildar mjög ásýnd Byggðalínunnar,er einfaldlega hægt að ryðja þar burtu skóglendi, búa til aukið helgunarsvæði,taka sér enn stærra svokallað athafnasvæði til þess eins að láta standa enn um sinn línu,sem sögð er nær úrelt?</p>	<p>Valkostur D hefur áhrif á skógræktarsvæði, en mótvægisáðgerðir miða að því að lágmarka röskun og tryggja endurheimt þar sem rask verður óhjákvæmilegt. Helstu áðgerðir til lágmarka áhrif eru að skipuleggja leiðina þannig að hún fari framhjá þéttum skógræktarsvæðum þar sem mögulegt er, mastra- og slóðastæði verða staðsett á svæðum með minni skógræktargildi. Tré verða fjarlægð í samráði við landeigendur, með áherslu á að vernda eldri tré og nýta viðinn. Raskað land verður endurheimt með notkun svarðlags og gróðursetningu viðeigandi gróðurs.</p> <p>Sérstök áhersla verður lögð á að flýta náttúrulegri endurheimt. Til jöfnunar verður skipulögð ný skógrækt á hentugum svæðum, í samráði við landeigendur. Landsnet mun vinna með skógræktaraðilum og landeigendum til að tryggja árangur mótvægisáðgerða. Nýgróður og endurheimt svæði verða vöktuð í ákveðinn tíma eftir framkvæmd.</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
3.4	Gunnar Jónsson, Króki	13	Fornleifar	<p>Fornleifar. Ég vil þakka samantekt Fornleifastofnunar um minjar og fornleifar á jörðum, þar sem Holtavörðulína fer um. Mér eru þessir staðir kunnir í Króksslandi og er því ljóst hve mikilsverð sú vinna er. Á leið línunnar um land jarðarinnar eru tilgreindir 10 slíkir staðir. Af þeim eru 5 taldir vera í hættu vegna slíkrar línulagnar en aðrir 5 í stór hættu vegna hennar. Það er vissulega ástæða til þess að fara með gætni á slíkri vegferð. Blesastaðir eru vafalaust merkilegastir þessara fornminja. Í Landnámu segir; „ Þorbjörn blesi nam land upp frá Króki og bjó á Blesastöðum“. Rústirnar þar eru eðlilega frá síðustu búsetu á staðnum,sem gæti hafa verið um miðja 16. öld en það er allt eins líklegt að undir þeim séu minjar um bústað sjálfs landnámsmannsins,Þorbjarnar blesa. Það er ólíklegt að bærinn hafi verið á öðrum stað. Hvar,sem við förum um þessar slóðir minnir sagan á sig. Ofan við bæjarstaðið á Blesastöðum og Blesastaðagil er Gunnbjarnarmýri,kennd við landnámsmanninn í Tungu hins vegar árinna. Þar stunduðu þeir blesi og Gunnbjörn heyskap og þaðan fóru heybandslestir í Krók og Sveinatungu fram á tuttugustu öld. Uppi á hálsinum ofan við Blesastaði eru Gíslaklettur. Þar er mosagróin varða,sem Gísli sonur blesa gæti hafa hlaðið á landamerkjum. Um aldir hafa fáir átt þar leið um utan smalar á haustin. Mér þætti full ástæða til þess að færa rafínur frá þessum stað, Blesastöðum.</p>	<p>Við endanlega útfærslu mastraplana og vegslóða verður leitast við að haga framkvæmdum á þann hátt að forða fornminjum frá raski og verður það haft í huga á þeim stöðum sem vísað er til.</p>
3.5	Gunnar Jónsson, Króki	7.3	Efnistaka	<p>Efnistaka. Malarnán úr Norðurá hefur lengi verið ágreiningsefni og tilfinningamál í Norðurárdal. Í ánni verða reglulega miklar breytingar á farvegi af völdum flóða og ísa.Veiðistaðir fyllast og aðrir nýir verða til,áin fer úr farvegi sínum og brýtur land. Í henni hafa menn lengi stundað malartekju og svo er enn gert. Eins og svo oft er meðalvegurinn vandrataður. Í sumum tilfellum er þessi efnistaka réttlætunleg eins og t.d. þegar verið er að halda ánni í farvegi sínum eða verja árbakka eða að endurvekja horfna veiðistaði. Í öðrum tilfellum hafa slíkar aðgerðir valdið náttúruskemmdum. Þessi mál hafa þróast með þeim hætti að malartekja úr Norðurá er meira háð leyfisveitingum en áður var. Hugsanlegt er þó að þarna megi fá eitthvert efni til slóðagerðar með línunni. Það er vafalaust mjög til bóta að lagfæra þá slóða eða ruðninga,sem liggja með Byggðalínunni í landi Króks. Sjálfsgætt er einnig þörf á því að gera þar plön við möstrin. Slík slóð væri öllum til hagsbóta,einnig landeigandanum vegna skógræktarframkvæmda hans. Ég er hins vegar í vafa um þörfina fyrir veg með línunni,sem gerður væri sérstaklega fyrir þungaflutninga og umferð tækja af stærstu gerð. Ég hef búið við þessa línuleið í nær fjóra áratugi og aldrei orðið þess var að þörf væri þar fyrir slíka umferð. Ég vil einnig geta þess að allar þær umbætur,sem hér eru nefndar rúmast innan helgunarsvæðis Byggðalínunnar,sem er 60 metrar að breidd. Um malartekju í Króksslandi er þess að geta ,að það,sem kallað er „ Nýtt efnistökusvæði sunnan við Norðurá,rétt austan við Krók“ kemur ekki til greina að mínu mati. Ástæðan er sú að við viljum ekki slíkt rask á landi,sem við vinnum að því að vernda og bæta auk þess sem flutningur efnis þaðan yrði að fara annað hvort um skóglendi eða yfir brunnsvæði jarðarinnar. Það þykir mér ýmist óviðunandi eða of áhættu-samt. Ég hef bent á þann möguleika að taka efni úr gamalli malargryfju,ofan vegar rétt austan við Leiðarlæk. Þar er þó ekki á vísan að róa.</p>	<p>Í umhverfismatinu er mat á mögulegum efnistökusvæðum byggt á forathugunum og oft án þess að ráðist sé í beinar greiningar á efnisgæðum hvers svæðis. Þegar aðalvalkostur liggur fyrir og álit Skipulagsstofnunar mun taka við nánari hönnun framkvæmdarinnar og m.a. þá nánari tilhögun slóðagerðar í samráði við landeigendur.</p> <p>Þá kemst betri mynd á efnisþörf og æskileg efnistökusvæði, m.a. með tilliti til fjarlægða frá framkvæmdasvæði. Þá er, með leyfi landeigenda á hverjum stað, ráðist í frekari greiningar á efnisgæðum efnistökusvæðanna.</p> <p>Því er í umhverfismatinu byggt á mati á efnistökusvæðum sem búa yfir riflegu efnismagni miðað við áætlaða efnisþörf til verksins. Á seinni stigum ræðst í hvaða námur efni er sótt, en eins og áður segir háð samþykki landeigenda.</p> <p>Ábending landeiganda á Króki er varðar slóðagerð og efnistöku verður því höfð í huga þegar frekar verður unnið að undirbúningi verksins.</p>




Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
3.6	Gunnar Jónsson, Króki	15	Landslag	<p>Í þeim hluta umhverfismatskýrslunnar þar sem fjallað er um landslag eru settar fram margar skoðanir og mat á þeim hluta línuleiðarinnar, þar sem hún fer um Norðurárdal og Króksland þ.e. D-hluta hennar. Það er vissulega snúið að henda reiður á því efni öllu en mér virðist að það sé grundvallar álit skýrsluhöfunda að, í heild hafi valkosturinn D, miðlungsgildi fyrir mikilvægi og miðlungs hátt fyrir viðkvæmni. Ég tel ýmislegt vera athugavert við þessar skoðanir og þykir þær bera nokkurn keim af ókunnugleika. Nefni sem dæmi að þarna eru Hvammskirkja og Konungsvarða taldir helstu viðkomustaðir ferðamanna á þessari leið um Norðurárdal að sýslumörkum.</p>	<p>Landsnet vísar til Viðauka 7 með umhverfismatskýrslu framkvæmdarinnar, þ.e. í skýrslu Verkís, Landslagsgreining á áhrifasvæði Holtavörðuheiðarlínu. Þar kemur m.a. fram að heildargildismat landslagsheildar byggir annars vegar á mikilvægi landslagsheildar sem samanstendur af verndarákvæðum, útivistargildi og minja- og sagnagildi. Hins vegar byggir heildarmatið á viðkvæmni landslagsheildar fyrir breytingum. Vísað er til þeirra viðmiða sem eru til grundvallar mati á gildi landslagsheilda. Um er að ræða lykil að gildismati landslagsheilda (kafli 3.1 í Viðauka 7) og viðmið fyrir einstaka matsþætti (kaflar 3.1.1 til 3.1.5 í Viðauka 7). Gildismat landslagsheildarinnar Norðurárdalur er því grundvallað á skýrum viðmiðum og við matið eru nýtt fyrirbyggjandi opinber gögn og greiningargögn sem hafa orðið til í mati á landslagi framkvæmdasvæðisins. Landsnet leggur því áherslu á að um er að ræða vandaða matsvinnu, þar sem samræmi er á milli mats óháð valkostum og staðsetningu á línuleið og lagt var upp með gegnsæi á því hvernig niðurstaða er fengin.</p> <p>Landsnet vísar til þess að umræddir viðkomustaðir ferðamanna eru skilgreindir í gögnum Ferðamálastofu, þ.e. í gögnum yfir viðkomustaði ferðamanna. Gögnin voru unnin af stofnuninni í samstarfi og samráði við heimamenn. Skýrsluhöfundar eru því ekki að birta sínar skoðanir með því að tilgreina Hvammskirkju og Konungsvörðu sem mögulega viðkomustaði.</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
3.7	Gunnar Jónsson, Króki	15	Landslag	<p>Í bréfi,sem eigendur Króks sendu Landsneti með upplýsingum og ábendingum,dags.17.janúar 1922 er í fyrri hluta þes gerð nokkur grein fyrir náttúrufari og mannlífi í Norðurárdal. Ég sé ástæðu til þess að bæta við þær ábendingar eftirfarandi upplýsingum og athugasemdum. Ég lít svo á að Norðurárdalur sé ein heild og að jarðirnar á D-hluta leiðarinnar séu hluti hennar.</p> <ul style="list-style-type: none">- hið undurfagra Hreðavatn og þéttbýlið við Bifröst eru fjölsóttir ferðamanna-staðir.-Grábrókin er sennilega fjölsóttasti viðkomustaður ferðamanna í Norðurárdal. Flesta daga ársins er stöðugur straumur fólks eftir göngustíg upp hlíð hennar en af henni er mikið útsýni yfir Deseyna og fram eftir dalnum.- Norðuráin liðast niður eftir dalnum. Hún er heimspekt veiðiá,sem stendur undir einhverri verðmætustu ferðaþjónustu landsins. Við Krók kemur áin einna næst línunni. Skógræktin er þegar tekin að milda þá á sýnd.- Grjóthálsinn varðar sveitina sunnan megin dalsins. Nær ósnortinn allt frá upphafi byggðar í landinu. Eftir hálsinum endilöngum er röð silungsvatna þar sem er fjölbreytt fuglalíf,svo sem áltfir og himbrimi. Vötnin eru eftirsótt af veiðimönnum,Yfor hálsinn liggur ein slóð. <p>Sjálfsgagt fara þar einhverjir um á fjallahjólun en þar er talsverð umferð ferðamanna á bílum. Leiðangrar hestamanna og göngufólk eru á ferð um hálsinn. Þarna eru æfaforir landamerka-punktar,sumir sennilega merkar fornleifar. Ósnortið verðmætt víðerni.</p> <ul style="list-style-type: none">-Norðan dalsind gmæfir Baulan einn af útvörðum Borgarfjarðar. Hennar erfiðu hlíðar freista á hverju ári margra fjallgöngumanna. Af tindi hennar er mikifenglegt útsýni til margra sókna.- í skýrslunni er víða talað um landbúnaðarlandslag. Á meðan landbúnaður var aðalatvinna manna í Norðurárdal var búið þar á um 22 bæum . Nú má segja að hefðbundinn landbúnaður sé stundaður á 5 bæjum í dalnum.- Um þær breytingar,sem orðið hafa á mannlífi og atvinnu og hvert stefnir í þeim efnum í Norðurárdal vísa ég enn í áður nefnt bréf landeigenda í Króki, frá 7. janúar 2022.- Í umhverfismatsskýrslunni er þess getið að Hvammskirkja og Konungsvarða séu helstu viðkomustaðir ferðamanna á leið þeirra um framanverðan Norðurárdal að sýslumörkum á Holtavörðuheiði. Hvammskirkja er ekki mikill viðkomustaður ferðamanna. Það þekki ég af eigin raun. Hef búið í næsta nágrenni hennar nokkuð á fjórða tug ára. Á þessari leið er þó ýmislegt fagurt og markvert að sjá,svo sem Króksfoss,gljúfrin ofan hans,Leitisfossar og hrygningarsvæði Norðurár með flúðum,fossum,fuglum og iðandi vatnslífi. Þar eru og Snjófjöll mikill viðkomustaður veiðimanna á haustum. <p>Á Holtavörðuheiði hefur orðið umtalsvert rask á landi vegna vegagerðar og malartekju,sem sums staðar er óþarflega áberandi. Þá hef ég ekki orðið þess var að margir geri sér ferð að Konungsvörðu þó hún sé óneitanlega kennileiti á sýslumörkum, en í vestri ber hins vegar við himinn Tröllakyrkja,tilkomumikill áfangastaður í ljóði eins af stórskáldum Borgarfjarðar.</p>	<p>Landsnet tekur undir að Norðurárdalur er ein landslagsheild og í matsskýrslunni er fjallað um Norðurárdal sem landslagsheild. Í matinu er Grjótháls skilgreindur sem sérstök landslagsheild með mjög skýr og sterk einkenni, en tekið er undir að tengsl eru á milli Norðurárdals og Grjótháls.</p> <p>Landsnet vísar til þess að umræddir viðkomustaðir ferðamanna eru skilgreindir í gögnum Ferðamálastofu, þ.e. í gögnum yfir viðkomustaði ferðamanna. Gögnin vor unnin af stofnuninni í samstarfi og samráði við heimamenn. Skýrsluhöfundar eru því ekki að birta sínar skoðanir með því að tilgreina Hvammskirkju og Konungsvörðu sem mögulega viðkomustaði.</p> <p>Að öðru leyti kallar athugasemdin ekki á viðbrögð Landsnets.</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
3.8	Gunnar Jónsson, Króki	3	Samráð	Þegar núverandi eigendur komu í Krók var jörðin í eyði, landið allt niðurnytt og nagað í rót vegna langvarandi ofbeitar sauðfjár og hrossa, girðingar allar fallnar. Þá hófst þar sú uppbyggong, sem staðið hefur í 35 ár. Girðingar voru endurreistar, landið að mestu friðað fyrir beit og skógur græddur á 120 ha lands. Skógur, sem í dag hefur náð verulegum og sýnilegum þroska. Vilji forráðamenn Landsnets fara með tvær línur um land jarðarinnar, þar sem önnur þeirra eigi sér þó ekki langa framtíð, er það augljóst verkefni þeirra að leysa það vandamál án þess að leggja undir línuna aukið land, sem nú þegar hefur verið tekið til annarra nota. Það er von mín að um þessa framkvæmd geti orðið samstarf og samkomulag en til þess að svo geti orðið vænta landeigendur þess að starf þeirra verði virt og gróðurinn njóti verndar.	Ekki stendur til að fjarlægja Hrútatungulínu 1. Hún mun standa áfram og hafa mikilvægt hlutverk í svæðisbundnu flutningskerfi á vesturlandi. Leitað verður leiða til að minnka áhrif á núverandi landnotkun eins og hægt er og þar sem að nauðsynlegt verður að fara yfir nytjaland taka mótvægisáðgerðir og landbætur mið af því. Landsnet tekur undir og er það einnig von Landsnets að um þessa þjóðhagslega mikilvægu innviðaf framkvæmd verði gott samstarf og samkomulag náist. Landsnet virðir að sjálfsögðu starf allra landeigenda gerir ráð fyrir það sama gildi í báðar áttir og sameiginlegur flötur á að leysa verkefnið náist.
4.1	Kjartan Guðni og Irma Þöll Þorsteinsdóttir, Norðtungu	17	Landbúnaður og Skógrækt	Við í Norðtungu mótmælum því að nýja línan muni fylgja gömlu línunni yfir túnin okkar. Þetta eru allt tún í rækt og notkun. Galið að fara yfir ræktað land þegar hægt er að fara yfir órækt, kletta og ríkissjörð. Mun gáfulegra að fara þar yfir heldur en að eyðileggja bújarðir. Ef farið yrði yfir okkar tún þá missum við hellings land og það er ekki mikið land sem við eigum.	Aðal valkostur Landsnets, sem kynntur er í umhverfismatskýrslunni, liggur ekki yfir umrædda jörð. Hins vegar vill Landsnet benda á það að línan fer yfir ræktað land á nokkrum stöðum og þar hafasem það er nauðsynlegt eru mastrastæði verið valin m.t.t. þess eð það að markmiði að lágmarka rask á ræktuðu landi. Þetta er gert með þvífelst m.a. í að staðsetja mastra- og slóðastæði á jaðarsvæðum, svo sem við skurðbakka eða jaðar túna. Slóðar eru skipulagðir þannig að þeir valdi sem minnstu raski og hægt sé að nýta þá áfram sem aðgengi fyrir landbúnað eftir framkvæmd.
5.1	Hallgrímur Sv. Sveinsson, f.h. ábúanda á Vatnshömrum	3	Samráð	Ég hef í gegnum ferli Landsnets við að undirbúa uppsetningu á Holtavörðulínu 1 lagt mikla áherslu á að fá að veita umsögn eða vera til leiðsagnar um þær "rannsóknir" sem lögbundið er að fara í við viðlíka umfangsmikla framkvæmd. Þetta hefur því miður gengið vægast sagt illa og það var eftir ítrekaðar beiðnir að ég loks fékk heimsókn þar sem ég gat komið á framfæri athugasemdum og tillögum að línuleið (B1) enda kemur línuleið B1-a (Samsíða núverandi línu) EKKI til greina undir neinum kringumstæðum.	Samráð hefur verið haft við undirbúning verkefnisins og landeigendum og almenningi gefin kostur á, umfram það sem lög gera ráð fyrir, að koma með athugasemdir og tillögur. Nánara samráð verður haft á næstu stigum verkefnisins við hvern og einn landeigenda um útfærslur og aðgerðir framkvæmdarinnar innan viðkomandi jarða.
5.2	Hallgrímur Sv. Sveinsson, f.h. ábúanda á Vatnshömrum	3	Samráð	Ég sakna þess mjög að fá ekki vitneskju um það þegar sérfræðingar fara um land mitt og það á m.a. um þá sem mátu hér línustæðið m.a. með drónaflugi án þess að láta vita af sér. Ekki varð ég var við að aðili sem kortlagði fornmyntjar færri um land mitt og sömuleiðis hafði enginn samband þegar land mitt var metið m.t.t. landbúnaðarntýja, eða míns álits leitað. Hver er eiginlega tilgangurinn með þessum úttektum, en hann eingöngu til að uppfylla lagaskilyrði eða raunverulega að meta umhverfisleg áhrif framkvæmdarinnar í samráði við þá sem framkvæmdin hefur áhrif á.	Landsnet harmar það ef ekki hefur verið haft samband við ábúendur og þeir ekki vitað af þegar starfsfólk Landsnets eða á þeirra vegum hefur skoðað aðstæður á jörðunni. Alla jafna reynir Landsnet og starfsfólk á þess vegum að láta landeigendur vita af ferðum sínum um jarðir. Í umhverfismati er fjallað um og borin saman umhverfisáhrif valkosta á hlutlægan hátt. Þetta mat er sett fram hlutlaust af sérfræðingum, rannsóknarfólki og hönnuðum.
5.3	Hallgrímur Sv. Sveinsson, f.h. ábúanda á Vatnshömrum	3	Samráð	Það er mjög sorglegt að allur þessi kostnaður sé lagður í hina ýmsu sérfræðinga og að það sé talið eðlilegt við slíka vinnu sé ekki talið mikilvægt að hafa landeigendur og ábúendur til samráðs þegar fjallað er um jarðir þeirra. Það eitt og sér bendir til þess að tilgangurinn sé að uppfylla lagaskilyrði fremur en að meta raunveruleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.	Samráð hefur verið haft við undirbúning verkefnisins og landeigendum og almenningi gefin kostur á, umfram það sem lög gera ráð fyrir, að koma með athugasemdir og tillögur. Nánara samráð verður haft á næstu stigum verkefnisins við hvern og einn landeigenda um útfærslur og aðgerðir framkvæmdarinnar innan viðkomandi jarða.
5.4	Hallgrímur Sv. Sveinsson, f.h. ábúanda á Vatnshömrum	17	Landbúnaður og Skógrækt	Í skýrslu um mat á umhverfisáhrif á landbúnað er rætt um áhrif á land Vatnshamra og lítið gert úr áhrifum þar sem talað er um landið sem að meiri hluta til beitiland. Stór hluti þess lands sem undir línustæðinu lendir er vissulega beitiland í dag, en það er skipulagt sem skógræktarland og þar var fyrirhugað að hefja skógrækt á svæðinu á næstu árum. Þeir sem til þekkja vita það að land til skógræktar er eftirsótt og þar af leiðandi verðmætt.	Þegar kemur að samtali um landbætur og greiðslur vegna þeirra, er lítið til fjölda þátta til að meta verðmæti þeirra og landgæð i sem mögulega geta skerast vegna framkvæmdanna.

Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
5.5	Hallgrímur Sv. Sveinsson, f.h. ábúanda á Vatnshömrum	14.5.2	Ásýnd	Í kafla 14.5.2 í Umhverfismatsskýrslunni er ekki annað að sjá en að það vanti inn frístundahúsið, Vatnshamraland 179440 sem stendur nærri línuleiðinni. Þetta óskast leiðrétt. Húsið er mjög nærri upprunalegri línuleið.	<p>Við ásýndargreiningu var notaður gagnagrunnur Landmælinga Íslands um mannvirki (IS 50V, útgáfa 24.12.2020). Landsneti er ekki ljóst af hverju bústaðurinn er ekki í þeirri mannvirkjaskrá.</p> <p>Ásýndarmynd B-2 í viðauki 6, myndahefti fyrir B hluta, er tekin frá heimreið að sumarbústaðnum, sjá mynd hér að neðan (rauð lína: Hrútatungulína, gul lína: Holtavörðuheiðarlína 1).</p> 
5.6	Hallgrímur Sv. Sveinsson, f.h. ábúanda á Vatnshömrum		Almennt	Hvernig stendur á því að á upplýsingasíðunni hjá Skipulagsstofnun er enn þá til mynd sem sýnir neðan greinda línuleið? Er hún virkilega enn þá draumaleið teiknara eða er þetta bara skítur sem á eftir að hreinsa út. Mynd 1 tekin af korti neðst á síðunni: https://skipulagsgatt.is/issues/2024/1187	Athugasemd snýr að upplýsingum á vef Skipulagsstofnunar og krefst ekki viðbragða af hálfu Landsnets.
5.7	Hallgrímur Sv. Sveinsson, f.h. ábúanda á Vatnshömrum	Viðauki 5	Framkvæmd	Á korti 15 eru teiknaðir fyrirhugaðir vegir að möstrum og þar er gert ráð fyrir að séu þveraðir 2 skurðir. Hér geri ég VERULEGAR athugasemdir við að annað eins rugl sé teiknað upp og þetta er ekki trúverðug vinnubrögð. Svona lagað er hægt að koma í veg fyrir og spara tíma og fyrirhöfn með því að hafa samráð við landeigendur. https://skipulagsgatt.is/files/65ed13bb-a224-4aad-8d64-9054cb95c2c5	Þegar álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir tekur við nánari hönnun framkvæmdarinnar og m.a. nánari tilhögun slóðagerðar. Landsnet mun hafa samráð verður um útfærslur og aðgerðir framkvæmdar við landeigendur viðkomandi viðkomandi jarða.



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
5.8	Hallgrímur Sv. Sveinsson, f.h. ábúanda á Vatnshömrum	4	Forsendur og markmið	<p>Það eru misvísandi upplýsingar í gangi um fyrirhugaða línu, þ.e.a.s. hvort hún verði 220 kv eða 400 kv og sú staðreynd þarf svo sannarlega að fást á hreint áður en lengra er haldið.</p> <p>Það er sömuleiðis ekki í boði á Vatnshömrum að Hrutatungulína 1 standi óhöggð áfram á þeim stað sem hún er ásamt nýrri línu. Það land sem fer undir rafmagnslínu á Vatnshömrum nú þegar er of mikið og skerðir verulega að hægt sé að nýta landið undir skógrækt.</p>	<p>Landsnet vísar því á bug að verið sé að halda því fram að Holtavörðuheiðarlína 1 sé hönnuð fyrir hærri rekstrarspennu en 220 kV og að í framtíðinni megi reka hana sem 400 kV lína. Þessar vangaveltur hafa mögulega komið fram þar sem Holtavörðuheiðarlína 1 er fyrsta 220 kV línan á Íslandi sem er ráðgerð með tvíleiðara (þekkist vel erlendis) en áður hafa allar línur á Íslandi með tvíleiðara (Búrfellslína 3, Sultartangalína 2, Sultartangalína 3 og Fljótsdalslínur 3&4) verið hannaðar og byggðar sem 400 kV línur þó þær séu enn reknar sem 220 kV línur. Það á ekki við rök að styðjast að Holtavörðuheiðarlínu 1 megi síðar reka á 400 kV spennu og hefur það á engum tímapunkti komið til skoðunar að reka hana á hærri spennu. Holtavörðuheiðarlína 1 er höfð með tvíleiðara til að ná meiri flutningsgetu með hóflegum kostnaði og minnka flutningstöp. Til staðfestingar á að HH1 verði ekki rekin á 400 kV má nefna eftirfarandi atriði:</p> <ul style="list-style-type: none">• Umfang, hæð mastra og útlit Holtavörðuheiðarlínu 1 og annarra nýlegra 220 kV lína hjá Landsneti sem hafa einleiðara (Kolviðarhólslínu 1, Hólasandslína 3, Kröflulína 3, Kröflulína 4 og Þeistareikjalína 1) og fyrirhugaða lína sem hafa einleiðara og eru nú í undirbúningi (Suðurnesjalína 2 og Blöndulína 3) er það sama.• Þær línur sem hafa verið byggðar sem 400 kV línur á Íslandi hafa haft fasabil (fjarlægð milli aðliggjandi fasa) á bilinu 12,75 – 13,25 m en fasabil á Holtavörðuheiðarlínu 1 er ráðgert ≈10,3 m, þ.e. sambærilegt við aðrar nýlegar 220 kV línur á Íslandi.• Hæðir mastra leyfa ekki að breyta línunni í 400 kV því þá þarf lengri einangra og aukna öryggisfjarlægð yfir jörðu. Kröfur um hæðir leiðara yfir jörðu verða því ekki uppfylltar við eðlilegan rekstur.• Innri fjarlægðir (þ.e. yfirláttur frá leiðandi hluta yfir í jarðtengda hluta mastra) leyfir ekki að breyta HH1 í 400 kV því lengri einangrar og auknar fjarlægðarkröfur verða ekki uppfylltar.
6.1	Jón Friðrik Jónsson, Vindheimum og Hvítárbakka	6	Aðalvalkostur	<p>Umsögn vegna Holtavörðuheiðarlínu í landi Vindheima og Hvítárbakka kemur ekki til greina að leggja aðra línu um þessi eignarlönd og eru allir landeigendur sammála því. Minni á fyrri umsögn frá mér þar sem ég bendi á línustæði frá Vatnshömrum í beina línu að Stóra Kroppi, ríkið á fjórar jarðir á þeirri leið hluta af Vatshömrum, Miðfossa, Kvikstaði, og Hest, sem væri mjög góð línuleið stutt í Borgarfjarðarbraut sem gerir styttri vegalagnir og stutt í efnisnámu í eigu ríkisins í Máfahlíð. Á fundi á hóteli Hamri sögðu fulltrúar Landsnets að valkostanefnd hefði hafnað þessari línuleið vegna ásýndar frá Borgarfjarðarbraut, minni á í valkostanefnd eru fulltrúar LBÍ sem er umráðaraðili fyrrnefndum jörðum og hljóta þarafleiðandi að vera vanhæfir til umsagnar. Minni á að Borgarfjarðarbraut er bráðabyggðavegur notaður í fáa áratugi og ný hraðbraut verður væntanlega lögð á núverandi línuleið byggðarlínu að Gróf.</p>	<p>Í undirbúningi umhverfismatsins var unnin valkostagreining þar sem óskað var eftir hugmyndum um valkosti frá verkefnaráði, landeigendum og almenningi. Í valkostaskýrslu sem unnin var áður en matsáætlun var lögð fram má sjá rökstuðning fyrir ákvörðun um hverjar af þeim hugmyndum sem fram komu yrðu teknar áfram til umhverfismats. Við undirbúning og mótn valkosta við gerð matsáætlunar var kappkostað að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar. Niðurstaða um valkosti er almennt fengin með því að meta og bera þá saman út frá faglegum og heildstæðum sjónarmiðum. Umhverfismatsferlið byggir á ákveðinni aðferðafræði sem tryggir að val á aðalvalkosti taki mið af umhverfisáhrifum, samfélagslegum þáttum og tæknilegri og efnahagslegri hagkvæmni. Ákvörðun um aðalvalkost Landsnets byggir á mati á heildaráhrifum fyrir hvern hluta línunnar (A-D) og samanburði á staðbundnum áhrifum einstakra valkosta.</p> <p>Í athugasemd er vísað til sérstakrar valkostanefndar og þátttöku fulltrúa LBÍ í henni. Landsnet vill benda á að engin slík nefnd hefur verið starfrækt.</p>




Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
7.1	Jónas Guðjónsson og Gunnhildur Gísladóttir, Síðumúlaveggjum		Mótmæli	Væntanlegir jarðeigendur að Síðumúlaveggjum taka ekki í mál að önnur lína verði lögð í landinu og mótmæla eindregið áætlaðri línuleið Holtavörðuheiðarlínu 1. Fyrirhugað er að leggja nýja línu Landsnets meðfram núverandi byggðarlínu sem þverar ekki einungis jörðina í heild heldur liggur hún einnig þvert yfir ræktarland jarðarinnar sem er stórfurðulegt á sömu tímum og rætt er um mikilvægi fæðuöryggi landsins. Þessi áform leggjast þungt á okkur og eru mögulegur forsendubrestur í ættliðaskiptum jarðarinnar.	Landsnet hefur mótttekið mótmæli landeiganda. Ljóst er að ný lína í nágrenni núverandi línuleiðar liggur um landbúnaðarland. Við mat á umhverfisáhrifum línunnar var m.a. lagt mat á áhrif línunnar á landbúnaðarland og liggur það mat nú m.a. fyrir þegar Skipulagsstofnun vinnur álit sitt. Þegar álit stofnunarinnar liggur fyrir tekur við annar kafli í undirbúningi framkvæmdarinnar, sem m.a. felur í sér frekara samtal við landeigendur, verkhönnun línu og vegslóða. Þá þarf einnig að óska eftir breytingum á aðalskipulagi sveitarfélaganna sem línan fer um og í kjölfar þessara ferla óska framkvæmdaleyfa. Það er von Landsnets að í þeirri undirbúningsvinnu sem tekur við að loknu álit Skipulagsstofnunar, náist farsæl lausn um framkvæmdina.
7.2	Jónas Guðjónsson og Gunnhildur Gísladóttir, Síðumúlaveggjum	3, 6	Samráð	Áformað er að ættliðaskipti fari fram árið 2025. Samhliða því á að reisa nýtt 230fm íbúðarhús, Síðumúlaveggi 1, á lóð (landnúmer 231101) sem hefur verið á skipulagi frá árinu 2020. Þessi lóð og þar með staðsetning íbúðarhúss er einungis í 450m fjarlægð frá fyrirhugaðri línu sem er algerlega óásættanlegt. Íbúðarhúsið sem reisa á árið 2025 er búið að sérhanna út frá því stórglæsilega útsýni sem er á jörðinni, þá sérlega inn Hvítársíðu. Eins var bæjarstæðið valið sérstaklega með nýtt fjós á túni fyrir neðan sem myndi sjást vel frá húsinu. Svo ekki nóg með það að línan er allt of nálægt íbúðarhúsinu að þá er hún einnig í beinni sjónlínu úr stoflugluggum og sviptir okkur því miklu útsýni. Við mat á sjónrænum áhrifum línunnar var ekki tekið tillit til íbúðarhúsnæðis á þessum stað og hefur staðfesting þess efnis verið gefin frá Kristni Magnússyni, verkefnastjóra verkefnisins. Er það lýsandi fyrir samráðaleyfi Landnets við landeigendur þar sem ekkert samtal átti sér stað fyrr en 19. Nóvember 2024. Við kærur okkur ekkert um að hafa raflínu svona nálægt íbúðarhúsinu okkar og sérstaklega þar sem barnið okkar mun að sjálfssögðu vera úti að leika sér í nálægð hennar svo ekki sé rætt um hávaðamengunina og hvininn sem línunni fylgja. Teikningar af íbúðarhúsinu (Síðumúlaveggir 1) er hægt að fá að skoða sé þess óskað.	Í þéttbýlum hlutum Evrópu liggja línur oft um íbúðarbyggð og víða er heimilt að háspennulínur liggja yfir íbúðarhúsum. Á Íslandi gildir byggingarbann undir háspennulínum á helgunarsvæði línunnar. Í tilfelli þar sem Holtavörðuheiðarlína 1 og Hrutatungulína 1 liggja samsíða er heildar helgunarsvæðið samtals um 95 m, eins og fram kemur í kafla 19.3.1.2 í umhverfismatsskýrslu. Því er ekkert því til fyrirstöðu að byggja í um 50 m fjarlægð hvorum megin og þar er styrkur raf- og segulsviðs auk hljóðstígs kominn vel niður fyrir leyfileg mörk. Við ásýndargreiningu var notaður gagnarunmur Landmælinga Íslands um mannvirki (IS 50V, útgáfa 24.12.2020). Bæjarhús Síðumúlaveggja eru í um 620 m fjarlægð frá línuvalkostum á C hluta (tafla 14.16). Í umhverfismatsskýrslu eru metnar breytingar á ásýnd frá fjölda bæjarhúsa á leið Holtavörðuheiðarlínu 1 en ekki er raunhæft að gera ráð fyrir að slíkt sé gert fyrir sérhvern íverustað á leið línunnar. Þó ekki hafi verið unnar ásýndarmyndir fyrir Síðumúlaveggi má sjá að þaðan verði 12-18 möstur sýnileg, samkvæmt sýnileikagreiningu (viðauki 6, sýnileikakort í myndahefti fyrir C hluta). Fjarlægð bæjarins frá línu og sýnileiki falla í miðlungs vægi, skv. töflu 14.3 um breytur og viðmið við mat á vægi áhrifa vegna ásýndarbreytinga. Þegar álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir tekur við annar kafli í undirbúningi framkvæmdarinnar, sem m.a. felur í sér frekara samtal við landeigendur, verkhönnun línu og vegslóða. Þá þarf einnig að óska eftir breytingum á aðalskipulagi sveitarfélaganna sem línan fer um og í kjölfar þessara ferla óska framkvæmdaleyfa. Það er von Landsnets að í þeirri undirbúningsvinnu sem tekur við að loknu álit Skipulagsstofnunar, náist farsæl lausn um framkvæmdina.
7.3	Jónas Guðjónsson og Gunnhildur Gísladóttir, Síðumúlaveggjum		Landbúnaður og Skógrækt	Samhliða ættliðaskiptum og uppbyggingu á jörðinni eru uppi áform um stækkun bústofns og stóreflingu ræktunar á jörðinni, sem nú þegar er hafin. Byrjað hefur verið að rækta í flóanum þar sem möstur nr. 126, 127 og 128 er áformuð. Land sem mögulegt er að nýta til ræktunar er af skornum skammti á jörðinni. Mikið rask fylgir því að leggja fyrirhugaða línu og mun það taka upp gríðarlega mikilvægt landsvæði sem nauðsynlegt er að nýta til ræktunar til þess að hafa nægt fóður fyrir bústofn bæjarins. Landsnet leggur rök fyrir því að línan taki aðeins 1,1 hektara af landi en þar reiknast ekki inn uppbrot masturs í ræktarlandið. Mastur sem staðsett er á miðri spildu skemmir mun meira af landi heldur en bara þann flöt sem mastrið stendur á. Vegslóði að mastri brýtur spilduna upp svo þær verða ekki eins hentugar í laginu til vinnslu (sem er gríðarlega kostnaðarsamt) og svo er ekki hægt að slá eða vinna tún alveg upp að mastri.	Við mat á landbótum er horft til ýmissa þátta og m.a. horft á gildi ræktarlands og hvernig framkvæmdir við línuna, vegslóðir, möstur og helgunarsvæði breytir landnotum jarðarinnar með beinum eða óbeinum hætti. Landsnet væntir þess að geta komist að samkomulagi við landeigendur um landbætur eftir nánara samtal við þá við framhald verkefnisins á næstu mánuðum.





Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
7.4	Jónas Guðjónsson og Gunnhildur Gísladóttir, Síðumúlaveggjum	17	Landbúnaður og Skógrækt	Þegar búið er að rækta upp í flóanum verður áhersla færð á að rækta upp óræktina við mastur nr. 129. Þar er fyrirhugað að hafa spildur sem friðaðar eru frá búfénaði og nýtast til kornræktunar sem er stór liður í því að bæta fæðuöryggi þjóðarinnar. Þar fyrir ofan skurðinn við mastur nr. 130 stendur til að fara í skógrækt til að leggja okkur að mörkum í kolefnisbindingu búrekstursins og búa til skjól á túnunum sem ekki verður almennilega hægt með þessari nýju línu. Það er í raun og veru galið að ætla sér að fara yfir þetta land sem búið er að kortleggja sem mjög gott ræktarland af Borgarbyggð.	Varðandi helgunarsvæði línunnar, þá eru ekki takmarkanir á ræktun undir línunni, nema í tilviki trjáræktar en þá eru settar hæðartakmarkanir. Það er því ekkert til fyrirstöðu að brjóta land undir tún eða aðra ræktun undir línunni. Hönnun og hæðarsetning línunnar tekur mið af mögulegri ræktun og umferð stórra landbúnaðartækja undir henni.
7.5	Jónas Guðjónsson og Gunnhildur Gísladóttir, Síðumúlaveggjum	3	Samráð	Með hertum reglugerðum um velferð dýra verður að ráðast í uppbyggingu á útihúsum. Byggja á nýtt fjós með mjaltþjóni þar sem mætt er öllum reglum um velferð og aðbúnað dýra. Í reglugerð 1065/2014 um velferð nautgripa er skilgreint að allir nautgripir skulu komast á beit á grónu landi í átta vikur hið minnsta og verður fjósið því að vera staðsett í námunda við gott ræktarland. Staðsetningar sem koma til greina eru ekki margar með tilliti til landsvæðis og túna allt í kring. Hentugasti staður fyrir fjósbyggingu og sá staður sem fyrirhugað er að reisa fjós er á melnum á túni er kallað er Utantúns og sést á mynd í viðhengi. Þar er stutt fyrir kýr á beit og gott pláss fyrir aðgengi aukþess að mól sem mokuð er upp nýtist í plön í kring. Fari áætluð Holtavörðulína 1 eftir núverandi plani hindrar hún áform ábúenda um uppbyggingu þar sem línan er í innan við 100m fjarlægð frá fyrirhuguðu fjósi. Fyrir utan það að við kærum okkur ekki um að hafa raflínu svo nærri kúnum. Fjósbygging á öðrum stað á jörðinni yrði margfalt dýrari í framkvæmd, ekki eins praktísk er varðar aðkomu, efnistöku og aðgengi kúnna að beit sem stenst ekki reglugerðir. Í viðhengjum má sjá tillögur að tilfærslum línunnar frá okkur ásamt öðrum myndum og útskýringum.	Í þéttbýlum hlutum Evrópu liggja línur oft um íbúðarbyggð og víða er heimilt að háspennulínur liggja yfir íbúðarhúsum. Á Íslandi gildir byggingarbann undir háspennulínum á helgunarsvæði línunnar. Í tilfelli þar sem Holtavörðuheildarlína 1 og Hrutatungulína 1 liggja samsíða er heildar helgunarsvæðið samtals um 95 m eins og fram kemur í kafla 19.3.1.2 í umhverfismatsskýrslu. Því er ekkert því til fyrirstöðu að byggja í um 50 m fjarlægð hvorum megin og þar er styrkur raf- og segulsviðs auk hljóðstígs kominn vel niður fyrir leyfileg mörk. Fólk og húsdýr lifa og hrærast í segulsviði jarðar og þó að það sé að mestu stöðugt þá eru í því daglegar sveiflur sem stafa m.a. af sólgosum og norðurljósum. Breytilegt segulsvið eða hreyfing í föstu segulsviði veldur rafstraumum. Umhverfis öll rafmagnstæki, hvort sem þau eru á heimilum, í fjósum, raforkuverum eða flutningsvirkjum raforku, má búast við rafsegulsviði, missterku eftir efnum og aðstæðum sbr. töflu 19.1 í umhverfismatsskýrslu og töflu 2 í viðauka 11. Þegar álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir tekur við annar kafli í undirbúningi framkvæmdarinnar, sem m.a. felur í sér frekara samtal við landeigendur, verkhönnun línu og vegslóða. Þá þarf einnig að óska eftir breytingum á aðalskipulagi sveitarfélaganna sem línan fer um og í kjölfar þessara ferla óska framkvæmdaleyfa. Það er von Landsnets að í þeirri undirbúningsvinnu sem tekur við að loknu álit Skipulagsstofnunar, náist farsæl lausn um framkvæmdina.



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
7.6	Jónas Guðjónsson og Gunnhildur Gísladóttir, Síðumúlaveggjum	6, 6.2	Aðalvalkostur	<p>Að leggja fram áform um línulögn yfir þessa jörð og ræktarland stangast fullkomlega á við okkar áætlanir um nýtingu jarðarinnar. Þessi áform leggjast virkilega þungt á okkur og er mögulegur forsendubrestur fyrir ætliðaskiptum jarðarinnar ásamt því að draga verulega úr verðgildi og möguleikum jarðarinnar. Þann 19. Nóvember 2024 fengum við Kristinn verkefnastjóra loks í heimsókn og bárum við undir hann þessar athugasemdir okkar ásamt því að sýna honum tillögur um tilfærslu á línuleiðinni. En þær snúa að færslu línunnar alfarið úr okkar landi og niður Síðumúlaflóa og yfir í Hurðarbaksland þar sem línan færi þar með ánni á lágsta punkti landsins. Þær tillögur er hægt að sjá í viðhengjum. Landsnet hefur komið með ábendingu um að vilja ekki fjölga línubeltum og því sé best að hafa línurnar báðar saman, en sú rök halda nú þegar engu vatni þar sem nýja línan beygir á mörgum stöðum frá þeirri gömlu. Eins fer að stytast í viðhald á núverandi byggðalínu og æskilegast væri að færa bara þá línu samhliða nýju línunni til að halda sig við eitt línubelti á þessum slóðum.</p>	<p>Mastrastæði eru valin með það að markmiði að lágmarka rask á ræktuðu landi. Þetta er gert með því að staðsetja mastra- og slóðastæði á jaðarsvæðum, svo sem við skurðbakka eða jaðar túna.</p> <p>Slóðar eru skipulagðir þannig að þeir valdi sem minnstu raski og hægt sé að nýta þá áfram sem aðgengi fyrir landbúnað eftir framkvæmd. Tillaga landeiganda að línustæði á öðrum jörðum er móttækin. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort hún verði tekin til áframhaldandi skoðunar. Hrútatungulína 1 er í reglubundnu viðhaldi og áætlanir gera ekki ráð fyrir að færa hana.</p> <p>Þegar álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir tekur við annar kafli í undirbúningi framkvæmdarinnar, sem m.a. felur í sér frekara samtal við landeigendur, verkhönnun línu og vegslóða. Þá þarf einnig að óska eftir breytingum á aðalskipulagi sveitarfélaganna sem línan fer um og í kjölfar þessara ferla óska framkvæmdaleyfa. Það er von Landsnets að í þeirri undirbúningsvinnu sem tekur við að loknu álit Skipulagsstofnunar, náist farsæl lausn um framkvæmdina.</p> <p>Valkostur C2 er talinn hafa ívíð minni staðbundin áhrif en línuleið meðfram núverandi byggðalínu. Valkosturinn er fjær athafnasvæðum í landbúnaði og veldur minni röskun á ræktarlandi. Valkosturinn er metinn valda minni ásýndarbreytingum samanborið við valkost sem fylgi núverandi línuleið.</p>

Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
7.7	Jónas Guðjónsson og Gunnhildur Gísladóttir, Síðumúlaveggjum	14	Ásýnd	Sjónræna matið af áætlaðri leið stenst enga skoðun miðað við okkar tillögur. Í viðhengi fylgja athugasemdir er varða sjónmat.	<p>Umsögnin fjallar um áformuð skipti á jörðinni og fyrirhugaða uppbyggingu á henni. Við hönnun framkvæmdar og í umhverfismati hennar er eðlilegt að notast sé við opinberar upplýsingar, svo sem gildandi skipulag og landnotkun. Í Skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar má nálgast allt gildandi svæðis-, aðal- og deiliskipulag. Samkvæmt vefsjánni er ekkert deiliskipulag í gildi um landnýtingu á jörðinni Síðumúlaveggir (https://www.map.is/skipulag/).</p> <p>Við ásýndargreiningu var notaður gagnagrunnur Landmælinga Íslands um mannvirki (IS 50V, útgáfa 24.12.2020). Bæjarhús Síðumúlaveggja eru í um 620 m fjarlægð frá línuvalkostum á C hluta (tafla 14.16).</p> <p>Í umhverfismatsskýrslu eru metnar breytingar á ásýnd frá fjölda bæjarhúsa á leið Holtavörðuheiðarlínu 1 en ekki er raunhæft að gera ráð fyrir að slíkt sé gert fyrir sérhvern íverustað á leið línunnar. Þó ekki hafi verið unnar ásýndarmyndir fyrir Síðumúlaveggi má sjá að þaðan verði 12-18 möstur sýnileg, samkvæmt sýnileikagreiningu (viðauki 6, sýnileikakort í myndahefti fyrir C hluta). Fjarlægð bæjarins frá línu og sýnileiki falla í miðlungs vægi, skv. töflu 14.3 um breytur og viðmið við mat á vægi áhrifa vegna ásýndarbreytinga.</p>  <p>Samkvæmt landlíkani munu holt við bæinn skýla ásýnd Holtavörðuheiðarlína 1 að mestu sé horft til norðurs. Þó er mögulegt að toppur einstakra mastra sjáist upp úr holti. Til suðurs verður opin sjónlína að raflínunni.</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
					 <p data-bbox="1887 699 2448 806">Landslag við Síðumúlaveggi (landlíkan). Horft til norðurs</p>  <p data-bbox="1872 1213 2323 1262">Til norðurs. Sést í topp mastra</p>
7.8	Jónas Guðjónsson, Síðumúlaveggjum	3	Samráð	Gleymdist að nefna í fyrri umsögn að greinargerð og staðfesting þess efnis að ættliðaskipti séu í vinnslu með byggingu íbúðarhúss og áform um fjósbyggingu á túni við Hvítá við áætlaða línuleið eru á borði hjá RML og hægt að fá þær upplýsingar sé þess óskað.	Landsnet hefur mótttekið umrædd gögn um áætlanir landeigenda.



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
8.1	Landsvirkjun	4	Forsendur og markmið	<p>Áformin fela í sér byggingu 220 kV raflínu frá Klafastöðum í Hvalfirði að nýju tengivirki á Holtavörðuheiði með það að markmiði að bæta afhendingaröryggi á byggðarlínusvæði og bæta tiltæka afhendingargetu. Landsvirkjun telur að hér sé afar jákvætt skref stigið til að auka flutningsgetu milli landsvæða. Bættar tengingar milli landshluta gegna mikilvægu hlutverki í að draga úr sóun, truflunum og flutningstöpum. Þær stuðla þannig að auknu afhendingaröryggi og orkunýtni. Um mikilvægt málefni er að ræða en á síðustu árum hefur nýting virkjana farið vaxandi jafnt og þétt og eftirspurn vaxið hraðar en sem nemur auknu framboði. Afleiðingin er minna svigrúm í vinnslu- og flutningskerfi raforku til að bregðast við áföllum. Landsvirkjun er þeirrar skoðunar að þetta ástand sé ekki tímabundið, heldur komið til að vera og telur nauðsynlegt að gripið verði til ráðstafana til að tryggja raforkuöryggi til lengri og skemmri tíma. Hér þarf að hafa í huga sérstakt eðli lokaðs og einangraðs kerfis sem byggir að mestu á vatnsorku án samtenginga, gasorkuvera eða annarra öryggisventla. Líkt og kunnugt er rekur Landsvirkjun vatnsaflsstöðina Blöndustöð á Norðvesturlandi. Stöðin var gangsett árið 1991 en framleiðsla hennar hefur um árabíl verið takmörkuð vegna flutningstakmarkana. Holtavörðulína 1, ásamt öðrum tengingum sem áformaðar eru s.s. Blöndulína 3, munu þannig bæta nýtingu Blöndustöðvar, m.a. með því að aðstoða við að jafna sveiflur sem fylgja endurnýjanlegri orkuframleiðslu. Bættar tengingar munu enn fremur hafa möguleika til að hafa jákvæð áhrif á framþróun virkjunarkosta s.s. Blöndulund og Blönduveitur. Einnig má í þessu samhengi minnst á Fljótsdalsstöð en vinnsla hennar er einnig takmörkuð vegna flutningstakmarkana. Ljóst er að raforkuþörf mun aukast umtalsvert á næstu árum og mikilvægt er að gripið verði til ráðstafana til að tryggja raforkuöryggi landsins. Styrking flutningskerfisins mun bæta nýtingu raforku á landinu og opna ný græn sóknarfæri fyrir uppbyggingu orkuvera, stuðla að árangri í orkuskiptum og styðja við atvinnusköpun í landinu</p>	<p>Landsnet tekur undir athugasemd Landsvirkjunar þar sem aðalatriðin eru:</p> <ol style="list-style-type: none">1. Bætt afhendingaröryggi: Nauðsynlegt er að styrkja meginflutningskerfið til að tryggja örugga afhendingu raforku milli landshluta og lágmarka truflanir og flutningstöp.2. Nýting vatnsaflsvirkjana: Landsnet tekur undir að flutningstakmarkanir hafa dregið úr nýtingu virkjana eins og Blöndustöðvar og Fljótsdalsstöðvar. Styrking kerfisins mun bæta nýtingu þessara stöðva og stuðla að betri orkunýtingu.3. Framtíðarnýtni virkjunarkosta: Með bættum tengingum skapast tækifæri fyrir frekari þróun virkjunarkosta á borð við Blöndulund og Blönduveitur.4. Orkuskipti og græn uppbygging: Styrking flutningskerfisins er lykilþáttur í að styðja við orkuskipti og skapa ný græn sóknarfæri, sem munu stuðla að atvinnusköpun og orkuöryggi til lengri tíma. <p>Landsnet tekur undir þá skoðun að vaxandi eftirspurn og auknar áskoranir í orkuflutningi kalli á skjótar og markvissar aðgerðir. Holtavörðuheiðarlína 1 og 3 og Blöndulína 3 eru lykilverkefni í því samhengi og munu styrkja flutningskerfið verulega. Landsnet mun áfram vinna að því að tryggja afhendingaröryggi og flutningsgetu, sem er forsenda fyrir áframhaldandi þróun og grænni framtíð fyrir Ísland.</p>
9.1	Óskar B. Hauksson, Inga Jóna Friðgeirsdóttir, Hóli	5	Valkostir	<p>Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir var ekki lagt mat á aðra valkosti á svokölluðum D hluta leiðarinnar, sem liggur meðfram núverandi byggðalínu. Um augljósa vankanta er að ræða þar sem línan er tekin niður á svæði sem liggur nálægt íbúðarhúsum í efri hluta Norðurárdals, í stað þess að leggja í beinni línu eftir sjálfum Grjóthálsinum.</p>	<p>Í undirbúningi umhverfismatsins var unnin valkostagreining þar sem óskað var eftir hugmyndum um valkosti frá verkefnaráði, landeigendum og almenningi. Í valkostaskýrslu sem unnin var áður en matsáætlun var lögð fram má sjá rökstuðning fyrir ákvörðun um hverjar af þeim hugmyndum sem fram komu yrðu teknar áfram til umhverfismats. Í kjölfarið lagði Landsnet fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar með þeim valkostum sem stofnunin gaf síðan út sitt álit um.</p>
9.2	Ólafur B. Hauksson, Inga Jóna Friðgeirsdóttir, Hóli	10.8	Gróður	<p>Í skýrslunni kemur fram á bls. 139 að: „Víðáttumiklir samfelldir og óraskaðir votlendisflákar eru í norðurhlíðum Grjótháls, milli bæjanna Hafþórsstaða og Króks“. Umtalsverður hluti þessa svæðis liggur í landi Hóls. Ljóst er að fyrirhugaðar framkvæmdir mun hafa veruleg áhrif á þessi votlendissvæði á jörðinni, sérstaklega hvað varðar lagningu vega um svæðið.</p>	<p>Við undirbúning og mótun valkosta um línuleiðir við umhverfismat Holtavörðuheiðarlínu 1 var kappkostað að finna leiðir sem draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á gróður, m.a. áhrif á votlendissvæði, miðað við vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands. Einnig var reynt að nýta fyrirbyggjandi vegi, en þar sem þörf er talin á nýjum línuvegum var leitast við að staðsetja þá í þurrlendi frekar en í votlendi og í rýrari vistgerðum sem almennt eru með lægra verndargildi. Þar sem leggja á slóða um votlend svæði, er það verklag Landsnets að skipta ekki út jarðvegi heldur leggja út jarðvegsdúk og jarðefni í slóðann er lagt ofan á dúkinn. Þar sem engin jarðvegsvinna á sér stað má gera ráð fyrir að takmörkuð breyting verði á vatnsflæði um votlendið, en ekki verður þó hægt að komast hjá áhrifum.</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
9.3	Ólafur B. Hauksson, Inga Jóna Friðgeirsdóttir, Hóli	10.8.2	Gróður	Á bls. 143 í skýrslunni er staðhæft að framkvæmdir í votlendi hafi mögulega áhrif á vatnsflæði á svæðinu. Á þessu svæði er að finna vatnsból jarðarinnar Hóls og er því með þessum framkvæmdum verið að stefna vatnsöflun í hættu, auk þess sem veruleg hætta er á mengun vatns vegna umferða vinnuvéla um svæðið.	Áður en til framkvæmda kemur mun Landsnet hafa samráð við ábúendur á Hóli um leiðir til þess að forða áhrifum á vatnsból jarðarinnar.
9.4	Ólafur B. Hauksson, Inga Jóna Friðgeirsdóttir, Hóli	10.8.2 .1	Gróður	Varðandi varanleika áhrifa er staðhæft á bls. 143: „Þó er talið líklegt að skerðing á votlendi í Norðurárdal leiði til þess að hluti mýrarinnar nái ekki lengur verndarviðmiðum um stærð samfellds votlendis“. Þessi skerðing getur leitt til þess að ekki verði unnt að nýta votlendið og stækkun þess til kolefnisjöfnunar í framtíðinni og takmarka þannig möguleika til tekjuöflunar fyrir jörðina.	Tilvitnaður texti vísar til þess að óvissa er um umfang votlendisskerðingar á þessu svæði. Verklag Landsnets við framkvæmdir í votlendi (sbr. svar nr. 35) er ætlað að tryggja áframhaldandi vatnsflæði um mýrar.
9.5	Óskar B. Hauksson, Inga Jóna Friðgeirsdóttir, Hóli	14.7	Ásýnd	Varðandi mat ásýndar er á bls. 287 staðhæft að engir mikilvægir ferðamannastaðir séu í nágrenni línuleiðarinnar (D hluta). Við mótmælum þessari staðhæfingu í ljósi mikilvægi Norðurár varðandi ferðaþjónustu og tekjur vegna hennar í dalnum. Á Jörðinni Hóli eru a.m.k þrjú gjöfulir veiðistaðir, Hólsey, Torfafit og Hólshylur sem stundaðir eru daglega um miðbik og síðari hluta veiðtímabilsins. Ljóst er að línun hafa áhrif á upplifun veiðimanna sem stunda veiðar í ánni sem oft hefur fengið viðurnefnið „fegurst áa“	Landsnet bendir annars vegar á að veiði eða veiðistaðir í Norðurá eru ekki flokkaðir sem ferðamannstaðir, heldur sem veiðistaðir. Hins vegar er bent á að veiði er mikilvæg ferðaþjónusta og útivist í Borgarfirði og um það er fjallað í kafla 16 í umhverfismatsskýrslunni. Í mati á umhverfisáhrifum Holtavörðuheidiarlínu 1 er ekki ásýndarmyndir á umræddum veiðistöðum, en vísað er til þess að sýnileikagreining staðfestir að talsverðra sjónrænna áhrifa gætir af línunni á veiðistöðum í Norðurá, sbr. kafla 15 Landslag. Í umfjöllun um ferðaþjónustu og útivist (kafla 16 Ferðaþjónusta og útivist) kemur m.a. fram að fjölmargir veiðistaðir séu í Norðurá og talsverðra sjónrænna áhrifa gætir af línunni þar sem hún liggur næst ánni.
9.6	Óskar B. Hauksson, Inga Jóna Friðgeirsdóttir, Hóli	14.7, 14.7.2	Ásýnd	Samkvæmt töflu á bls. 288 kemur fram að jarðirnar Hóll og Sveinatunga liggja næst línunni eða í 550 og 540 m fjarlægð. Þrátt fyrir það voru jarðirnar ekki hluti af ljósmyndastöðum í Norðurárdal og er því mótmælt og óskað skýringa á hvers vegna Hóll var ekki hafður með sem ljósmyndastaður.	Í umhverfismatsskýrslu eru metnar breytingar á ásýnd frá fjölda bæjarhúsa á leið Holtavörðuheidiarlínu 1 en ekki er raunhæft að gera ráð fyrir að slíkt sé gert fyrir sérhvern íverustað á leið línunnar. Við val á myndatökustöðum var m.a. stuðst við sýnileikagreiningu, sem gerð er í reiknilíkani sem áætla fjölda mastra sem sjást úr hverri myndeiningu (pixel) í stafrænu hæðarlíkani. Þó Hóll standi nálægt fyrirhugaðri línu sýna niðurstöður reiknilíkans að þaðan sjáist ekki flest möstrin miða við nærliggjandi íverustaði (viðauki 6, sýnileikakort í myndahefti fyrir D hluta).
9.7	Óskar B. Hauksson, Inga Jóna Friðgeirsdóttir, Hóli	17.8.1 , 17.8.2 .2	Landbúnaður og Skógrækt	Varðandi mat á grunnástandi landbúnaðar og skógræktar á bls. 444 er einungis gengið út frá núverandi stöðu varðandi þessa starfsemi. Ekki er lagt mat á skerðingu framtíðarmöguleika varðandi skógrækt en áform hafa verið uppi varðandi slíka starfsemi á jörðinni Hóli. Þrátt fyrir að í skýrslunni segi á bls. 447: „Einu varanlegu áhrifin eru að flatarmál skógræktarlands og beitarlanda mun minnka varanlega vegna línuvega og malarpúða undir möstur“. Varanleiki áhrifanna eru metin lítil og ekki tekið tillit til helgunaráhrifa línunnar sem slíkrar sem eru umtalsverð varðandi möguleika til skógræktar.	Í kafla 17.3, bls. 404 í umhverfismatsskýrslu er skilgreint hvernig mat á skógrækt fór fram: „Skógrækt á bújörðum var talin til landbúnaðar ef um samningsbundin skógræktarverkefni á lögbýlum er að ræða. Við greiningu á umfangi skógræktar var stuðst við upplýsingar um skipulögð skógræktarsvæði úr grunni Skógræktarinnar um skógrækt á lögbýlum.“ Í kafla 17.8.2 er fjallað um umfang og einkenni áhrifa á landbúnað og skógrækt og þar með á D hluta línuleiðar. Í umfjöllun um bein áhrif er gerð grein fyrir að þar sem línumannvirki eru í samningsbundnu skógræktarlandi á D hluta skerði raflína þar núverandi skóg og nýtingarmöguleika varanlega.



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
9.8	Óskar B. Hauksson, Inga Jóna Friðgeirsdóttir, Hóli	19.4	Heilsa	Hvað heilsuþáttinn varðar, þá er ljóst að línan mun liggja nálægt Hóli í um 550 m fjarlægð og mun því gæta áhrifa af hljóðmengun auk raf- og segulsviðs. Ljóst er að þessi áhrif eru engan veginn full rannsökuð og á vafalaust eftir að koma ýmislegt fram varðandi áhrifin á heilsu fólks. Óvissa af þessu tagi skerðir verulega möguleika til frekari uppbyggingu jarðarinnar til dæmis m.t.t. ferðaþjónustu.	Í töflu 19.10 í umhverfismatsskýrslu er tekið dæmi um reiknað hljóðstig og styrk raf- og segulsviðs fyrir sérbylishús á kafla D í um 550 m fjarlægð frá Holtavörðuheidiarlínu 1. Reiknuð gildi eru langt innan allra viðmiðunarmarka og varúðarmarka og það á líka við þó farið sé nær línunni, sbr. umfjöllun í kafla 19.
9.9	Óskar B. Hauksson, Inga Jóna Friðgeirsdóttir, Hóli	5.4.4.	Valkostir	Af framsögðu er ljóst að það er engan veginn ásætlanlegt að taka nýja línu niður í dalinn frá Grjóthálsi og leiða eftir votlendissvæði í stað þess að staðsetja í beinni línu eftir hálsinum sjálfum og þaðan upp á Holtavörðuheidi með mun minni röskun en sú leið sem metin er í framlagðri skýrslu.	Á seinni stigum umhverfismatsins var tekið til skoðunar hvort bæta ætti við fleiri valkostum og var niðurstaðan að bæta valkosti BC1 við umhverfismatið.
10.1	Óttar Yngvason f.h. Hrífu/Guðnabakk a		Mótmæli	Fyrir hönd Hrífu ehf., eiganda jarðarinnar Guðnabakka í Þverárhlíð, er umræddri framkvæmd sem lýst er í ofangreindri umhverfismatsskýrslu alfarið mótmælt hvað varðar línulögnina um land Guðnabakka og nærri Þverá, þar sem Guðnabakki er aðili að veiðifélagi árinna. Gerð er krafa um að framkvæmdaraðili falli frá fyrirætlun um línulögnina um Guðnabakkaland, sem merkt er C2 í umhverfismatsskýrslunni. Hægur vandi er að færa raflíuna á óbyggð svæði í eigu ríkisins austan við byggðirnar í Þverárhlíð og Norðurárdal.	Í valkostagreiningu sem unnin var áður en matsáætlun framkvæmdarinnar var lögð fram, var m.a. fjallað um hugmyndir línuleiða austan við þá línuleiðavalkosti um óbyggð(ari) svæði, sem lagðir voru fram í umhverfismatinu. Í valkostaskýrslunni (SK Skýrsla) er rökstuðningur fyrir því hvers vegna þessar hugmyndir voru ekki lagðar fram til umhverfismats. Ein helsta röksemdin fyrir því að fara ekki með nýja kynslóð byggðalínu svo langt frá nýverandi byggðalínuleið er sú að þá er farið fjær tengingum við svæðisbundið kerfi Vesturlands og myndi ekki bæta afhendingaröryggi á Vesturlandi, sem er m.a. markmið framkvæmdarinnar.
10.2	Óttar Yngvason f.h. Hrífu/Guðnabakk a		Mótmæli	1. Línan liggur eftir nyrðri hluta Guðnabakkalands ca. 1 km að lengd og mengar svæði, sem er að meðaltali um 1 km á breidd, samtals a.m.k. 100 ha. lands, sem hvorki verður hæft til byggingar mannvirkja svo sem sumarbústaða eða útivistar. Nánar tiltekið er línan fyrirhuguð frá punkti skammt norðan gatnamóta Þverárhlíðarveggar og Ásbjarnarstaðavegar og þaðan áfram til norðurs. Frá þessum punkti liggur línan þvert yfir Guðnabakkaland í næstum beina línu norður að Sleggjulæknum, þar sem eru norðurlandamerki Guðnabakka. Þar sem línulögnin er fyrirhuguð er eitt besta sumarhúsasvæði jarðarinnar m.a. með ca. 20 ha. náttúrulegum birkiskógi vestan línustæðisins og síðan sléttu gróðurlendi til norðurs allt að Sleggjulæknum. Styttsta fjarlægð frá línunni að skóginum er aðeins um 200 m. Um er að ræða nánast allt land Guðnabakka norðan Þverárhlíðarveggar, sem verður óhæft til útivistar og sumarhúsabygginga. Mótmælt er þessari staðsetningu línunnar í Guðnabakkalandi.	Landsnet hefur mótttekið mótmæli landeiganda. Þegar álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir tekur við annar kafli í undirbúningi framkvæmdarinnar, sem m.a. felur í sér frekara samtal við landeigendur, verkhönnun línu og vegslóða. Þá þarf einnig að óska eftir breytingum á aðalskipulagi sveitarfélaganna sem línan fer um og í kjölfar þessara ferla óska framkvæmdaleyfa. Það er von Landsnets að í þeirri undirbúningsvinnu sem tekur við að loknu álit Skipulagsstofnunar, náist farsæl lausn um framkvæmdina.
10.3	Óttar Yngvason f.h. Hrífu/Guðnabakk a	19.2, 19.3	Heilsa	2. Engar staðfestar mælingar hafa verið gerðar um rafmagnsmengun eða rafsegulsviðsmengun, aðeins gert ráð fyrir rafsegulsviði 100 m. sitt hvoru megin línunnar. En almennt er vitað og augljóst að engin byggir né dvelur í íbúðarhúsi eða sumarbústað innan 1 km. eða meira frá 220.000 volta rafmagnslínu.	Styrkur raf- og segulsviðs hefur verið reiknaður á 200 m belti utan um fyrirhugaða línu, 100 m frá línu í hvora átt. Niðurstöður sýna að styrkur raf- og segulsviðs við jaðra þessa beltis er langt innan viðmiðunarmarka sem í gildi eru hér á landi og lækkar með aukinni fjarlægð.
10.4	Óttar Yngvason f.h. Hrífu/Guðnabakk a	14	Ásýnd	3. Þá er ásýnd fyrirhugaðar risalínu og hárra stálturna mikil sjónmengun og ásýndarlýti á víðtæku svæði, langtum stærra en rafsegulsviðsmengunin nær til.	Guðnabakki er á C hluta línuleiðarinnar. Í kafla 14 er vægi áhrifa á ásýnd metin nokkuð neikvæð fyrir valkosti C1 til C4 og nokkuð til talsvert neikvæð fyrir valkost C (mynd 14.5).



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
10.5	Óttar Yngvason f.h. Hrífu/Guðnabakk a	13	Fornleifar	4. Þá eru mikilvægar fornleifar víða á þessum hluta Guðnabakkalands eins og fram kemur í matsskýrslunni m.a. á bls. 235 – 239.	Minjastofnun mun úrskurða um nauðsynlegar mótvægisáðgerðir sem Landsnet mun ráðast í áður en framkvæmdir hefjast. Með þeim verður leitast við að lágmarka rask á minjar. En líkt og fram kemur í töflu 13.17 í umhverfismatsskýrslu og töflu á bls 283-284 í Viðauka 5 er gert ráð fyrir að hægt verði að hlífa mörgum minjum innan valkostar C2 með merkingu minja á framkvæmdatíma, þ.m.t. öllum minjum sem hafa mjög mikið minjagildi.
10.6	Óttar Yngvason f.h. Hrífu/Guðnabakk a	11	Fuglalíf	5. Þá er margs konar fuglalíf í hættu og skógrækt ótæk nálægt línustæðinu, sem og heilsa og öryggi þeirra, sem stunda útivist. Þar með er ferðaþjónusta og öll dvöl mjög takmörkuð í öllu nágrenni svo aflmikillar raflínu.	Háspennulínur geta skapað hættu fyrir fugla en reynt er að velja legu línu þannig að áhrif hennar m.a. á fuglalíf séu lágmarkuð eins og unnt er. Einnig verður skoðað að auka sýnileika línu þar sem líkur á áflugi eru mestar.
10.7	Óttar Yngvason f.h. Hrífu/Guðnabakk a		Mótmæli	6. Til viðbótar er mótmælt öllu raski lands með vegaslóðum, efnisnánum og byggingu undirstaðna undir nýja risaraflínuturna í landi Guðnabakka.	Móttakið. Sjá svar við lið 10.2
10.8	Óttar Yngvason f.h. Hrífu/Guðnabakk a	4	Forsendur og markmið	Gamla byggðalínan. Allt fram til nýju umhverfismatsskýrslunnar var yfirlýst af hálfu Landsnets, að gamla byggðalínan (132.000 volt) yrði lögð niður, þegar Holtavörðuheiðarlína 1 yrði tekin í notkun. Nú er hins vegar formlega tilkynnt að gamla byggðalínan verði áfram í notkun. Með þeirri ákvörðun Landsnets liggur fyrir ný framkvæmd m.a. vegna samlegðaráhrifa Holtavörðuheiðarlínu 1 og gömlu byggðalínunnar með 352.000 volta heildarafl. Gerð er krafa um umhverfismat þeirrar heildarframkvæmdar, enda hefur gamla byggðalínan aldrei sætt umhverfismati.	Forsendur umhverfismats Holtavörðuheiðarlínu 1 byggja á kerfisáætlunum Landsnets, sem gera grein fyrir áætlunum um uppbyggingu meginflutningskerfisins næstu 10 árin, skv. ákvæðum raforkulaga. Nýjar 220 kV línur frá Hvalfirði í Hrutafjörð og milli Hrutafjarðar og Blöndu voru fyrst kynntar í Langtímaáætlun Kerfisáætlunar Landsnets 2020-2029, bls. 2. https://landsnet.is/library?itemid=84c394bd-d024-4aaf-b038-829dff7a1f31 Í Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 er fjallað um um samfellda 220kV tengingu frá Hvalfirði norður í land og inn á Austurlandskerfið sem er stærsta breytingin frá fyrri áætlun. Einnig er fjallað þar um, í kafla 3.3.4 Endurnýjunarþörf, að þegar komin verði á ný tenging milli Hvalfjarðar og Hrutafjarðar muni létta á Hrutatungulínu 1 (HT1). Í kafla 4.3.1 Styrkingar til næstu 10 ára, kemur fram að gert er ráð fyrir að framkvæmdir í meginflutningskerfinu til 10 ára feli í sér nýja kynslóð byggðalínu á 220 kV spennustigi við hlið eldri 132 kV lína sem verða reknar áfram. Teknar verða ákvarðanir um hverja línu fyrir sig í lok rekstrarlegs líftíma hvort þær verði endurbyggðar eða aflagðar. Fullyrðingar um að staðið hafi til í upphafi að taka niður Hrutatungulínu 1 eru ekki í samræmi við Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029, sem er forsenda umhverfismats Holtavörðuheiðarlínu 1. Í kafla 4.4. í Kerfisáætlun 2023-2032 (nýjasta kerfisáætlunin) er fjallað um áætlaða þróun bæði meginflutningskerfisins og svæðisbundna kerfisins á Vesturlandi. Þar kemur fram að bæði er gert ráð fyrir þróun kerfanna og einnig endurnýjun núverandi kerfis. Að svo stöddu liggur nákvæm útfærsla á öllum þessum framkvæmdum ekki fyrir enda sumar á áætlun til lengri framtíðar, en á þessum tímamarki er ekki gert ráð fyrir að leggja niður núverandi 132 kV kerfi. Í umhverfismati Holtavörðuheiðarlínu 1, er m.a. horft til samlegðaráhrifa núverandi byggðalínu og Holtavörðuheiðarlínu 1, sérstaklega við mat áhrifa á landslag og ásýnd.



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
11.1	Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttirog Eiríkur Blöndal, Langholti og ábúendur Laugarholts og Jaðars	3	Samráð	<p>Undirrituð gefa umsögn vegna þess að þau eiga land þar sem valkostir Landsnets um lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 fara um, þ.e. valkostir B, B2, B3 og B4. Undirrituð munu þurfa að veita leyfi fyrir lagningu eða sæta eignarnámi vegna valkosta skýrslunnar.</p> <p>Undirrituð hafa á öllum stigum málsins komið fram athugasemdum við ferlið og fyrirætlanir. Ekki var haft samráð við undirrituð um staðsetningu valkosta og í sumum tilvikum var okkur neitað um gögn málsins. Undirrituð hafa umborið Hrutatungulínu í 50 ár, án ánægju.</p>	<p>Í 21.gr raforkulaga stendur m.a. “Ekki má hefja virkjunarframkvæmdir, leggja raflínur eða reisa önnur mannvirki á grundvelli leyfa samkvæmt lögum þessum fyrr en náðst hefur samkomulag um endurgjald fyrir landnot eða nýtingu auðlindar eða eignarnám hefur farið fram og umráðataka samkvæmt því.”</p> <p>Landsnet og starfsfólk ráðgjafa, rannsóknaraðila og hönnuða línunnar hafa oft haft samband við landeigendur Laugarholts og Jaðars í undirbúningi verkefnisins. Landsnet hefur tekið til greina tillögur að valkostum sem viðkomandi hafa lagt til og metið í umhverfismatskýrslu og fjallað um í valkostagreiningu. Í sömu grein og áður er nefnd hér að ofan stendur „Landeiganda og umráðamanni lands er skylt að veita vinnslufyrirtæki, flutningsfyrirtæki og dreifiveitum óhindraðan aðgang að eignarlandi því sem í hlut á ef nauðsyn krefur vegna undirbúnings að starfsemi samkvæmt lögum þessum.“ Viðkomandi landeigendur hafa í tvígang neitað verkefnisstjóra Landsnets um leyfi til að láta framkvæma jarðkönnun fyrir mastrastæði á þeirra jörðum en Landsnet er tilbúið til samráðs og hefur margsinis haft frumkvæði af því að eiga samráð við viðkomandi.</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
11.2	Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttirog Eiríkur Blöndal, Langholti og ábúendur Laugarholts og Jaðars	4	Forsendur og markmið	<p>Tvær megin ástæður eru nú til þess að stjórnvaldinu Skipulagsstofnun ber að vísa þessari matskýrslu frá. Í fyrsta lagi er hún kynnt og gögn hennar miðast við 220 kV línu, en hún er í raun 400 kV lína, sbr. hönnun og áform um nýtingu. Án þess að það komi fram í gögnum Landsnets er þá sennilega flutningsgetan amk. 1636 MVA miðað við 400 kV sem er hönnunargildið og sama Amper gildi, án tillits til enn aukinnar flutningsgetu vegna minni hitamyndunar við hærri spennu. Það er óskiljanlegt hvers vegna matið er ekki gert miðað við þessar forsendur. Allar greiningar í matskýrslu fjalla hins vegar bara um 220 kV línur og uppfyllir þannig engan vegin ákvæði skipulagsreglugerðar um að fjalla um áhrif á rekstrartímanum. Ljóst er að þetta er lína sem getur flutt og er ætlað að flytja mun meira afl en uppgæfið er í skýrslunni, sennilega fast að tvöfalt meira. Öll skýrslan þarf því að uppfærast miðað við þetta því margt konar áhrif svo sem rafsvið, rafsegulsvið, hávaði, snark, nauðsynlegt helgunarsvæði og fleira breytist verulega við aukinn aflflutning um línuna. Í öðru lagi er ekki lagður fram áætlaður rekstrartími þó allar greiningar eigi að taka til áhrifa á rekstrartíma. Þannig að hvorugt er sett fram rétt, áhrif og eiginleikar framkvæmdar, né rekstrartíminn. Bæði þessi atriði eru áskilin í reglugerð um umhverfismat. Bæði þessi atriði eru til þess fallin að villa um fyrir almenningi og umsagnaraðilum. Þá er mannvirkid algerlega ofvaxið miðað við þarfir þjóðarinnar og er ekki hægt að réttlæta með orkuskiptum. Að okkar mati er hér um grundvallar breytingu að ræða varðandi framkvæmdina og forsendur umhverfismatsins eru brostnar. [vísað er í skjáskot úr kerfisáætlun Landsnets, síða 23]</p>	<p>Landsnet vísar því á bug að verið sé að halda því fram að Holtavörðuheildarlína 1 sé hönnuð fyrir hærri rekstrarspennu en 220 kV og að í framtíðinni megi reka hana sem 400 kV lína þó hún sé nú kynnt sem 220 kV lína. Þessar vangaveltur hafa mögulega komið fram þar sem Holtavörðuheildarlína 1 er fyrsta 220 kV línan á Íslandi sem er ráðgerð með tvíleiðara (þekkest vel erlendis) en áður hafa allar línur á Íslandi með tvíleiðara (Búrfellslína 3, Sultartangalína 2, Sultartangalína 3 og Fljótsdalslínur 3&4) verið hannaðar og byggðar sem 400 kV línur þó þær séu reknar sem 220 kV línur.</p> <p>Það á ekki við rök að styðjast að Holtavörðuheildarlínu 1 megi síðar reka á 400 kV spennu og hefur það á engum tímamarki komið til skoðunar að geta rekið hana á hærri spennu. Holtavörðuheildarlína 1 er höfð með tvíleiðara til að ná meiri flutningsgetu með hóflegum kostnaði og minnka flutningstöp. Til staðfestingar á að Holtavörðuheildarlína 1 verði ekki rekin á 400 kV má nefna eftirfarandi atriði:</p> <ul style="list-style-type: none">• Umfang, hæð mastra og útlit Holtavörðuheildarlínu 1 og annarra nýlegra 220 kV lína hjá Landsneti sem hafa einleiðara (Kolviðarhólslínu 1, Hólasandslína 3, Kröflulína 3, Kröflulína 4 og Þeistareikjalína 1) og fyrirhugaðra lína sem hafa einleiðara og eru nú í undirbúningi (Suðurnesjalína 2 og Blöndulína 3) er það sama.• Þær línur sem hafa verið byggðar sem 400 kV línur á Íslandi hafa haft fasabil (fjarlægð milli aðliggjandi fasa) á bilinu 12,75 – 13,25 m en fasabil á Holtavörðuheildarlínu 1 er ráðgert ≈10,3 m, þ.e. sambærilegt við aðrar nýlegar 220 kV línur á Íslandi.• Hæðir mastra leyfa ekki að breyta henni í 400 kV því þá þarf lengri einangra og aukna öryggisfjarlægð yfir jörðu. Kröfur um hæðir leiðara yfir jörðu verða því ekki uppfylltar við eðlilegan rekstur.• Innri fjarlægðir (þ.e. yfirláttur frá leiðandi hluta yfir í jarðtengda hluta mastra) leyfir ekki að breyta HH1 í 400 kV því lengri einangrar og auknar fjarlægðarkröfur verða ekki uppfylltar.
11.3	Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttirog Eiríkur Blöndal, Langholti og ábúendur Laugarholts og Jaðars	4	Forsendur og markmið	<p>Samkvæmt 15. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana skal koma fram í umhverfismatskýrslu framkvæmdar hver áætlaður rekstrartími framkvæmdarinnar sé. Ekkert er hins vegar að finna í skýrslunni um áætlaðan rekstrartíma Holtavörðuheildarlínu 1 né einstakra hluta hennar. Í inngangi að matsáætlun má finna einhverskonar véfrétt um að áætlaður líftími raflína hér á landi sé 50 ár, og er þar verið að vísa til endingartíma Hrutatungulínu, en vitað er að Hrutatungulína er um 50 ára og engar áætlanir hafa verið kynntar um niðurrif hennar þvert á móti hafa fulltrúar Landsnets lýst því yfir á fundum að henni verði haldið áfram í rekstri. Það er þess vegna alls óljóst til hvaða tíma framkvæmdin eða matsáætlunin er hugsuð. Í 15. grein þessarar sömu reglugerðar kemur einnig fram að sértaklega skuli lýsa „eiginleikum allrar framkvæmdarinnar, þ.m.t. nauðsynlegu niðurrifi ef við á, hönnun hennar, umfangi og áfangaskiptingu á framkvæmda- og rekstrartíma“ Það er því ljóst að það að vita áætlaðan rekstrartíma skiptir höfuð máli við mat á eiginleikum og þeim þáttum sem leiða af eða kunna leiða af eiginleikum Holtavörðuheildarlínu 1. <i>Skipulagsstofnun verður í mati sínu að fara yfir samfélagslega nauðsyn þess að Landsnet flytji rafmagn milli stóriðja og einkaorkuvera sem í flestum tilvikum eru í erlendri eigu. Það á að vera hægt að</i></p>	<p>Áætlaður líftími loftlína er 50 ár. Það er ekki sjálfkrafa þannig að mannvirkin verði tekin niður þegar þessum aldri er náð. Endurnýjun, viðhald og mögulega niðurrif stjórnast af, notkunarpörf mannvirkisins og þróun raforkuflutningskerfisins í heild. Það hvenær verður af niðurrifi línu, ef til þess kemur eftir marga áratugi þjónar ekki tilgangi í umhverfismati línunnar áður en hún rís.</p> <p>Komi til niðurrifs línunnar mun undirbúningur og málsmeðferð byggja á aðstæðum sem þá verða til staðar og taka mið af stjórnsýslulegri meðferð sem þá þarf að viðhafa, sem getur verið ólík því sem er í dag.</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
				<i>fjalla um þetta án þess að flækja einkaaðilum og litlum fyrirtækjum inn í málið, enda getur núverandi lína ágætlega sinnt þeim hópi.</i>	
11.4	Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttirog Eiríkur Blöndal, Langholti og ábúendur Laugarholts og Jaðars	5.4.6	Núllkostur	Framkvæmdaraðili gerir mjög stuttlega grein fyrir núllvalkosti sem er áskilið í c. lið 14. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Þessi umfjöllun um núllvalkost er þó gildishlaðin og inniheldur fullyrðingar sem þurfa frekari skoðunar við. Þá hefði átt að geta um að ef línan er ekki lögð þá yrði það til verulags ábata fyrir umhverfið, framtíðar matvælaframleiðslu, uppbyggingu ferðapjónustu og fleira. Í þessu samhengi vísun við í umhverfismatsskýrslu sambærilegrar framkvæmdar í Svíþjóð og Finnlandi, sjá kafla 3.1 https://www.svk.se/contentassets/97f92c08a06e43db86c148fd256bf864/bilaga-4-mkb.pdf Sænska skýrslan gerir t.d. ágætlega grein fyrir núllvalkosti og hvað hann þýðir. Þetta er sérstaklega mikilvægt vegna þess að framkvæmdaðilinn þrífaldlega í kynningu á verkefninu grautar saman orkuskiptum og hagsmunum almennings. Nauðsynlegt er að Skipulagsstofnun varpi ljósi á þetta og óski eftir að gerð sé grein fyrir nauðsyn framkvæmdarinnar fyrir almenning á tímum þar sem stóriðja nú þegar stendur fyrir um 80% af raforkunotkun. Auk þess er eðlilegt að Alþingi fjalli um framkvæmd sem þessa sem m.a. gengur nærri ákvæðum stjórnarskrár um m.a. eignarrétt og sjálfstæði sveitarfélaga. Í leiðinni gæti Alþingi fjallað m.a. um þá vindmyllugarða sem Holtavörðuheiðarlínu 1 er ætlað að tengja, án þess að þeir hafi fengið nokkra umfjöllun í þinginu. <i>Skipulagsstofnun ber að koma þessu á framfæri við nýja ráðherra orku- og innviðarmála og hlutast til um að þessi umræða fari fram á Alþingi.</i>	Skipulagsstofnun hefur ekki gert athugasemd við framsetningu á núllkosti í málsmeðferð þessa umhverfismats, hvorki við matsáætlun, né áður en stofnunin heimilaði kynningu á umhverfismatsskýrslu.
11.5	Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttirog Eiríkur Blöndal, Langholti og ábúendur Laugarholts og Jaðars	7?	Framkvæmd	Þá vantar í matsskýrsluna að gerð sé grein fyrir niðurrifi mannvirkisins þegar að þar að kemur en slíkar upplýsingar ber að gefa sbr. c lið 15. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þetta á bæði við um Holtavörðuheiðarlínu 1 sem Landsnet hyggst nú reisa, en einnig um þá línu sem línunni var upprunalega ætlað að koma í staðin fyrir, 132 kV Hrutatungulínu. Í áður nefndri skýrslu https://www.svk.se/contentassets/97f92c08a06e43db86c148fd256bf864/bilaga-4-mkb.pdf er til dæmis ágætlega gert grein fyrir niðurrifi sem fylgir þeirri framkvæmd í Svíþjóð. Upplýsingar um hvaða leyfum framkvæmdin er háð, sbr. h lið 15. gr. reglugerðar er verulega ábótavant, ekki síst vegna þess að ljóst er að Landsnet mun þurfa að láta reyna á eignarnám á mörgum stöðum og ómögulegt fyrir ríkið að verða við því nema verða í fremstu röð landa að greiða götu fjárfesta á kostnað einkaréttar og mannréttinda því ekki verður sýnt fram á að ný lína samhliða annarri sem fyrir er sé nauðsynleg hagsmunum almennings. <i>Við óskum eftir að Skipulagsstofnun fari fram á sbr. c. lið 15. gr. ofangreindar reglugerðar að fjallað sé um niðurrif nýs mannvirkis Holtavörðuheiðarlínu 1 og Hrutatungulínu 1 sem nýju línunni var upprunalega ætlað að koma í staðinn fyrir.</i>	Holtavörðuheiðarlínu 1 er ætlað að standa til langrar framtíðar, en niðurrif loftlína byggir á nokkuð þekktu verklagi, m.a. sem nýlega hefur verið viðhaft í niðurrifi Hamraneslína 1&2 innan Hafnarfjarðar (sjá kafla 3.3.1 í tilkynningu til Skipulagsstofnunar vegna HS1&2 (Breytingar á Hamraneslínunum 1 & 2)). Það hvernig nákvæmlega verður staðið að niðurrifi línu, ef til þess kemur eftir nokkra áratugi, þjónar ekki tilgangi í umhverfismati línunnar, áður en hún rís. Komi til niðurrifs línunnar mun undirbúningur og málsmeðferð byggja á aðstæðum sem þá verða til staðar og taka mið af stjórnsýslulegri meðferð sem þá þarf að viðhafa, sem getur verið ólík þeirri sem viðhöfð er í dag. Eins og fram kemur í svari við lið 108 liggja ekki fyrir áform um niðurrif Hrutatungulínu 1, en þegar kemur að því að ákvarða útfærslur um framtíð hennar einnar og sér, þ.m.t mögulegt niðurrif munu þær útfærslur (hverjar sem þær verða) hlíta viðeigandi málsmeðferð laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, skipulagslaga og sótt verður um þau leyfi sem þarf.



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
11.6	Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttirog Eiríkur Blöndal, Langholti og ábúendur Laugarholts og Jaðars		Almennt	<p>Þá er það til vitnis um veikleika ferlisins að Sveitarfélagið Borgarbyggð sem á samkvæmt skipulags- og sveitarstjórnarlögum að gæta hagsmuna íbúa sinna og fer með skipulagsmál hefur þegar þetta er skrifað samþykkt matsskýrsluna samhljóða í sveitarstjórn, án þess að benda a.m.k. á augljósa galla hennar en heimilar á sama tíma byggingu mannvirkja á vegum fjárfesta sem ætlað er að fremja vindmyllugarða í Borgarbyggð, en sú framkvæmd er mjög umdeild og tengist lagningu þeirrar línu sem hér er ræðir. Í umsögn sveitarfélagsins hefði enn fremur átt að koma fram, sbr. 12. grein reglugerðar hvaða leyfisveitingar eru á þeirra forræði, það er ekki gert en benda má hér á að Borgarbyggð þarf að breyta aðalskipulagi og gefa framkvæmdaleyfi fyrir aðgerðinni. Á sama tíma og kynning Landsnets á Umhverfismatskýrslu stendur yfir auglýsir hins vegar Borgarbyggð vinnslutillögu aðalskipulags þar sem þessa ofvaxna mannvirkis í Borgarbyggð er hvergi getið. Geta má um að Borgarbyggð, Landsnet og Skipulagsstofnun eru allt stjórnvöld. Til skýringar, má einnig benda á að sveitarfélagið Borgarbyggð mun ekki njóta fasteignaskatta eða annarra hlunninda af línunni, heldur verður hún aðeins til ama fyrir íbúa sveitarfélagsins. Til enn frekari skýringar má benda á að dæmi eru um að sveitarstjórnir hafi gætt hagsmuna íbúa sinna við sambærilegar aðstæður, t.d. þegar lagning raflínu um Voga var til umræðu. Með því að samþykkja Umhverfismatskýrslu samhljóða á sveitarstjórnarfundum, skýrslu sem felur í sér mjög umsvifamikla breytingu á aðalskipulagi, skipulagi sem þó er af sama sveitarfélagi auglýst sem vinnutillaga, á sama tíma, án þess að þar sé getið um hinar sömu framkvæmdir, er sveitarstjórn í raun að taka ákvörðun um aðalskipulag sem hún óumdeilanlega hefði átt að hafa samráð um við íbúa. Umsögn sveitarfélagsins er því marklaus og óskum við eftir því að Skipulagsstofnun hlutist til um að sveitarstjórnin geri umsögn sem samræmist hennar lögbundna hlutverki og aðalskipulagsstefnu og að framhaldið taki mið af því.</p>	Hér er gerð athugasemd við málsmeðferð Borgarbyggðar. Umsögnin kallar ekki á viðbrögð Landsnets.



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
11.7	Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttirog Eiríkur Blöndal, Langholti og ábúendur Laugarholts og Jaðars	8	Aðferðafræði	<p>Miklar greiningar hafa verið gerðar við umhverfismat ólíkra umhverfisþátta. Þær virðast hafa verið faglega unnar í flestum tilfellum. Ef Landsnet hefði metnað í að finna bestu leiðina hefði fyrirtækið ákveðið að vinna greiningu á mun stærra og breiðara svæði en gert er í þessari skýrslu. Mikilvægt er að valkostir séu ekki lagðir fram fyrr en að greining umhverfisþátta og stigun þeirra hefur átt sér stað. Þannig er árangurinn hámarkaður og umhverfisáhrifin lágmarkuð. Þess í stað hefur Landsnet haldið sig við allan tímann að horfa fyrst og fremst í lagnaleið sem liggur meðfram núverandi Hrutatungulínu 1. Þar sem hér er til umfjöllunar gríðarlega stór nútímaleg framkvæmd þarf nálgun að byggja á nútíma aðferðafræði en ekki hálfra aldar gamalli nálgun. Tímarnir hafa breyst hvað varðar bæði tækni og hönnun háspennumastra frá því að Hrutatungulína 1 var reist, á sama hátt og aðferðafræði umhverfismats. Því er það ekki boðlegt að þröngva nútíma aðferðafræði upp á gamla framkvæmd eins og lagnaleið Hrutatungulínu 1. Það er vel þekkt í aðferðafræði umhverfismats að umhverfisþættir fái mismunandi vægi út frá mikilvægi. Það tryggir að markmið og stefna stjórnvalda nái fram að ganga eins og að hlífa góðu ræktunarlandi, friðlýstum svæðum, votlendissvæðum, hagrænn og efnahagslegur ábati og það sem þetta ætti að snúast fyrst og fremst um, er að hlífa íbúum. Heilsa og öryggi íbúa ætti að vera metið ofar öllu. En í skýrslunni er þess sérstaklega getið að ekki sé lagt mat á vægi umhverfisþátta gagnvart hvor öðrum. Það þýðir t.d. að sjónræn áhrif línunnar á íbúa sem búa nærri línunni vegur ekki hærra en aðrir umhverfisþættir. Það þýðir að til að mynda vistgerðir sem njóta verndar vega hærra en tilvist mannsins í nágrenni framkvæmdarsvæðis. Svo í umfjöllun um aðalvalkosti kemur aftur á móti fram hið gagnstæða að við val á aðalvalkostum Holtavörðuheidiarlínu 1 sé horft til umhverfisþátta eins og hagkvæmni framkvæmdar, samfélagslega þætti er varðar atvinnulíf, atvinnuþróun og verðmæti, og heilsu og öryggi íbúa í nær samfélagi. Þetta er allt góðra gjalda vert en það vantar stigun þáttanna þannig að niðurstaðan sé gagnsæ og að hagaðilar viti hvernig niðurstaðan sé fengin. Þetta þarf að laga og farið er þess á leit við Skipulagsstofnun að farið verði fram á að umhverfisþættir verði vegnir upp á móti hvor öðrum í ljósi mikilvægi umhverfisþátta og viljum við þá helst nefna í því samhengi heilsa og öryggi íbúa, gott ræktunarlandi og efnahagslegan ábata við styttingu lagnaleiðar.</p>	<p>Gerð er athugasemd við aðferðafræði umhverfismatsins. Margvíslegar aðferðir eru til að vega og meta umhverfisáhrif, en ekki er til staðar ein viðurkennd aðferð sem sannmælt hefur verið um að nota.</p> <p>Sú aðferðafræði sem Landsnet notar í umhverfismatinu byggir á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmda. Einnig telur Landsnet mikilvægt að umhverfismatið byggi á ákveðnum viðmiðum fyrir hvern umhverfisþátt þá bæði fyrir grunnástand og einkenni áhrifa. Í umhverfismatsskýrslu fyrir Holtavörðuheidiarlínu 1 eru vel skilgreind viðmið um gildi umhverfisþátta (grunnástand) og einkenni áhrifa. Viðmiðin eru breytileg fyrir einstaka umhverfisþætti en eiga það öll sameiginlegt að vera mótuð með hliðsjón af 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.</p> <p>Ekki er farin sú leið í umhverfismatinu að stiga umhverfisþætti eða gefa þeim mismunandi vægi.</p> <p>Landsnet hafnar því að niðurstaða umhverfismatsins sé ógagnsæ. Vandað hefur verið til verka við að greina grunnástand og meta áhrif einstakra umhverfisþátta vegna Holtavörðuheidiarlínu 1.</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
11.8	Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttirog Eiríkur Blöndal, Langholti og ábúendur Laugarholts og Jaðars	8	Aðferðafræði	<p>Þegar umhverfismatsskýrslur á Norðurlöndunum eru rýndar fyrir sambærilegar framkvæmdir kemur í ljós að aðferðafræði Landsnets við gerð umhverfismatsskýrslu Holtavörðuheildarlínu 1 er ábótavant. Matið er ógagnsætt og niðurstaða ekki rekjanleg. Það er grafalvarlegt mál þegar verið er að meta eina stærstu framkvæmd Íslandssögunnar um lagningu háspennulínu að ekki sé lagður meiri metnaður í að meta umhverfisáhrifin. Í samræmi við 15.gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021 ætti umhverfismatsskýrslan að byggjast upp á neðan greindan hátt:</p> <ol style="list-style-type: none">1) Í matslýsingu er ákveðið hvaða umhverfisþætti og svæði ætti að skoða. Í þessu ferli er það á mælisvert hversu þröngt svæði er skoðað með tilliti til fyrirhugaðrar framkvæmdar .2) Umhverfisþættir stigaðir að teknu tilliti til stefna stjórnvalda eins og til að mynda verndun á góðu ræktunarlandi, friðlýstum svæðum, votlendissvæðum, heilsu og öryggi íbúa, hagrænum og efnahagslegur ábati framkvæmdar.3) Greining á umhverfisþáttum, lögð fram á kortum og samantekt í töflum.4) Mat á umhverfisþáttum í samræmi við þá stigun sem lögð er til grundvallar (sjá lið 2 hér á undan), umhverfisþættir lagðir saman á kortum og þá birtast þau svæði sem heppilegast er að leggja umrædda háspennulínu um.5) Hönnun línuleiða, þ.e. valkostir lagðir fram.6) Framkvæmd metin út frá stiguðum umhverfisþáttum og metnir (hið eiginlega umhverfismat).7) Lagður til aðalvalkostur á grundvelli niðurstöðu umhverfismats.8) Lagðar til mótvægisáðgerðir. <p>Í umhverfismatsskýrslunni er ekki gerð nægilega grein fyrir núllkosti og samlegðaráhrifum við að leggja Holtavörðuheildarlínu 1 meðfram núverandi byggðalínu og hvernig það hefur áhrif á matið gagnvart umhverfisþáttum og niðurstöðu varðandi aðalvalkosti.</p> <p>Við teljum okkur búa í upplýsingarsamfélagi og lýðræðisríki og eigum að geta treyst á niðurstöðurnar og hægt sé að rýna þær og sjá hvernig niðurstaða er fengin. Framsetning í umhverfisskýrslunni er á mælisverð fyrir fyrirtæki eins Landsnet sem á að vera þekkt fyrir fagleg vinnubrögð. Ákvörðun um aðalvalkosti sem eru lagðir fram í þessari umhverfismatsskýrslu ber þess merki að vera geðþótta ákvörðun yfirstjórnar Landsnets. <i>Við óskum eftir því að Skipulagsstofnun skoði ferlið og fræðilega nálgun þessa umhverfismats, tryggji að framkvæmdin valdi sem minnstum umhverfisáhrifum, viðhöfð séu nútímaleg aðferðafræði við vinnslu þess og niðurstaða aðalvalkosta sé gagnsæ, rekjanleg og í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og reglugerð um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021. Til að forða því að þessi framkvæmd verði tengd mögulegri spillingu sem fylgir stundum miklum peningahagsmunum og auðlindakapphlaupi samhliða veikri stjórnsýslu mætti hugsa sér aðkomu erlendra óvilhallra fagraðgjafa til að rýna þessi atriði.</i></p>	<p>Landsnet hafnar því að umhverfimatið sé ógagnsætt, ófaglegt og niðurstaðan sé ekki rekjanleg. Lögð hefur verið áhersla á að vanda vel til verka við að greina grunnástand og meta áhrif einstakra umhverfisþátta Holtavörðuheildarlínu 1</p> <p>Öll þau atriði sem talin eru upp í liðum 1-8 varða 15. gr reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og eru uppfyllt í umhverfismatsskýrslu, fyrir utan stigun umhverfisþátta sem ekki er hluti þeirrar aðferðafræði sem beitt var. Í reglugerðinni er ekki krafa um slíkt né í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar.</p> <p>Við gerð umhverfismatsskýrslu var unnið í samræmi við matsáætlun og álit Skipulagsstofnunar. Umhverfismatsskýrsla var kynnt lögum samkvæmt eftir yfirferð og athugun Skipulagsstofnunar.</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
11.9	Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttirog Eiríkur Blöndal, Langholti og ábúendur Laugarholts og Jaðars	Viðauki 11	Heilsa	Viaðuki 11 - Rafsegulsvið og hljóð frá Holtavörðuheidarlínu 1 Eins og ljóst er af framangreindri umfjöllun þá er þessi viðauki þeim megin galla settur að fjalla aðeins um rafsvið, rafsegulsvið og hávaða út frá byrjunarstöðu rekstar línunnar, en ekki áætlaða stöðu þessara mála þegar kemur fram á rekstrartímann. Það er að segja umfjöllunin miðast við 220 kV spennu en línan er gerð fyrir 400 kV spennu og þegar hún verður sett upp er um að ræða meiri áhrif á alla mælikvarða. [vísun í skjáskot af vef]	Til fróðleiks má nálgast meira efni um rafsegulsvið með því að smella hér , bæði skýrslur sem Landsnet hefur gefið út en einnig norska geislavarnarráðið og svo skýrsla með viðmiðunarmörkum sem Alþjóðageislavarnarráðið hefur gefið út. Landsnet vísar því á bug að verið sé að halda því fram að HH1 sé hönnuð fyrir hærri rekstrarspennu en 220 kV og að í framtíðinni megi reka hana sem 400 kV. Þessar vangaveltur hafa mögulega komið fram þar sem Holtavörðuheidarlína 1 er fyrsta 220 kV línan á Íslandi sem er ráðgerð með tvíleiðara (þekkist vel erlendis) en áður hafa allar línur á Íslandi með tvíleiðara (Búrfellslína 3, Sultartangalína 2, Sultartangalína 3 og Fljótsdalslínur 3&4) verið hannaðar og byggðar sem 400 kV línur þó þær séu enn reknar sem 220 kV línur. Það á ekki við rök að styðjast að Holtavörðuheidarlínu 1 megi síðar reka á 400 kV spennu og hefur það á engum tímapunkti komið til skoðunar að reka hana á hærri spennu. Holtavörðuheidarlína 1 er höfð með tvíleiðara til að ná meiri flutningsgetu með hóflegum kostnaði og minnka flutningstöp. Til staðfestingar á að Holtavörðuheidarlína 1 verði aldrei rekin á 400 kV má nefna eftirfarandi atriði: <ul style="list-style-type: none">• Umfang, hæð mastra og útlit Holtavörðuheidarlínu 1 og annarra nýlegra 220 kV lína hjá Landsneti sem hafa einleiðara (Kolviðarhólslínu 1, Hólasandslína 3, Kröflulína 3, Kröflulína 4 og Þeistareikjalína 1) og fyrirhugaðra lína sem hafa einleiðara og eru nú í undirbúningi (Suðurnesjalína 2 og Blöndulína 3) er það sama.• Þær línur sem hafa verið byggðar sem 400 kV línur á Íslandi hafa haft fasabil (fjarlægð milli aðliggjandi fasa) á bilinu 12,75 – 13,25 m en fasabil á HH1 er ráðgert ≈10,3 m, þ.e. sambærilegt við aðrar nýlegar 220 kV línur á Íslandi.• Hæðir mastra leyfa ekki að breyta línunni í 400 kV því þá þarf lengri einangra og aukna öryggisfjarlægð yfir jörðu. Kröfur um hæðir leiðara yfir jörðu verða því ekki uppfylltar við eðlilegan rekstur.• Innri fjarlægðir (þ.e. yfirláttur frá leiðandi hluta yfir í jarðtengda hluta mastra) leyfir ekki að breyta HH1 í 400 kV því lengri einangrar og auknar fjarlægðarkröfur verða ekki uppfylltar.
11.10	Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttirog Eiríkur Blöndal, Langholti og ábúendur Laugarholts og Jaðars	19	Heilsa	Þá verður að segja að umfjöllunin er óeðlilega vilhöll framkvæmdinni miðað við kröfur laga um mats á umhverfisáhrifum um sanngjarna umfjöllun. Enn skal tekið dæmi um umfjöllun í skýrslu um raflínu milli Svíþjóðar og Finnlands, https://www.svk.se/contentassets/97f92c08a06e43db86c148fd256bf864/bilaga-4-kb.pdf Það er full ástæða til að taka atriði sem geta haft áhrif á heilsu manna og annað umhverfi alvarlega. Til samanburðar má geta þess að ekki þótti tiltökumál að efniviður Hrutatungulínu á 8. áratugnum var í stórum mæli Kreósót fúavarðir stólpar/staurar og þverslár. Þá þegar var til staðar einhver vitneskja um skaðsemi kreosóts, sem nú er þekkt krabbameinsvaldandi efni og bannað víða, t.d. í Noregi, sjá t.d. efni frá Norska Miljødirektoratet https://www.miljodirektoratet.no/ansvarsomrader/kjemikalier/kreosot-sporsmalsvar/#:~:text=Etter%2030.-,april%202023%20vil%20det%20ikke%20v%C3%A6re%20tillatt%20%C3%A5%20sette%20nye,oktober%202023.	Í umhverfismatskýrslu var gerð grein fyrir helstu atriðum sem hafa verið í umræðunni varðandi heilsufarsáhrif vegna raflína. Niðurstaða matsins byggist á samanburði á reiknuðum styrk raf- og segulsviðs auk hljóðstígs við viðmiðunargildi sem hafa verið innleidd í reglur hér á landi til verndar heilsu manna.



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
11.11	Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttirog Eiríkur Blöndal, Langholti og ábúendur Laugarholts og Jaðars	19	Heilsa	<p>Samkvæmt rannsóknnum á rafsegulsviði að þá hefur rafsegulsvið frá línu sem hefur 400 kV spennu mun meiri áhrif á umhverfið sitt en lína með 220 kV spennu. Rannsóknir hafa sýnt vísbendingar um að rafsegulsvið geti aukið tíðni krabbameins og þá sérsaklega hjá börnum sem verða fyrir áhrifum rafsegulsviðs. Einnig óttast menn tengsl við Alzheimer, Parkinson, hjartsláttartruflanir og frjósemisvandamál. En rétt er að ekkert af þessu hefur verið sannað. WHO hefur hins vegar skilgreint mögulega tengingu og hvetur til varúðarreglu. Sjá nánar á slóðinni https://iris.who.int/bitstream/handle/10665/43646/9789241572385_eng.pdf?sequence=1 [Vísun í skjáskot] https://www.cancer.gov/about-cancer/causesprevention/risk/radiation/electromagnetic-fields-fact-sheet Einnig er víða fjallað um að rafsegulsvið magnast upp þar sem lína fer yfir votlendi eða vatnsspegil vegna endurvarps frá votu yfirborði. Í umhverfismatskýrslu er ekki upplýst um þetta eða tekin ákvörðun um að rannsaka skuli breiðara belti meðfram fyrirbyggjandi valkostum. <i>Við óskum eftir að Skipulagsstofnun taki þetta til sérstakrar umfjöllunar og stofnunin farið fram á að rannsóknarsvæði verði breikkað og áhrif metin út frá breyttum forsendum spennusetningar og afflutnings á heilsu og öryggi íbúa og ákvörðun um aðalvalkost línuleiðar verði endurmetin að teknu tilliti til fjarlægðar frá íbúðarhúsum og öðrum dvalarstöðum fólks.</i></p>	<p>Holtavörðuheidiarlína 1 er hönnuð sem 220 kV lína, sbr. viðbrögð við athugasemd nr.11.2, og matið miðast því við þá spennu.</p> <p>Ýmsar jarðvegsaðstæður geta haft óveruleg áhrif á rafsegulsvið frá loftlínunum, þar með talið tegund jarðvegs og raki í jarðvegi.</p> <p>Rafsvið loftlínu er annars vegar á milli leiðara hennar og hins vegar á milli leiðara og jarðar. Styrkur og dreifing þess ræðst fyrst og fremst af spennustigi línunnar en einnig af staðsetningu leiðaranna. Jarðvegsaðstæður geta ekki magnað upp rafsviðið, en geta haft óveruleg áhrif á dreifingu þess á milli leiðara og jarðar.</p> <p>Styrkur segulsviðs loftlína er fyrst og fremst háður straumnum sem um línuna fer en er einnig háður staðsetningu leiðaranna.</p>
11.12	Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttirog Eiríkur Blöndal, Langholti og ábúendur Laugarholts og Jaðars	14	Ásýnd	<p>Lögð er áhersla á gagnsæi í umhverfismatskýrslu Holtavörðuheidiarlínu 1 en engu að síður eru upplýsingar um tegundir fasteigna eins og íbúðarhúsnæði, frístundahús, ferðaþjónusta misvísandi og ber ekki saman í skýrslunni og viðaukum. Þetta eru grunnupplýsingar sem hægt á að vera að treysta á að séu réttar við mat á umhverfisáhrifum óháð hvaða umhverfispátt sé verið að meta. Það er ekki fullnægjandi að gefa einvörðungu upp fjölda ákveðinna tegunda fasteigna, eins og íbúðir, frístundahús o.fl. sem línan hefur mögulega áhrif á, heldur þarf að leggja fyrir listi um hvaða fasteignir er verið að vísa í hverju sinni þannig að hægt sé að rekja niðurstöður talninga. Þannig getur íbúi, frístundahúsaeigandi og/eða ferðaþjónustuaðili áttað sig á hvort að verið sé að meta áhrifin á hans eigin tilvist.</p> <p>Merkingar á kortum varðandi þessar grunn upplýsingar eru mismunandi milli umhverfispáttanna og þeim ber ekki saman. Það er ámælisvert að íbúar og aðrir hagsmunaaðilar geta ekki fullvissað sig um að verið sé að meta umhverfispætti á til að mynda búsetu, rístandadvalar- eða ferðaþjónustustaði. Í þessu samhengi er þetta afar og sérstaklega mikilvægt er varðar mat á umhverfisáhrifum ásýndar tiltekinna staða, heilsu og öryggi fólks. Farið er þess á leit við Skipulagsstofnun að þetta verði skoðað og óskað eftir að umhverfisskýrsla verði uppfærð með tilliti til þessa og umhverfisáhrifin metin að nýju.</p>	<p>Ekki er ljóst hvað felst í athugasemd um ósamræmi. Langholt, Laugarholt og Jaðar eru á B hluta línuleiðar.</p> <p>Í kafla 14.2 kemur m.a. fram að greining á ásýndarbreytingum varði íverustaði þar sem fólk dvelur að staðaldri eða hluta úr ári í innan við 1 km fjarlægðar frá línuvalkosti. Við ásýndargreiningu var notaður gagnagrunnur Landmælinga Íslands um mannvirki (IS 50V, útgáfa 24.12.2020).</p> <p>Í töflu 14.11 eru upplýsingar um alla íverustaði fólks í innan 1 km fjarlægðar frá valkostum á B hluta og fjarlægð þeirra frá viðkomandi valkosti. Því ættu íbúar og aðrir hagsmunaaðilar að geta fullvissað sig um afstöðu valkosta til viðkomandi íverustaðar, þar sem vænta má mestu ásýndaráhrifanna. Í töflu 14.12 eru metin áhrif ásýndarbreytinga á hluta þeirra íverustaða sem tilgreindir er í töflu 14.11 og þar vísað í viðeigandi númer myndatökustaðar í viðauka 6 (myndaheftir – B hluti). Ekki er raunhæft að gera ráð fyrir að slíkt sé gert fyrir sérhvern íverustað á leið línunnar.</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
11.13	Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttirog Eiríkur Blöndal, Langholti og ábúendur Laugarholts og Jaðars	17, Viðauki 9	Landbúnaður og Skógrækt	<p>Í inngangi viðauka 9 er tilgreint að „Skýrslan á að varpa ljósi á umfang og grunnástand landbúnaðar á áhrifasvæði Holtavörðuheidiarlínu 1 auk mögulegra umhverfisáhrifa á landbúnað og landbúnaðarstarfsemi bæði vegna framkvæmda og á rekstrartíma línunnar“ Þegar tekið er mið af því að rekstrartíminn er ekki þekktur þá rýrist verulega gildi skýrslunnar. Þá er ljóst að mat á áhrifum á framkvæmda- og rekstrartíma miðast við helgunarsvæði fyrir 220 kV línu, en línan er eins og fram hefur komið 400 kV og helgunar og áhrifasvæðið sem mats ætti að taka annað og stærra. Í umsögn um matsáætlun bentum við m.a. á að umfjöllun og nálgun varðandi landbúnað væri óviðunandi. Matskýrslan bætir þar engu við í raun. Það er umfjöllun um landbúnað á svæðinu og einhverjar sviðsmyndir dregnar upp um ætlaðan vilja bænda eða áhrif á landbúnað á framkvæmdatíma. Ekkert samráð hefur þó verið haft við einstaka bændur um þessar hugmyndir. Þó er í skýrslunni talið að vegir Landsnets yfir framtíðar ræktunarlönd geti verið til hagræðis sem er mjög hæpið sjónarmið almennt séð. Það er raunar í sjálfri umhverfismatskýrslunni umfjöllun um valkosti sem fela ekki í sér að leggja vegi í svo stórum mæli sem hér er kynnt. Samt sem áður er í nær öllum valkostum lagt upp með mjög umsvifamikla vegagerð sem verður að segjast langt fram úr öllu meðalhófi. Vegunum er ætlað að standa um alla framtíð, en eftir er að sjá að þeir séu nauðsynlegir til að leggja eða halda við línunni. Enda hafa glöggir tekið eftir að Landsnet heldur ekki við sínum línuslóðum að jafnaði. Ekki er að sjá að í enn stærri framkvæmd í Svíþjóð og Finnlandi séu vegir taldir forsenda, a.m.k. ekki í þeim mæli sem hér er gert og leggur framkvæmdaðili þar sig fram um að lágmarka landnotkun. Einnig er þar gætt að vali á stólpum með tilliti til landnýtingar, sem er nokkuð sem viðaukinn um landbúnað og skógrækt hefði einnig þurft að fjalla um. Taka þarf tillit til hversu mikið landbúnaðarland, framtíðar matvælaframleiðsluland vegirnir taka, og þá þarf að gæta sanngirni í umfjöllun um röskun, að taka aðeins flatarmálið undir sjálfum veginum/slóðanum er einföldun sem dæmir sig sjálf. Taka þarf einnig þar sem við á tillit til þeirrar röskunar á vatnsbúskap votlendis sem vegirnir valda og svo framvegis. Varpa hefði þurft ljósi á hvaða inngripi línan veldur á umhverfi starfandi bænda, hvaða áhrif það hefur á landbúnað að búsetusvæði bænda eru lögð í rúst, með sjónmengun, hljóðmengun, rafmengun og stórskerðingu á möguleikum þeirra til að þróa sínar jarðir til ræktunar, nýliðunar, búsetu og hlunnindanýtingar. Þegar kemur að umfjöllun um áhrif á rekstrartíma, er umfjöllun mjög ábótavant.</p> <p>Áætlaður rekstrartími er reyndar ekki þekktur eins og fram hefur komið. Benda má á til glöggvunar að fæst þeirra túna eða akra sem nú er verið að fjalla um voru til staðar þegar eldri byggðalína var reist. Þetta sýnir að landbúnaður er atvinnugrein sem þróast eins og aðrar. Í skýrslu um landbúnað og skógrækt hefði þurft að varpa ljósi á líklega aukningu akuryrkju vegna vaxandi þarfar fyrir mat í heiminum og vaxandi þarfar á fæðuöryggi þjóðarinnar. Þannig spá hefði hvorki verið sannari eða ósannari en spár Landsnets um framtíðarorkuflutningsþörf fyrir stóriðjuver og háð vilja sömu stjórnvalda, Alþingis.</p>	<p>Eins og fram kemur í svari Landsnets við umsögn nr. 11.2 er Holtavörðuheidiarlína 1 er því vísað á bug að línan sé hönnuð fyrir hærri rekstrarspennu en 220 kV og í svari við Landsnet við umsögn nr. 11.3 er áætlaður líftími loftlína 50 ár.</p> <p>Landsnet mun hafa samráð við landeigendur um endanlegar útfærslu aðalvalkostar.</p> <p>Vinna við mat á áhrifum Holtavörðuheidiarlínu 1 á landbúnað og skógrækt byggir á opinberum gögnum og hvernig staða landbúnaðar var á þeim tíma sem matið fór fram.</p> <p>Í byrjun rannsóknar gerði Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins forkönnun á áhrifum framkvæmda á landbúnað og skógrækt út frá frumútfærslu línuvalkosta. Niðurstöður könnunarinnar leiddu til úrbóta við endanlega útfærslu valkosta, sem kynntir voru í umhverfismatskýrslu og leiddi til minni skerðingar á landbúnaðarlandi á hverjum valkosti fyrir sig miðað við fyrri útfærslu, svo sem með því að hliðra til staurum og færa til vegslóða. Undir þetta féll m.a. gott framtíðarland fyrir matvælaframleiðslu sem um er fjallað í rannsóknaskýrslu og umhverfismatskýrslu. Því má segja að í matinu felist viss nálgun á því hvaða áhrif framkvæmdin muni hafa á þróun landnýtingar á svæðinu til framtíðar.</p> <p>Flatarmál lands sem fer undir nýjan veg/slóð er hefðbundin nálgun til þess að meta bein áhrif framkvæmdar. Afleidd möguleg áhrif á vatnsbúskap er m.a. umfjöllunaratriði í matskafla um gróður.</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
11.14	Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttirog Eiríkur Blöndal, Langholti og ábúendur Laugarholts og Jaðars	17, Viðauki 9	Landbúnaður og Skógrækt	<p>Á sama hátt og Landsnet leggur fram sína kerfisáætlun hefði Landsnet sem stjórnvald verið í lófa lagið að hafa samband við Matvælaráðuneytið eða æðri stjórnvöld til þess að fá áætlanir stjórnvalda um þróun landbúnaðar á rekstrartíma línunnar. Landsnet gerir það hins vegar ekki en styðst við huglægt mat skýrsluhöfunda viðauka 9 um þróun landbúnaðar á rekstrartíma línunnar, sem reyndar ekki er uppgöfin, en miðað við erlendar skýrslur gæti þar um verið að ræða a.m.k. 80 ár. Það bendir allt til þess að við þurfum á okkar ræktarlandi að halda. Það þarf því að meta áhrif á landbúnað og fæðuöryggi alveg upp á nýtt og gefa þeim matsþætti mikið meira vægi. Hugsanlega gætu ráðgjafar kynnt sér landbúnað í samanburðarlöndum, teiknað upp framtíðar ræktunarsvæði fyrir tún akra og skógrækt, samkvæmt bestu fyrirbyggjandi þekkingu og stefnu stjórnvalda um eflingu landbúnaðar sbr. t.d. nýsamþykka Þingsályktun um landbúnaðarstefnu til ársins 2040, heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna og búvörusamninga. Það er mikilvægara fyrir Íslendinga að framleiða mat en að flýta sér að tengja fyrirhugaðar vindmyllur áhættufjórfa einu og þessi framkvæmd virðist aðallega eiga að gera. <i>Ljóst er að Skipulagsstofnun verður að krefjast þess að fram fari nýtt mat á áhrifum línunnar á landbúnað og skógrækt miðað við raunverulega spennu, afl, hönnun, uppgöfin endingartíma og landnotkun sem þessum forsendum fylgir miðað við þau áform sem stjórnvöld hafa um matvælaframleiðslu á rekstrartíma línunnar. Einnig þarf að meta hvort varanlegir vegir/slóðar séu nauðsynlegir og skynsamlegir. Skoða þarf hvort velja þurfi sérstaka gerð stólpa í ræktarlandi til þess að vernda það og lágmarka landnotkun.</i></p>	<p>Í umsögninni er vísað til landbúnaðarstefnu stjórnvalda til ársins 2040. Stefnan miðar að því að efla íslenskan landbúnað með áherslu á sjálfbærni, fæðuöryggi og loftslagsmál. Með fæðuöryggi er átt við að tryggja eigi aðgengi að heilnæmum matvælum með því að styðja við nýsköpun í landbúnaði og stuðla að sjálfbærni í aðfanganotkun, jarðvegsvernd og auðlindanýtingu. Til að hrinda stefnunni í framkvæmd stendur til að gera aðgerðaáætlun til fimm ára í senn, sem innihaldi nánari útfærslu á aðgerðum til að ná fram markmiðum stefnunnar. Slík áætlun hefur ekki komið fram. Rannsókn á áhrifum Holtavörðuhéiðarlínu 1 á landbúnað og skógrækt byggir á gögnum sem lágu fyrir á þeim tíma sem hún var unnin.</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
11.15	Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttirog Eiríkur Blöndal, Langholti og ábúendur Laugarholts og Jaðars	9.9	Jarðmyndanir	<p>Undir köflum 9.9 í umhverfismatsskýrslu Holtavörðuheidiarlínu 1 kemur fram að umfang rasks á ósnortnum jarðmyndunum Hallarmúlaleið BC1 er meira en fyrir samanburðarkafli BC1.a. Við andmælum því að hér sé verið að bera saman Hallarmúlaleið BC1 og samanburðarkafli BC1.a en ekki aðalvalkosti leiðarinnar á sama kafla, en aðalvalkostur umrædds kafla er 1,2 km lengri og má því gera ráð fyrir að umfang rasks á ósnortnum jarðmyndunum sé meira á þeirri leið vegna fleiri háspennumastra, strengiplana og nýrra vegslóða. Í því sambandi er einnig ekki gætt hlutleysis við mat á aðalvalkosti C2 annars vegar sem fer upp á Síðufjall og BC1 hins vegar sem fer upp á Hallarmúla. Mat þessara valkosta gagnvart jarðmyndunum ætti að vera sambærileg. Hallarmúlaleið BC1 fer um austasta hluta Ljósufjallaeldstöðvakerfisins sem hefur verið virkt á nútíma, m.a. með skjálftahrinu í Þverárhlið og með gosi úr Grábrókareldstöð sbr. grein Páls Einarssonar. Í skýrslunni segir enn fremur að valkostur BC1 er innan þess virka gosbeltis landsins. Því eru áhrif rasks á BC1-Hallarmúlaleið metin mikil. Það skal bent á að hluti leiðar valkosta BC1.a fer um áhrifasvæðis eldstöðvakerfis Langjökuls, sem hefur að geyma tvær eldstöðvar. Gosum undir jökli getur fylgt jökulhlaup, en það er ekki metið í þessu umhverfismati. Bent skal enn fremur á og sést vel á mynd 9.1 í umhverfismatsskýrslu að línuleið BC1 liggur á kafla um svæði sem er að finna súrt gosbert, frá tertier tímabili og frá ísöld, umrædd berg er eldra en 11.000 ára en megin hluti leiðarinnar liggur BC1 um svæði þar sem er að finna blágrýti sem er eldra en 3,3 milljónir ára og ber þess glöggvitni að þarna hafa ekki verið mikil eldsumbrot og ekki hætta á því í náinni framtíð. Það er því ljóst að það er beinlínis rangt að meta umhverfisáhrif jarðmyndanna talsvert neikvæð á þeim forsendum eins og fram kemur á mynd 6.2. Enn fremur kemur fram að á BC1-Hallarmúlaleið eru fjölmargar náttúruminjar, vistkerfi og jarðmyndanir sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Þar ber helst að geta Ljósufjallakerfis sem er austasti hluti eldstöðvakerfisins á Snæfellsnesi og jarðmyndanir á leið valkosta BC1 sé metið miðlungs á þeim forsendum. Þetta er mjög hæpin röksemdarfærsla. Þekking á umræddum kerfum eru mjög takmörkuð og ekki einu sinni hægt að segja með vissu hvar þau enda eða byrja. <i>Við förum þess á leit við Skipulagsstofnun að valkostir verði bornir saman við aðalvalkost en ekki A, B og C leið og að valkostir verði metnir út frá sömu forsendum innan hvers umhverfisþáttar fyrir sig.</i></p>	<p>Í umsögn er andmælt að verið sé að bera valkost BC1 saman við samanburðarkafli BC1.a í stað þess að bera hann saman við aðalvalkost á sama kafla. Ekki sé gætt hlutleysis við mat á valkosti C2, sem fer upp á Síðufjall, og BC1 hins vegar sem fer upp á Hallarmúla. Röksemdarfærsla fyrir miðlungsgildi jarðmyndana á leið BC1 sé hæpin og beinlínis rangt að áhrifin séu metin talsvert neikvæð á þeirri leið.</p> <p>Í umhverfismatsskýrslu er niðurstaða umhverfismats notuð til þess að velja heppilegan aðalvalkost (sjá kafla 6.2), sem taki mið af því að lágmarka áhrif framkvæmdarinnar. Því telur Landsnet ekki rökrétt að bera saman BC1 og aðalvalkost.</p> <p>Valkostur C2 fer ekki um Síðufjall en fer um Grjótháls líkt og BC1. Í tilfalli BC1 fer valkosturinn um langan veg eftir hálsinum að Hafþórsstöðum (um 12 km), sem er á stórum hluta óröskuðum klapparásunum og hryggjum. Leið C2 um hálsinn er mun styttri (um 5 km) þar sem fyrir eru ummerki eftir framkvæmdir vegna Hrutatungulínu 1. Því er gildi jarðmyndana nokkuð hærra á leið BC1 (miðlungs) en annarra valkosta á C hluta (lág til miðlungs).</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
11.16	Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttirog Eiríkur Blöndal, Langholti og ábúendur Laugarholts og Jaðars	17, Viðauki 7	Landslag	<p>Í umfjöllun um landslagsheild Bæjarsveitar er metið að Bæjarsveit hafi lágt gildi hvað varðar verndarákvæði og innan heildarinnar eru ekki friðlýst svæði. Bent er á að innan Bæjarsveitar eru þrjú svæði friðlýst vegna fornleifa. Þær eru:</p> <ul style="list-style-type: none"> Rústir hins forna eyðibýlis að Keldum, skammt norðaustur frá Bæ. Heggstaðir. Forn girðing, hringmynduð, nefnd "dómhringur", uppi á túninu norðaustur af bænum. "Leiði Hegg" er sýnt í miðjum. Þingnes. 1. Forn rúst á þýfðum grasbletti sunnan undir Blundshól. Þingbúðatóftir 2, báðar suðaustan til í túninu á svokölluðum stöðli, er önnur á dálitlum hól, sem hefir verið sléttuð í kringum; snýr í norðaustur; hin er við svonefndan Búðarhól og snýr í suðvestur. 10 3. Lítil hóll, er heitir Harðhaus, syðst í túninu og er á honum steinn. Hóllinn er ílangur og snýr nokkurn veginn frá suðri til. <p>Innan landslagsheildarinnar eru fjölmargir hverir og heitar uppsprettur í Bæjarsveit. Þar er meðal annars að finna, nánar tiltekið í Langholti, sjaldgæfa plöntu sem heitir Vatnsnafli Hydrocotyle vulgaris og er eina plantan í íslensku plöntuflórunni sem hefur stöngulinn inn í mitt blaðið. Vatnsnafli finnst á fáum stöðum á landinu og plantan vex eingöngu í nálægð við heitar laugar. Innan landslagsheildarinnar er einnig að finna Deildatunguhver sem er vatnsmesti hver Evrópu.</p> <p>Innan landslagsheildarinnar er einn af okkar sögufrægustu stöðum landsins Bær. Bæjarbardaga er til að mynda getið og lýst í fornritum okkar. Hróðólfur biskup setti á stofn fyrsta klaustur Norðurlandanna í Bæ. Hann dvaldi á Íslandi frá 1030-1049 og hélt þar skóla og kenndi prestum. Það er enn fremur talið að í klaustrinu í Bæ hafi íslensku bókstafirnir okkar þ og ð orðið til. Í Bæ finnst planta sem kallast Villilaukur Allium oleraceum og er talið að hann sé frá tímum klaustursins. Villilaukurinn var um tíma á plöntuválista Náttúrufræðistofnunar Íslands.</p> <p>Landslagsgreining innan landslagsheildanna er mjög takmörkuð, matskennd, með lítinn rekjanleika og lítið gangsaði. Mikilvægt er að landslagið sé greint á fræðilegan hátt og greiningin lögð fram á korti. Mikilvægt er að skrásetja kanta í landslagi, kennileiti, hreyfilínur, kjarna og skipta upp svæðum í smærri landslagsrými. Má í þessu samhengi benda á aðferðarfræði Kevin Lynch sem hann leggur fram í bókinni The Image Of The City. Þessi aðferðarfræði er einföld, öllum skiljanleg og gæti gagnast vel fyrir þetta verkefni. Mikilvægt er að vanda skráningu innan landslagsheildanna svo umhverfismatið byggi á áþreifanlegum þáttum og hvar fyrirhuguð framkvæmd hefur mest áhrif. Þannig er hægt að færa fyrir því rök að það beri að finna annan valkost eða að beitt séu mótvægisáðgerðum. Það vekur furðu að til að mynda kirkjurnar og bæirnir okkar eru ekki kortlagðir sem kennileit og fá því ekkert vægi inn í mati á landslagsheildum. En í kafla 1.1. Aðferðarfræði og gögn segir: "Landslag samanstendur annars vegar af þeim náttúrlegu útlitþáttum sem hver landslagsgerð einkennist af og hins vegar af því gildi og þeirri merkingu sem manneskjur skynja í viðkomandi landslagi eða tengja á annan hátt við það." Í framlagðri landslagsgreiningu er því hreinlega sleppt að gera grein fyrir því sem manneskjur skynja innan landslagsheildanna.</p> <p>Mynd 4.5 í umhverfismatsskýrslu á að sýna Bæjarsveit en þess í stað er mynd af bænum Ásgarði sem er í Reykholtssdal. Engin mynd er af Bæjarsveit. Fagleg nálgun greiningar landslagsheilda er ekki fullnægjandi. Hún er ógagnsæ,</p>	<p>Landsnet vísar til Viðauka 7 með umhverfismatsskýrslu framkvæmdarinnar, þ.e. í skýrslu Verkis Landslagsgreining á áhrifasvæði Holtavörðuheildarlínu. Þar kemur m.a. fram að heildargildismat landslagsheilda byggir annars vegar á mikilvægi landslagsheilda sem samanstendur af verndarákvæðum, útivistargildi og minja- og sagnagildi. Hins vegar byggir heildarmatið á viðkvæmni landslagsheilda fyrir breytingum. Vísað til þeirra viðmiða sem eru til grundvallar mati á gildi landslagsheilda. Um er að ræða lykil að gildismati landslagsheilda (kafla 3.1 í Viðauka 7) og viðmið fyrir einstaka matsþætti (kaflar 3.1.1 til 3.1.5 í Viðauka 7). Gildismat landslagsheildarinnar Bæjarsveit er því grundvallað á skýrum viðmiðum og við framkvæmd matsins eru nýtt fyrirbyggjandi opinber gögn og greiningargögn sem haf orðið til í mati á landslagi framkvæmdasvæðisins.</p> <p>Hvað varðar minja- og sagnagildi landalagsheildarinnar Bæjarsveit, þá er það metið miðlungs og byggir það mat m.a. á þeim friðlýstu fornleifastöðum, sögum og sagnaarfi sem vísað er til í umsögninni.</p> <p>Hvað varðar verndarákvæði landslagsheildarinnar Bæjarsveit þá er metið að landslagsheildin hafi lágt gildi og það byggir á því að innan heildarinnar eru ekki friðlýst svæði. Því skal haldið til haga að innan landslagsheildarinnar eru náttúruminjar, svo sem votlendi og heitar uppsprettur, sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Niðurstaða Landsnets er eigi að síður að landslagsheildin sé ekki mikilvæg hvað varðar verndarákvæði og er þar vísað til fyrirbyggjandi upplýsinga um friðlýst svæði í náttúruminjaskrá, og að teknu tilliti til náttúruminja á svæðinu. Ummerki mannsins eru auk þess ríkjandi innan landslagsheildarinnar.</p> <p>Í umhverfismati Holtavörðuheildarlínu 1 er stuðst við greiningu á landslagi samkvæmt aðferðarfræði "Landscape Character Assessment", líkt og áður hefur verið gert í umhverfismati flutningslína Landsnets. Um er að ræða þróaða og viðurkennda aðferð sem notuð hefur verið í sambærilegum verkefnum hér á landi sem og í öðrum löndum. Stuðst er við leiðbeiningar um landslagsgreiningu og mat á sjónrænum áhrifum frá viðurkenndum aðilum og stofnunum. Landsnet vísar því á bug að þær aðferðir sem beitt er við landslagsgreiningu og mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar á landslag sé ekki fagleg eða viðurkennd á fagsviði landslags og umhverfismats.</p> <p>Landsnet bendir á að mat á gildi landslagsheilda og mat á áhrifum Holtavörðuheildarlínu 1 er grundvallað á skýrum viðmiðum og bestu fánlegum gögnum. Byggt er á landslagsgreiningu fyrir Ísland, sem unnin var fyrir Skipulagsstofnun, þar sem landinu er skipt upp í landslagsgerðir. Í landslagsgreiningu fyrir Holtavörðuheildarlínu 1 er þeim landslagsgerðum skipt frekar niður í smærri einingar þ.e. landslagsheildir. Leitast er við að lýsa einkennum landslagsheilda á knappan, en skýran hátt, sbr. kafla 4 Lýsing landslagsheilda í Viðauka 7 Landslagsgreining á áhrifasvæði Holtavörðuheildarlínu. Í landslagsgreiningunni er skýrt hvað stendur á bak við gildismat einstakra landslagsheilda og á hvaða gögnum er byggt. Landslagsgreiningin er að því leyti gegnsæ og uppruni gagna er rekjanlegur. Við landslagsgreininguna voru farnar vettvangsferðir, teknar myndir og unnið með það sem fyrir augu bar, svo sem liti, form og gróður. Gerð er grein fyrir þessum atriðum í texta þar sem einstökum landslagsheildum er lýst, lykileinkenni eru dregin saman og gildi landslagsheilda er metið.</p> <p>Landsnet bendir einnig á að teknar voru fjölmargar ásýndarmyndir sem nýttar eru í mati á umhverfisáhrifum Holtavörðuheildarlínu 1 á landslag. Þessar ásýndarmyndir ásamt öðrum gögnum eru nýttar til að meta áhrif á landslag, þ.e. áhrif á landslagsheildir, en einnig</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
				matskennd og rekjanleiki er enginn er varðar niðurstöður og mat umhverfisáhrifa á landslagsheildir. <i>Við óskum eftir að Skipulagsstofnun fari þess á leit að úr verði bætt.</i>	staðbundin landslagsáhrif á tilteknum stöðum eða tiltekin svæði. Gerð er ítarlega grein fyrir þessum atriðum í umhverfismatskýrslu framkvæmdarinnar, þ.e. við mat á grunnástandi línuleiða og efnistökusvæða og í áhrifamati.
11.17	Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttirog Eiríkur Blöndal, Langholti og ábúendur Laugarholts og Jaðars		Mótmæli	Við landeigendur Langholts og ábúendur Laugarholts og Jaðars leggjumst alfarið gegn því að Holtavörðuheildarlína 1 verði lögð um okkar land meðfram Hrutatungulínu 1 eða í samræmi við tillögu B2 sem í þessari skýrslu er lagður fram sem aðalvalkostur. Við erum aftur á móti tilbúin til viðræðna um lagnaleið sem yrði sambland af valkostum B3 og B4 í samræmi við eftirfarandi mynd, sjá bláa línu, og að því gefnu að Hrutatungulína verði hengd á Holtavörðuheildarlínu1 og að Holtavörðuheildarlína 1 verði 220 kV á líftíma hennar. Komi fram krafa um eignarnám fram vegna þessarar framkvæmdar verður láta reyna á þau sjónarmið sem hér eru að framan talin, þar með talið hvort hagfelldasti kosturinn hafi verið valinn og hvort stjórnvöld hafi gætt meðalhófs í framgangi sínum.	Landsnet hefur mótttekið mótmæli landeiganda. Þegar álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir tekur við annar kafli í undirbúningi framkvæmdarinnar, sem m.a. felur í sér frekara samtal við landeigendur, verkhönnun línu og vegslóða. Þá þarf einnig að óska eftir breytingum á aðalskipulagi sveitarfélaganna sem línan fer um og í kjölfar þessara ferla óska framkvæmdaleyfa. Það er von Landsnets að í þeirri undirbúningsvinnu sem tekur við að loknu álit Skipulagsstofnunar, náist farsæl lausn um framkvæmdina.



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
12.1	Þóra Stefánsdóttir og Ólafur Davíðsson, Hvítárvöllum		Umhverfismatsskýrsla	<p>Almennt um matsskýrsluna.</p> <p>Eigendur Hvítárvalla gera athugasemdir við vinnubrögð framkvæmdaraðila við gerð fyrirbyggjandi matsskýrslu sem liggur til grundvallar umhverfismati vegna áforma um framkvæmdina Holtavörðuheildarlína 1 (H1), /220 kV byggðalína. Ljóst má vera að hér er um gríðar mikla framkvæmd að ræða sem mun hafa mikil umhverfisáhrif, bæði hvað land og ásynnd Borgarfjarðar varðar. Við mat þetta á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar er byggir framkvæmdaraðili á því að um 220 kV línu sé að ræða en í raun er mannvirkni hannað þannig að hún beri 440 kV. Fer þetta í bága við reglugerð um umhverfismat sem áskilur að mannvirkni sé rétt lýst í matsskýrslu og áhrifin metin yfir rekstrartímann. Þessi ágalli varðar frávisun matsskýrslu að okkar mati.</p> <p>Við hefðum einnig talið það eðlilegri vinnubrögð að flokka og stiga umhverfisþætti með almennri greiningu landslags í upphafi og þegar sú greining liggur fyrir þá er tímabært að setja niður og ræða mögulega legu byggðalínu. Þess í stað eru nokkrir valkostir um legu línunnar lagðir niður á kort og umhverfisáhrif þeirra vegin saman. Af þessu leiðir að framkvæmdaraðili hefur nokkuð sjálfðæmi um þá kosti sem matsskýrslan hefur að geyma og getur þar af leiðandi stýrt umræðu um valkosti í matsskýrslu með óbeinum hætti.</p> <p>Í ljósi þeirra neikvæðu umhverfisáhrifa sem raflínan ásamt tilheyrandi búnaði mun hafa á Borgarfjörð um langa framtíð, verður að gera kröfu um að vandað verði til vinnubragða, við undirbúning, líkt og best þekkt í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Það er skoðun okkar að fyrirbyggjandi matsskýrsla geti varla talist hlutlaus í umfjöllun um greiningu valkosta þeirra línuleiða lagðir eru fram í matsskýrslu. Sem dæmi um þetta má nefna að einungis er í skýrslunni fjallað um mögulega náttúruvá vegna atburða sem kunna að stafa frá Hallarmúla, sem er lýst sem eldstöð og hluta af Ljósufjallakerfinu, en mögulegra áhrifa annarra eldstöðva s.s. Langjökuls að engu getið. Í þessu sambandi má geta þess að á vefsíðunni Íslensk eldfjallavefsja, sem haldið er úti af virtum stofnunum er Hallarmúlinn ekki skráður sem virk eldstöð. Þó virðist nokkuð gert úr hættu af eldivirkni í Hallarmúla þegar fjallað er um BC1 Hallarmúlaleið. Við bendum á, að þegar núverandi línustæði Hrutatungulínu var sett niður fyrir um 50 árum síðan, voru hvorki þau verndarskilyrði í lögum eða reglur til verndar landi og vistkerfum til staðar, líkt og nú gilda. Því orkar tvímælis að aðalvalkostur H1 skuli í matsskýrslu fylgja Hrutatungulínu að mestu. Þá liggur fyrir að verði línurnar lagðar samhliða verða óhjákvæmilega neikvæð samlegðaráhrif hvað ásynnd Borgarfjarðar varðar.</p>	<p>Undirbúningur að þeim valkostum sem lagt er mat á í umhverfismati Holtavörðuheildarlínu 1 hófst við gerð kerfisáætlunar og umhverfismats hennar. Þar var afmarkað belti fyrir mögulega legu línu sem tengdi saman tengivirki í Hvalfirði við fyrirhugað tengivirki á Holtavörðuheidi. Þegar fyrst var gert ráð fyrir þessari tengingu í 3ja ára framkvæmdahluta Kerfisáætlunar 2020-2029 í kafla 7.4.5: (https://landsnet.is/library/kynningarrit-og-skyrslur/kerfisaaetlun-2020-2029/Kerfis%C3%A1%C3%A6tlun%20Landsnets%202020-2029%20-%20Umhverfissk%C3%BDrsla.pdf) er fyrst greint frá mögulegum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og ljóst að óháð línuleiðum innan athugunarbelteisins er fyrir séð að línan fari um verndarsvæði fugla og votlendis, en einnig verði við frekari undirbúning verksins að huga að sjónrænum áhrifum, ferðaþjónustu og landnýtingu við val á línuleið.</p> <p>Í undirbúningi umhverfismats fór fram valkostagreining þar sem óskað var eftir hugmyndum um valkosti frá verkefnaáði, landeigendum og almenningi. Sjá má niðurstöður þeirrar vinnu í valkostaskýrslu (SK Skýrsla). Þar má sjá rökstuðning fyrir ákvörðun um hverjar af þeim hugmyndum sem komu fram yrðu teknar áfram til umhverfismats og hverjar ekki. Einnig er að finna hér nánari svör við umsögnum um valkostaskýrsluna: (landsnet.is/library/?itemid=990bfc79-3217-409c-94e6-edd9e22c8f8e)</p> <p>Landsnet vísar því á bug að verið sé að halda því fram að Holtavörðuheildarlína 1 sé hönnuð fyrir hærri rekstrarspennu en 220 kV og að í framtíðinni megi reka hana sem 400 kV lína. Þessar vangaveltur hafa mögulega komið fram þar sem Holtavörðuheildarlína 1 er fyrsta 220 kV línan á Íslandi sem er ráðgerð með tvíleiðara (þekkt vel erlendis) en áður hafa allar línur á Íslandi með tvíleiðara (Búrfellslína 3, Sultartangalína 2, Sultartangalína 3 og Fljótsdalslínur 3&4) verið hannaðar og byggðar sem 400 kV línur þó þær séu enn reknar sem 220 kV línur. Það á ekki við rök að styðjast að Holtavörðuheildarlínu 1 megi síðar reka á 400 kV spennu og það hefur á engum tímamarki komið til skoðunar að geta rekið hana á hærri spennu. Holtavörðuheildarlína 1 er höfð með tvíleiðara til að ná meiri flutningsgetu með hóflegum kostnaði og minnka flutningstöp. Til staðfestingar á að Holtavörðuheildarlína 1 verði ekki rekin á 400 kV má nefna eftirfarandi atriði:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Umfang, hæð mastra og útlit Holtavörðuheildarlínu 1 og annarra nýlegra 220 kV lína hjá Landsneti sem hafa einleiðara (Kolviðarhólslínu 1, Hólasandslína 3, Kröflulína 3, Kröflulína 4 og Þeistareykjalína 1) og fyrirhugaðra lína sem hafa einleiðara og eru nú í undirbúningi (Suðurnesjalína 2 og Blöndulína 3) er það sama. • Þær línur sem hafa verið byggðar sem 400 kV línur á Íslandi hafa haft fasabil (fjarlægð milli aðliggjandi fasa) á bilinu 12,75 – 13,25 m en fasabil á Holtavörðuheildarlínu 1 er ráðgert ≈10,3 m, þ.e. sambærilegt við aðrar nýlegar 220 kV línur á Íslandi. • Hæðir mastra leyfa ekki að breyta línunni í 400 kV því þá þarf lengri einangra og aukna öryggisfjarlægð yfir jörðu. Kröfur um hæðir leiðara yfir jörðu verða því ekki uppfylltar við eðlilegan rekstur. <p>Innri fjarlægðir (þ.e. yfirsláttur frá leiðandi hluta yfir í jarðtengda hluta mastra) leyfir ekki að breyta HH1 í 400 kV því lengri einangrar og auknar fjarlægðarkröfur verða ekki uppfylltar í athugasemd er vísað til umfjöllunar í umhverfismatsskýrslur er varði eldivirkni í nálægð við Hallarmúla. Í kafla 9 í umhverfismatsskýrslu er fjallað erum grunnástand jarðmyndana á línuleiðum valkosta þ.m.t. BC1-Hallarmúlaleiðar. Fram kemur að á þeirri leið séu m.a. fjölmargar jarðminjar sem njóti verndar sbr. Ljósufjallakerfið sem afmarkast af eldfjöllum, gosstöðvum og bergsprungum sem ná austur í Þverárhlið. Í kafla um 21 um náttúruvá er ekki fjallað um hættu vegna eldivirkni á leið BC1.</p>



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
12.2	Póra Stefánsdóttir og Ólafur Davíðsson, Hvítárvöllum	14	Gróður	<p>Um jörðina Hvítárvelli</p> <p>Það svæði, sem áformað er að raflínan H1 liggi um, er lítt raskað og liggur norðan Hvítárvallavegar og er um 2.0 km² að stærð. Svæðið var upphaflega hluti jarðarinnar Heggstaða og nefnist Heggstaðanes, en var lagt til Hvítárvalla á 17 öld. Nes þetta er á síðari tímum kallað Hvítárvallakverk eða Kverkin. Líta ber til þess að þessi hluti jarðarinnar er mjög votlendur og stærri en 20,000 m² og nýtur því sérstakrar verndar samkvæmt lögum laga um náttúruvernd. Hér ber sérstaklega að hafa í huga að um samfelt 2,0 km² votlendi að ræða sem er þá up.b 100 falt stærra en það lágmark sem verndarákvæði laganna kveður á um. Heggstaðanes hefur því mjög hátt verndargildi að lögum.</p> <p>Í þessu sambandi vísast sérstaklega til X kafla 61. gr. a. liðar laga nr. 60/2013. Þar er kveðið á um að votlendi njóti sérstakrar verndar í samræmi við markmiðsákvæði laganna. Í lögnum er einnig lögð á sú skylda að forðast beri að raska slíkum vistkerfum og jafnframt skuli við leyfisumsókn líta til verndarákvæða laganna.</p> <p>Gróðurfar á svæðinu er fjölbreytt og er mikilvægi þess metið hátt. Samkvæmt gróðurkortu sem unnið var af Rannsóknarstofnun landbúnaðarins árið 1970 er þar m.a. að finna mýrarstör, klóffu og vetrarkvíðastör. Samkvæmt úttekt á vistgerðum og flóru á svæðinu sem unnin var fyrir Landsnet, sbr. viðauka 2, kemur fram að starungsmýravist er ríkjandi í votlendinu á Heggstaðanesi en brokflóavist sunnan við Hvítárvallaveg þótt báðar vistgerðirnar finnist beggja vegna Hvítárvallavegar. Þar er einnig nefndur Hríslói á Heggstaðanesinu ásamt því að þar er að finna tvo stóra fláka sem mynda tjarnastaraflóavist sem er áberandi í landinu.</p> <p>Hafa ber sérstaklega í huga að land á Heggstaðanesi er forblautt og slóðagerð (vegur 4,5 m að breidd) er því gríðarmikil framkvæmd sem kallar á mikla efnisflutninga og rask á umhverfi. Einnig verður mikið rask í svo blautu landi við gerð á undirstöðum og stögum fyrir möstur og uppsetningu þeirra. Þegar litið er til þess hvar finna megi námur í nágrenni kemur í ljós að námur í næsta nágrenni eru set námur (malarhjalli). Augljóst er að slóði/vegur sem lagður er á forblautu landi og þarf að bera þung tæki verður vart gerður með mól einni saman. Aðeins ein klapparnáma er tilgreind í viðauka 1, við Geirsá, en þar er að finna klöpp og set</p> <p>Af öllu framangreindu verður aðeins ráðið að verndargildi Heggstaðanes er mjög hátt. Þá er landið blautt og mjög viðkvæmt fyrir stórfelldum framkvæmdum við vegagerð ásamt stæðum fyrir möstur sem munu hafa mjög neikvæð umhverfisáhrif. Því ber að velja þann kost sem veldur minnstum umhverfisáhrifum við ákvörðun um legu raflínu á svæðinu.</p> <p>Ljóst er að þeir tveir kostir, þ.e. B5 og BC1, sem kynntir eru í matsskýrslu um legu H1 yfir Heggstaðanesið norðan Hvítárvallavegar munu hafa mikil og neikvæð umhverfisáhrif vegna þess hversu blautt landið er. Þá blasir við að framkvæmdasvæðið samkvæmt leið B5 er um þrefalt stærra en ef kostur BC1 er valinn. Þannig er lengd línunnar B5 frá Hvítárvallavegi um Heggstaðanes að Grímsá um 2.200 metrar meðan samsvarandi lengd línu BC1 er aðeins um 720 metrar. Þessu til viðbótar er bent á að raflína samkvæmt aðalvalkostum meðfram B og C er 1.2 km lengri en raflína samkvæmt valkosti BC1. Allt þetta ber að hafa í huga þegar áætlanir eru um framkvæmdir sem raska votlendigróðri og fuglalífi á svæðinu.</p> <p>Eigendur Hvítárvalla hafna því alfarið að valkostur B meðfram eldra línustæði</p>	Í umsögninni segir að valkostur BC1 sé vægasti kosturinn með tilliti til gróðurs. Eins og fram kemur í umhverfismatsskýrslu er verndargildi gróðurvistgerða mjög hátt við Heggstaði en í heildina er valkostur BC1 um Hallarmúla metin með talsvert neikvæð áhrif á gróður, eins og samanburðarleiðin BC1a. Áréttað er að niðurstaða um aðalvalkost grundvallast á fleiri þáttum en áhrif framkvæmdarinnar á gróður.



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
				Hrútatungulínu verði lagður til grundvallar við endanlega ákvörðun fyrirhugaðrar framkvæmdar á Heggstaðanesi. Við teljum okkur ekki heimilt að ganga til samninga um valkost sem hefur í för með sér gríðarlega óafturkræfa röskun og neikvæð umhverfisáhrif á landi sem hefur hátt verndargildi að lögum. Það á sérstaklega við þar sem annar og vægari valkostur, lína BC1, er fyrir hendi. Á þetta mun væntanlega reyna komi til þess að land undir framkvæmdina verði tekið eignarnámi.	
13.1	Þórður Brynjarsson, f.h. eigenda Sleggjulækjar		Mótmæli	Sá hluti línuleiðarinnar sem að ég vill tala um og gagnrýna, og í raun mótmæla harðlega er kaflinn þar sem að línan sveigir frá gömlu línunni (sem að hún fylgir þó nánast alstaðar) fyrir ofan Síðumúlaveggi. Þá á hún að liggja í gegnum jarðirnar Síðumúla, Sleggjulæk og síðan yfir þverá og í gegnum þverann Norðtunguskóg. Þessu eru landeigendur algerlega mótfallnir, og fynnst eðlilegast að nýja línan fylgi þeirri gömlu.	Landsnet hefur mótttekið mótmæli landeiganda. Þegar álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir tekur við annar kafli í undirbúningi framkvæmdarinnar, sem m.a. felur í sér frekara samtal við landeigendur, verhönnun línu og vegslóða. Þá þarf einnig að óska eftir breytingum á aðalskipulagi sveitarfélaganna sem línan fer um og í kjölfar þessara ferla óska framkvæmdaleyfa. Það er von Landsnets að í þeirri undirbúningsvinnu sem tekur við að loknu álit Skipulagsstofnunar, náist farsæl lausn um framkvæmdina.
13.2	Þórður Brynjarsson, f.h. eigenda Sleggjulækjar	6	Aðalvalkostur	Á kynningarfundi sem haldinn var á Hótel Hamri í Borgarnesi nýverið fengum við þau svör að þessi ákvörðun hefði verið tekin vegna niðurstaðna umhverfismats. Talin voru upp sú atriði sem að höfð eru til grundvallar í slíku mati, m.a. Sjónræn áhrif, áhrif á landbúnað, skógrækt og fornminjar. Að okkar áliti og margra annara í sveitinni stenst það enga skoðun, að þessi leið hafi verið valin fram yfir gömlu leiðina út frá þessum sjónarmiðum, enda verða sjónræn áhrif meiri, áhrif á landbúnað líklega þau sömu, þessi leið liggur beint yfir þekktar fornminjar á landamerkjum Guðnabakka og Sleggjulækjar, og áhrifin á skógrækt eru augljós, það þarf að ryðja miklum skógi burt til þess að fara þessa leið, en engum til að fara hina. Að halda því fram að sjónræn áhrif séu minni af því að hafa línur á tveimur stöðum í stað eins er í besta falli undarlegt, auk þess sem að línan mun standa á klettabrúnum og gnæfa yfir sveitinni verði þessi leið farin. Allt frá því að fyrst var komið að máli við okkur vegna þessa verkefnis hefur afstaða okkar verið skýr, við hittum fólkið sem kom að skoða línuleiðina og höfum mætt á flesta ef ekki alla þá fundi sem að haldnir hafa verið í Borgarnesi um málið.	Valkostur C2 er talinn hafa ívíð minni staðbundin áhrif en línuleið meðfram núverandi byggðalínu. Valkosturinn er fjær athafnasvæðum í landbúnaði og veldur minni röskun á ræktarlandi. Valkosturinn er metinn valda minni ásýndarbreytingum samanborið við valkost sem fylgi núverandi línuleið.



Nr.	Umsagnaraðili	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Landsnets
13.3	Pórður Brynjarsson, f.h. eigenda Sleggjulækjar	6	Aðalvalkostur	Allt frá upphafi hefur þessi krókur á gömlu línuleiðina verið boðaður, af engum skiljanlegum ástæðum né með trúlegum rökum. Hjá okkur vöknudu snemma grundsemdir um að eigandi Guðnabakka hefði í mætti fjármagns og tengsla einfaldlega bannað að farið yrði í gegnum hans jörð, og Landsnet síðan reynt að rökstyðja það m.a. Með umhverfismatsskýrslunni. Þetta viðurkenndi starfsmaður Landsnets hálf í hvoru fyrir okkur á áðurnefndum fundi, þó svo að aðrir starfsmenn hafi alltaf þrætt fyrir þetta. Í okkar huga er þetta eina líklega skýringin á þessum fátánlega útdúr. Á fundinum söknudum við þess líka, að enginn af þeim sem að unnu umhverfismatsskýrsluna var þar til að svara fyrir hana, þó svo að ákvörðunin sé sögð byggjast á henni. Þessu verður ekki unað.	Lagt var mat á nokkra línuleiðavalkosti á þessu svæði. Þeir valkostir komu snemma fram í undirbúningi umhverfismatsins og mótuðust út frá valkostavinnu, sem fólst í að leitað var eftir hugmyndum að valkostum frá verkefnaráði, landeigendum og almenningi. Sjá má niðurstöður þeirrar vinnu í valkostaskýrslu (SK Skýrsla). Þar má sjá rökstuðning fyrir ákvörðun um hverjar af þeim hugmyndum sem komu fram voru teknar áfram til mats í umhverfismatinu og hverjar ekki. Snemma í ferlinu var því ljóst að lagt yrði mat á nokkra valkosti á þessum hluta línuleiðarinnar og er niðurstaðan fyrir C2 sem hluta af aðalvalkosti rökstudd m.t.t. umhverfisáhrifa í umhverfismatsskýrslu. Í kafla 22.2.3 í umhverfismatsskýrslunni er settur fram samanburður á áhrifum valkosta á C-hluta línuleiðarinnar. Á mynd á bls 12 í samantekt umhverfismatsskýrslu er sýnt mat á vægi áhrifa á umhverfisþætti fyrir mismunandi valkosti m.a. á C hluta línunnar á . Benda má á að allir C valkostir fara um land Guðnabakka. Á fundi Landsnets í Borgarfirði var til staðar fólk á vegum Landsnets sem vann að umhverfismatsskýrslu Holtavörðuheiðarlínu 1a (bæði starfsfólk Landsnets og Verkís) sem tók þátt í að útskýra umhverfisáhrif og samanburð á metnum valkostum m.a. á C-hluta leiðarinnar.